

Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri

Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Sími 460-8900 Fax 460-8919

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.unak.is/rha>



Gildi og gagnsemi náms í HA

***Viðhorfskönnun meðal brautskráðra
nemenda 1989-2003***

Unnið fyrir:
Háskólann á Akureyri

HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR

Júlí 2005

Efnisyfirlit

| | |
|---|------------|
| 1. Inngangur | 12 |
| 2. Söfnun gagna | 13 |
| 2.1 Framkvæmd og heimtur | 13 |
| 2.2 Úrvinnsla..... | 15 |
| 3. Almennar upplýsingar | 17 |
| 3.1 Bakgrunnur svarenda..... | 17 |
| 3.2 Fjölskylduhagir svarenda | 19 |
| 4. Menntun fyrir háskólanám í HA | 23 |
| 4.1 Framhaldsskólanám | 23 |
| 4.2 Mat á undirbúningi fyrir háskólanám..... | 28 |
| 4.3 Samantekt..... | 34 |
| 5. Háskólanámið..... | 35 |
| 5.1 Námsgráða við HA..... | 35 |
| 5.2 Annað háskólanám | 39 |
| 5.3 Vinna samhliða náminu við HA | 41 |
| 5.4 Áherslur í náminu við HA..... | 46 |
| 5.5 Ánægja með námið við HA..... | 51 |
| 5.6 Námsárangur við HA | 66 |
| 5.7 Viðmót starfsfólks HA..... | 71 |
| 5.8 Samantekt..... | 76 |
| 6. Atvinnuleit og starfsreynsla..... | 78 |
| 6.1 Atvinnuleitin..... | 78 |
| 6.2 Aðferðir við atvinnuleitina..... | 85 |
| 6.3 Samantekt..... | 93 |
| 7. Núverandi atvinna | 94 |
| 7.1 Vinnuveitandinn | 94 |
| 7.2 Eðli starfs og vinnutími | 103 |
| 7.3 Tekjur..... | 112 |
| 7.4 Störf á erlendum vettvangi..... | 115 |
| 7.5 Samantekt..... | 118 |
| 8. Færni og þekking..... | 119 |
| 8.1 Almenn færni og þekking | 119 |
| 8.2 Tölvukunnátta | 134 |
| 8.3 Samantekt..... | 139 |
| 9. Tengsl náms í HA og atvinna | 140 |
| 9.1 Tengsl náms og starfs | 140 |
| 9.2 Væntingar um eiginleika starfs | 147 |
| 9.3 Símenntun..... | 166 |
| 9.4 Samantekt..... | 171 |
| 10. Lokaorð | 173 |

Myndaskrá:

| | |
|---|----|
| Mynd 1. Svarhlutfall..... | 14 |
| Mynd 2. Aldur einstaklinga í könnuninni..... | 17 |
| Mynd 3. Búseta einstaklinga í könnuninni..... | 18 |
| Mynd 4. Búseta og vinnustaður..... | 19 |
| Mynd 5. Fjölskylduhagir einstaklinga..... | 20 |
| Mynd 6. Eru börn á heimili þínu?..... | 20 |
| Mynd 7. Menntun foreldra og maka einstaklinga..... | 21 |
| Mynd 8. Aðalstarf maka einstaklinga..... | 21 |
| Mynd 9. Ástæður þess að maki einstaklinga sé ekki á vinnumarkaði..... | 22 |
| Mynd 10. Hlutfall þeirra sem luku ekki framhaldsskóla..... | 23 |
| Mynd 11. Hvað gerðir þú áður en háskólanám þitt hófst?..... | 24 |
| Mynd 12. Hlutfall þeirra sem fóru beint í HA eftir framhaldsskóla, greint eftir kynferði..... | 24 |
| Mynd 13. Hlutfall þeirra sem fóru beint í HA eftir framhaldsskóla, greint eftir háskóladeild..... | 25 |
| Mynd 14. Framhaldsskólar sem brautskráðir nemendur frá HA stunduðu nám við..... | 26 |
| Mynd 15. Námsbraut í framhaldsskóla sem brautskráðir nemendur frá HA stunduðu nám við..... | 27 |
| Mynd 16. Mat á einkunnum á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi..... | 29 |
| Mynd 17. Mat á einkunnum á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi, greint eftir framhaldsskólum..... | 29 |
| Mynd 18. Mat á einkunnum á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi, greint eftir kyni..... | 30 |
| Mynd 19. Mat á einkunnum á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi, greint eftir háskóladeild..... | 30 |
| Mynd 20. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám..... | 31 |
| Mynd 21. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir kyni..... | 31 |
| Mynd 22. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir háskóladeild..... | 32 |
| Mynd 23. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir því hvort viðkomandi lauk framhaldsskóla eða ekki..... | 32 |
| Mynd 24. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir því hvort viðkomandi fór beint í háskólanám úr framhaldsskóla eða ekki..... | 33 |
| Mynd 25. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir framhaldsskóla..... | 33 |
| Mynd 26. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir mati á einkunn á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi..... | 34 |
| Mynd 27. Námsgráða sem viðkomandi lauk frá HA síðast..... | 36 |
| Mynd 28. Námsgráða sem viðkomandi lauk frá HA síðast, greint eftir kynferði..... | 36 |
| Mynd 29. Hlutfall þeirra sem luku námi á tilskildum tíma..... | 37 |
| Mynd 30. Hlutfall þeirra sem luku námi á tilskildum tíma, greint eftir kyni..... | 37 |
| Mynd 31. Hlutfall þeirra sem luku námi á tilskildum tíma, greint eftir háskóladeild..... | 37 |
| Mynd 32. Laukstu því námi frá HA sem þú hefur helst kosið?..... | 38 |
| Mynd 33. Hvort skiptir þig meira máli að hafa lokið háskólamenntun yfirleitt eða hafa lokið nákvæmlega þeirri gráðu sem þú laukst?..... | 38 |

| | |
|--|----|
| Mynd 34. Hvort skiptir þig meira máli að hafa lokið háskólamenntun yfirleitt eða hafa lokið nákvæmlega þeirri gráðu sem þú laukst, greint eftir kyni..... | 39 |
| Mynd 35. Hvort skiptir þig meira máli að hafa lokið háskólamenntun yfirleitt eða hafa lokið nákvæmlega þeirri gráðu sem þú laukst, greint eftir háskóladeild. | 39 |
| Mynd 36. Hefur þú stundað annað háskólanám en það sem þú laukst síðast?..... | 40 |
| Mynd 37. Nám við aðra Háskóla en síðast var brautskráðs frá..... | 40 |
| Mynd 38. Hefur þú hug á að fara í frekara nám í framtíðinni?..... | 40 |
| Mynd 39. Hefur þú hug á að fara í frekara nám í framtíðinni, greint eftir kyni. | 41 |
| Mynd 40. Hefur þú hug á að fara í frekara nám í framtíðinni, greint eftir háskóladeild..... | 41 |
| Mynd 41. Stundaðir þú atvinnu á námstímanum í HA?..... | 42 |
| Mynd 42. Stundaðir þú atvinnu á námstímanum í HA, greint eftir kyni..... | 42 |
| Mynd 43. Stundaðir þú atvinnu á námstímanum í HA, greint eftir háskóladeild. | 42 |
| Mynd 44. Hversu hátt var starfshlutfall þitt á mánuði að jafnaði?..... | 44 |
| Mynd 45. Hversu hátt var starfshlutfall þitt á mánuði að jafnaði, greint eftir kyni..... | 44 |
| Mynd 46. Hversu hátt var starfshlutfall þitt á mánuði að jafnaði, greint eftir háskóladeild. | 45 |
| Mynd 47. Í hve miklu mæli tengdist starfið innihaldi námsins? | 45 |
| Mynd 48. Í hve miklu mæli tengdist starfið innihaldi námsins, greint eftir kyni..... | 46 |
| Mynd 49. Í hve miklu mæli tengdist starfið innihaldi námsins, greint eftir háskóladeild..... | 46 |
| Mynd 50. Ertu ánægðari eða óánægðari með námið nú en þegar þú útskrifaðist? | 58 |
| Mynd 51. Ertu ánægðari eða óánægðari með námið nú en þegar þú útskrifaðist, greint eftir kyni..... | 59 |
| Mynd 52. Ertu ánægðari eða óánægðari með námið nú en þegar þú útskrifaðist, greint eftir háskóladeild. | 59 |
| Mynd 53. Ef þú værir að ljúka námi í framahaldsskóla nú, hvað myndir þú velja? | 61 |
| Mynd 54. Líklegt eða ólíklegt að velja nám í HA, greint eftir kyni..... | 62 |
| Mynd 55. Líklegt eða ólíklegt að velja nám í HA, greint eftir háskóladeild. | 62 |
| Mynd 56. Líklegt eða ólíklegt að velja nám í sömu námsgrein, greint eftir kyni. | 63 |
| Mynd 57. Líklegt eða ólíklegt að velja nám í sömu námsgrein, greint eftir háskóladeild..... | 63 |
| Mynd 58. Líklegt eða ólíklegt að velja lengra háskólanám, greint eftir kyni. | 64 |
| Mynd 59. Líklegt eða ólíklegt að velja lengra háskólanám, greint eftir háskóladeild..... | 64 |
| Mynd 60. Líklegt eða ólíklegt að velja styttra háskólanám, greint eftir kyni..... | 65 |
| Mynd 61. Líklegt eða ólíklegt að velja styttra háskólanám, greint eftir háskóladeild. | 65 |
| Mynd 62. Líklegt eða ólíklegt að velja að fara ekki í háskóla, greint eftir kyni..... | 66 |
| Mynd 63. Líklegt eða ólíklegt að velja að fara ekki í háskóla, greint eftir háskóladeild..... | 66 |
| Mynd 64. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast?..... | 67 |
| Mynd 65. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir kyni. | 67 |
| Mynd 66. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir háskóladeild..... | 68 |
| Mynd 67. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir því hvort viðkomandi lauk framhaldsskóla eða ekki..... | 68 |

| | |
|---|----|
| Mynd 68. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir mati á einkunn á stúdentsprófi..... | 69 |
| Mynd 69. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir mati á undirbúningi fyrir háskólanám..... | 69 |
| Mynd 70. Stundaðir þú atvinnu samhliða námi, greint eftir námsárangri..... | 70 |
| Mynd 71. Þegar á heildina er litið hversu góð eða slæm áhrif hafði atvinnan á námsárangur þinn?..... | 70 |
| Mynd 72. Þegar á heildina er litið hversu góð eða slæm áhrif hafði atvinnan á námsárangur þinn, greint eftir kyni..... | 71 |
| Mynd 73. Þegar á heildina er litið hversu góð eða slæm áhrif hafði atvinnan á námsárangur þinn, greint eftir háskóladeild..... | 71 |
| Mynd 74. Þegar á heildina er litið hversu gott eða slæmt telur þú að viðmót starfsmanna HA hafi verið gagnvar nemendum?..... | 72 |
| Mynd 75. Áttirðu samskipti við starfsfólkið?..... | 73 |
| Mynd 76. Viðmót kennara gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild..... | 73 |
| Mynd 77. Viðmót námsráðgjafa gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild..... | 74 |
| Mynd 78. Viðmót starfsfólks deildarskrifstofu gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild..... | 74 |
| Mynd 79. Viðmót starfsfólks í afgreiðslu gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild..... | 75 |
| Mynd 80. Viðmót starfsfólks á bókasafni gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild..... | 75 |
| Mynd 81. Viðmót starfsfólks í tölvuþjónustu gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild..... | 76 |
| Mynd 82. Viðmót annars starfsfólks gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild..... | 76 |
| Mynd 83. Hefur þú þurft að leita þér að atvinnu síðan þú laukst námi?..... | 78 |
| Mynd 84. Hefur þú þurft að leita þér að atvinnu síðan þú laukst námi, greint eftir kyni..... | 78 |
| Mynd 85. Hefur þú þurft að leita þér að atvinnu síðan þú laukst námi, greint eftir háskóladeild..... | 79 |
| Mynd 86. Af hverju þurftir þú ekki að leita þér að atvinnu?..... | 79 |
| Mynd 87. Hvenær hófst þú atvinnuleit í tengslum við námslok þín?..... | 80 |
| Mynd 88. Hvenær hófst þú atvinnuleit í tengslum við námslok þín, greint eftir kyni..... | 81 |
| Mynd 89. Hvenær hófst þú atvinnuleit í tengslum við námslok þín, greint eftir háskóladeild..... | 81 |
| Mynd 90. Hversu marga vinnuveitendur hafðir þú samband við áður en þú fékkst fyrsta starfið eftir námslok?..... | 83 |
| Mynd 91. Hversu marga mánuði tók það þig að fá fyrsta starfið eftir útskrift?..... | 83 |
| Mynd 92. Hvað hefur þú helst fengist við síðan þú laukst námi frá HA?..... | 84 |
| Mynd 93. Hvaða aðferð notaðir þú þegar þú leitaðir að fyrsta starfinu eftir að þú laukst námi?..... | 86 |
| Mynd 94. Hvaða aðferð fannst þér áhrifaríkust við að fá fyrsta starfið eftir námslok?..... | 89 |
| Mynd 95. Hversu mikilvæg telur þú þessa þætti hafa verið fyrir vinnuveitanda þinn þegar hann réð þig í fyrsta starfið að námi loknu?..... | 90 |
| Mynd 96. Ert þú í launaðri vinnu þessa dagana?..... | 94 |
| Mynd 97. Ert þú í launaðri vinnu þessa dagana, greint eftir kyni..... | 94 |
| Mynd 98. Ert þú í launaðri vinnu þessa dagana, greint eftir háskóladeild..... | 95 |

| | |
|---|-----|
| Mynd 99. Af hverju ertu ekki í vinnu þessa dagana?..... | 95 |
| Mynd 100. Hvernig flokkast núverandi vinnuveitandi þinn?..... | 96 |
| Mynd 101. Hvernig flokkast núverandi vinnuveitandi þinn, greint eftir kyni..... | 96 |
| Mynd 102. Hvernig flokkast núverandi vinnuveitandi þinn, greint eftir háskóladeild. | 97 |
| Mynd 103. Hvað þættir eiga við um þinn eigin rekstur?..... | 98 |
| Mynd 104. Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá?..... | 98 |
| Mynd 105. Hjá hve mörgum vinnuveitendum hefur þú starfað síðan þú laukst námi?..... | 100 |
| Mynd 106. Hjá hve mörgum vinnuveitendum hefur þú starfað síðan þú laukst námi, greint eftir kyni..... | 101 |
| Mynd 107. Hjá hve mörgum vinnuveitendum hefur þú starfað síðan þú laukst námi, greint eftir háskóladeild..... | 102 |
| Mynd 108. Hvers eðlis er starf þitt?..... | 103 |
| Mynd 109. Við hvað starfar þú aðallega um þessar mundir?..... | 104 |
| Mynd 110. Hefur þú verið í útlöndum á síðustu 12 mánuðum vegna starfs þíns?..... | 104 |
| Mynd 111. Hefur þú verið í útlöndum á síðustu 12 mánuðum vegna starfs þíns, greint eftir kyni..... | 105 |
| Mynd 112. Hefur þú verið í útlöndum á síðustu 12 mánuðum vegna starfs þíns, greint eftir háskóladeild. | 105 |
| Mynd 113. Hversu oft þarftu að nota erlent tungumál í þínu starfi að jafnaði?..... | 106 |
| Mynd 114. Hversu oft þarftu að nota erlent tungumál í þínu starfi að jafnaði, greint eftir kyni..... | 106 |
| Mynd 115. Hversu oft þarftu að nota erlent tungumál í þínu starfi að jafnaði, greint eftir háskóladeild... | 107 |
| Mynd 116. Hversu marga dagvinnutíma vinnur þú á viku?..... | 107 |
| Mynd 117. Hversu marga dagvinnutíma vinnur þú á viku, greint eftir kyni..... | 108 |
| Mynd 118. Hversu marga dagvinnutíma vinnur þú á viku, greint eftir háskóladeild..... | 108 |
| Mynd 119. Hversu marga yfirvinnutíma vinnur þú á viku?..... | 109 |
| Mynd 120. Hversu marga yfirvinnutíma vinnur þú á viku, greint eftir kyni..... | 110 |
| Mynd 121. Hversu marga yfirvinnutíma vinnur þú á viku, greint eftir háskóladeild..... | 110 |
| Mynd 122. Hver var meðalfjöldi vinnutíma við önnur verkefni?..... | 111 |
| Mynd 123. Hverjar voru heildatekjur þínar í síðasta mánuði fyrir skatt?..... | 113 |
| Mynd 124. Hverjar voru heildatekjur þínar í síðasta mánuði fyrir skatt, greint eftir kyni..... | 113 |
| Mynd 125. Meðaltekjur eftir kyni og háskóladeild..... | 114 |
| Mynd 126. Á eitthvað af þessum valkostum við þig?..... | 116 |
| Mynd 127. Algengustu lönd við brautskráðir nemendur hafa starfað í..... | 118 |
| Mynd 128. Er þessi þekking og hæfni mikilvæg í starfi þínu?..... | 128 |
| Mynd 129. Mikilvægi yfirgripsmikillar þekkingar á öðrum löndum í starfi mínu, greint eftir kyni og háskóladeild..... | 128 |
| Mynd 130. Mikilvægi þekkingar og skilningur á ólíkri menningu og lífsstíl annarra þjóða í starfi mínu, greint eftir kyni og háskóladeild..... | 129 |
| Mynd 131. Mikilvægi í starfi mínu að geta unnið með fólki sem hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn, greint eftir kyni og háskóladeild..... | 130 |

| | |
|---|-----|
| Mynd 132. Mikilvægi í starfi mínu að geta átt samskipti á erlendum tungumálum, greint eftir kyni og háskóladeild..... | 130 |
| Mynd 133. Hversu vel hefur háskólamenntun þín nýst þér í ýmis verkefni?..... | 132 |
| Mynd 134. Hversu vel háskólamenntun mín hefur búið mig undir verkefni í því starfi sem ég sinni um þessar mundir, greint eftir kyni og háskóladeild. | 132 |
| Mynd 135. Hversu vel hefur háskólamenntun mín búið mig undir verkefni á öðrum sviðum í lífinu, greint eftir kyni og háskóladeild. | 133 |
| Mynd 136. Hver var færni í notkun helstu tölvuforrita eins og hún var þegar þú útskrifaðist síðast?..... | 135 |
| Mynd 137. Í hve miklum mæli er krafist færni í ýmsum forritum í starfi þínu nú?..... | 137 |
| Mynd 138. Að hvaða marki hentar menntunarstig þitt núverandi starfi þínu?..... | 140 |
| Mynd 139. Að hvaða marki hentar menntunarstig þitt núverandi starfi þínu, greint eftir kyni..... | 141 |
| Mynd 140. Að hvaða marki hentar menntunarstig þitt núverandi starfi þínu, greint eftir háskóladeild..... | 141 |
| Mynd 141. Þegar á heildina er litið í hve miklum mæli notar þú í starfi þínu þá þekkingu/færni sem þú öðlaðist í námi?..... | 142 |
| Mynd 142. Mat á í hversu miklu mæli þekking og færni sem ávannst í námi er notuð í starfi, greint eftir kyni..... | 143 |
| Mynd 143. Mat á í hversu miklu mæli þekking og færni sem ávannst í námi er notuð í starfi, greint eftir háskóladeild..... | 143 |
| Mynd 144. Finnst þér starf þitt tengjast menntun þinni?..... | 145 |
| Mynd 145. Ef menntun þín tengist ekki starfi þínu, hvers vegna valdir þú það?..... | 146 |
| Mynd 146. Þegar á heildina er litið hvernig mætir starf þitt þeim væntingum sem þú hafðir þegar þú hófst háskólanám þitt?..... | 148 |
| Mynd 147. Þegar á heildina er litið hvernig mætir starf þitt þeim væntingum sem þú hafðir þegar þú hófst háskólanám þitt, greint eftir kyni..... | 148 |
| Mynd 148. Þegar á heildina er litið hvernig mætir starf þitt þeim væntingum sem þú hafðir þegar þú hófst háskólanám þitt, greint eftir háskóladeild..... | 149 |
| Mynd 149. Þegar á heildina er litið, hversu ánægður ert þú með stöðu þína á vinnumarkaði?..... | 149 |
| Mynd 150. Þegar á heildina er litið, hversu ánægður ert þú með stöðu þína á vinnumarkaði, greint eftir kyni..... | 150 |
| Mynd 151. Þegar á heildina er litið, hversu ánægður ert þú með stöðu þína á vinnumarkaði, greint eftir háskóladeild..... | 150 |
| Mynd 152. Mikilvægi ákveðinna gilda þegar svarandi útskrifaðist síðast..... | 152 |
| Mynd 153. Mikilvægi ákveðinna gilda eru svaranda núna..... | 152 |
| Mynd 154. Hversu mikilvæg er þér staða í þjóðfélaginu, greint eftir kyni..... | 153 |
| Mynd 155. Hversu mikilvæg er þér staða í þjóðfélaginu, greint eftir háskóladeild..... | 153 |
| Mynd 156. Hversu mikilvægur er þér persónulegur þroski, greint eftir kyni..... | 154 |
| Mynd 157. Hversu mikilvægur er þér persónulegur þroski, greint eftir háskóladeild..... | 154 |
| Mynd 158. Hversu mikilvægt er þér fjölbreytt félagslíf, greint eftir kyni..... | 155 |

| | |
|--|-----|
| Mynd 159. Hversu mikilvægt er þér fjölbreytt félagslíf, greint eftir háskóladeild..... | 156 |
| Mynd 160. Hversu mikilvægt er þér heimili eða fjölskylda, greint eftir kyni..... | 156 |
| Mynd 161. Hversu mikilvægt er þér heimili eða fjölskylda, greint eftir háskóladeild..... | 157 |
| Mynd 162. Hversu mikilvægar eru þér góðar tekjur, greint eftir kyni..... | 157 |
| Mynd 163. Hversu mikilvægar eru þér góðar tekjur, greint eftir háskóladeild..... | 158 |
| Mynd 164. Hversu mikilvæg er þér ástundun fræða og rannsókna, greint eftir kyni..... | 159 |
| Mynd 165. Hversu mikilvæg er þér ástundun fræða og rannsókna, greint eftir háskóladeild..... | 159 |
| Mynd 166. Hversu mikilvæg er þér atvinna, greint eftir kyni..... | 160 |
| Mynd 167. Hversu mikilvæg er þér atvinna, greint eftir háskóladeild..... | 161 |
| Mynd 168. Hversu mikilvægir eiginleikar starfs eru svaranda..... | 162 |
| Mynd 169. Að hve miklu leyti mikilvægi eiginleikar starfs eiga við starf svarenda núna..... | 163 |
| Mynd 170. Hefur þú sótt endurmenntunarnámskeið?..... | 167 |
| Mynd 171. Hefur þú sótt endurmenntunarnámskeið, greint eftir kyni..... | 167 |
| Mynd 172. Hefur þú sótt endurmenntunarnámskeið, greint eftir háskóladeild..... | 167 |
| Mynd 173. Hversu mörg endurmenntunarnámskeið hefur þú sótt?..... | 168 |
| Mynd 174. Hver var aðalástæða þess að þú sóttir endurmenntunarnámskeið?..... | 169 |
| Mynd 175. Í hve miklu mæli hefur endurmenntun gagnast eða nýst þér?..... | 170 |

Töfluskrá:

| | |
|---|----|
| Tafla 1. Samanburður á þýði og svarhlutfalli eftir kynferði og háskóladeild..... | 15 |
| Tafla 2. Meðalaldur brautskráðra nemenda | 18 |
| Tafla 3. Meðalfjöldi ára sem leið milli framhaldsskóla og háskóla | 25 |
| Tafla 4. Námsbrautir í framhaldsskóla og námsbrautir við HA | 28 |
| Tafla 5. Stundaðir þú atvinnu með námi þínu við HA? | 43 |
| Tafla 6. Mat á áherslupáttum í námi, greint eftir kyni. | 47 |
| Tafla 7. Mat á áherslupáttum í námi, greint eftir háskóladeild. | 48 |
| Tafla 8. Sjálfstæði í námi, greint eftir kyni. | 48 |
| Tafla 9. Sjálfstæði í námi, greint eftir háskóladeild. | 49 |
| Tafla 10. Skipulag náms, greint eftir kyni. | 49 |
| Tafla 11. Skipulag náms, greint eftir háskóladeild. | 50 |
| Tafla 12. Fræðilegur hluti náms, greint eftir kyni. | 51 |
| Tafla 13. Fræðilegur hluti náms, greint eftir háskóladeild. | 51 |
| Tafla 14. Mat á þáttum í námi, greint eftir kyni. | 53 |
| Tafla 15. Mat á þáttum, greint eftir háskóladeild. | 53 |
| Tafla 16. Gæði náms, greint eftir kyni. | 54 |
| Tafla 17. Gæði náms, greint eftir háskóladeild. | 54 |
| Tafla 18. Aðstaða til náms, greint eftir kyni. | 55 |
| Tafla 19. Aðstaða til náms, greint eftir háskóladeild. | 55 |
| Tafla 20. Reynsla og starfsnám, greint eftir kyni. | 56 |
| Tafla 21. Reynsla og starfsnám, greint eftir háskóladeild. | 56 |
| Tafla 22. Ráðgjöf eða handleiðsla kennara, greint eftir kyni. | 57 |
| Tafla 23. Ráðgjöf eða handleiðsla kennara, greint eftir háskóladeild. | 58 |
| Tafla 24. Ertu ánægðari eða óánægðari með námið nú en þegar þú útskrifaðist, greint eftir útskriftarári.60 | |
| Tafla 25. Meðalskor varðandi hversu líklegt eða ólíklegt að það sama yrði fyrir valinu, greint eftir útskriftarárgöngum. | 61 |
| Tafla 26. Af hverju þurftir þú ekki að leita að atvinnu, greint eftir kyni og háskóladeild. | 80 |
| Tafla 27. Hve mörgum mánuðum fyrir útskrift hófst þú atvinnuleit, greint eftir háskóladeild. | 82 |
| Tafla 28. Hve mörgum mánuðum fyrir útskrift hófst þú atvinnuleit, greint eftir háskóladeild. | 82 |
| Tafla 29. Hvað hefur þú helst fengist við síðan þú laukst námi í HA, greint eftir kyni. | 84 |
| Tafla 30. Hvað hefur þú helst fengist við síðan þú laukst námi í HA, greint eftir háskóladeild. | 85 |
| Tafla 31. Hvaða aðferð notaðir þú þegar þú leitaðir að fyrsta starfinu eftir að þú laukst námi, greint eftir kyni. | 87 |
| Tafla 32. Hvaða aðferð notaðir þú þegar þú leitaðir að fyrsta starfinu eftir að þú laukst námi, greint eftir háskóladeild. | 88 |
| Tafla 33. Hversu mikilvæg telur þú þessa þætti hafa verið fyrir vinnuveitanda þinn þegar hann réð þig í fyrsta starfið að námi loknu, greint eftir kyni. | 91 |

| | |
|---|-----|
| Tafla 34. Hversu mikilvæg telur þú þessa þætti hafa verið fyrir vinnuveitanda þinn þegar hann réð þig í fyrsta starfið að námi loknu, greint eftir háskóladeild. | 92 |
| Tafla 35. Hversu mikilvæg telur þú þessa þætti hafa verið fyrir vinnuveitanda þinn þegar hann réð þig í fyrsta starfið að námi loknu, greint eftir útskriftarárgöngum. | 92 |
| Tafla 36. Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá, greint eftir kyni. | 99 |
| Tafla 37. Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá, greint eftir háskóladeild. | 100 |
| Tafla 38. Fjöldi vinnuveitanda sem viðkomandi hefur starfað hjá skipt eftir útskriftarári. | 102 |
| Tafla 39. Meðaltal vinnutíma skipt eftir kynferði og háskóladeild. | 111 |
| Tafla 40. Meðaltal vinnutíma skipt eftir útskriftarári. | 112 |
| Tafla 41. Hverjar voru heildartekjur þínar í síðast mánuði fyrir skatt, greint eftir háskóladeild. | 114 |
| Tafla 42. Hverjar voru heildartekjur þínar í síðast mánuði fyrir skatt, greint eftir útskriftarári. | 115 |
| Tafla 43. Á eitthvað af valkostum við um þig, greint eftir kyni. | 116 |
| Tafla 44. Á eitthvað af valkostum við þig, greint eftir háskóladeild. | 117 |
| Tafla 45. Í hve mörgum löndum hefur þú unnið?..... | 117 |
| Tafla 46. Færni og þekking við útskrift og í starfi, greint eftir kyni. | 120 |
| Tafla 47. Færni og þekking við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild. | 121 |
| Tafla 48. Frumkvæði í starfi við útskrift og í starfi, greint eftir kyni. | 121 |
| Tafla 49. Frumkvæði í starfi við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild. | 122 |
| Tafla 50. Gæði menntunar við útskrift og í starfi, greint eftir kyni. | 123 |
| Tafla 51. Gæði menntunar við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild. | 124 |
| Tafla 52. Skipulag eða sjálfsagi við útskrift og í starfi, greint eftir kyni. | 125 |
| Tafla 53. Skipulag eða sjálfsagi við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild. | 125 |
| Tafla 54. Hæfni í rekstri við útskrift og í starfi, greint eftir kyni. | 126 |
| Tafla 55. Hæfni í rekstri við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild. | 127 |
| Tafla 56. Er þessi þekking og hæfni mikilvæg í starfi þínu, greint eftir útskriftarári. | 131 |
| Tafla 57. Hversu vel hefur háskólamenntun mín búið mig undir verkefni í starfi sem öðrum sviðum í lífi, greint eftir útskriftarári. | 134 |
| Tafla 58. Hver var færni í notkun helstu tölvuforrita eins og hún var þegar þú útskrifaðist síðast, greint eftir kyni. | 135 |
| Tafla 59. Hver var færni í notkun helstu tölvuforrita eins og hún var þegar þú útskrifaðist síðast, greint eftir háskóladeild. | 136 |
| Tafla 60. Hver var færni í notkun helstu tölvuforrita eins og hún var þegar þú útskrifaðist síðast, greint eftir útskriftarári. | 136 |
| Tafla 61. Í hve miklum mæli er krafist færni í ýmsum forritum í starfi þínu nú greint eftir kyni. | 137 |
| Tafla 62. Í hve miklum mæli er krafist færni í ýmsum forritum í starfi þínu nú, greint eftir háskóladeild. | 138 |
| Tafla 63. Í hve miklum mæli er krafist færni í ýmsum forritum í starfi þínu nú, greint eftir útskriftarári. | 139 |
| Tafla 64. Að hvaða marki hentar menntunarstig þitt núverandi starfi þínu, greint eftir útskriftarári. | 142 |
| Tafla 65. Mat á í hversu miklu mæli þekking og færni sem ávannst í námi er notuð í starfi, greint eftir útskriftarári. | 144 |

| | |
|--|------------|
| <i>Tafla 66. Ef menntun þín tengist ekki starfi þínu, hvers vegna valdir þú það, greint eftir kyni.....</i> | <i>146</i> |
| <i>Tafla 67. Ef menntun þín tengist ekki starfi þínu, hvers vegna valdir þú það, greint eftir háskóladeild....</i> | <i>147</i> |
| <i>Tafla 68. Þegar á heildina er litið, hversu ánægður ert þú með stöðu þína á vinnumarkaði, greint eftir útskriftarári.....</i> | <i>151</i> |
| <i>Tafla 69. Hversu mikilvægir eiginleikar starfs eru svaranda, greint eftir kyni.....</i> | <i>165</i> |
| <i>Tafla 70. Hversu mikilvægir eiginleikar starfs eru svaranda, greint eftir háskóladeild.....</i> | <i>166</i> |
| <i>Tafla 71. Hver var aðalástæða þess að þú sóttir endurmenntunarnámskeið, greint eftir kyni.....</i> | <i>169</i> |
| <i>Tafla 72. Hver var helsta ástæða þess að þú sóttir endurmenntunarnámskeið, greint eftir háskóladeild.....</i> | <i>170</i> |
| <i>Tafla 73. Í hvaða mæli hefur endurmenntun gagnast þér, greint eftir kyni.....</i> | <i>171</i> |
| <i>Tafla 74. Í hvaða mæli hefur endurmenntun gagnast þér, greint eftir háskóladeild.....</i> | <i>171</i> |

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var vorið 2005 meðal nemenda sem brautskráðust frá Háskólanum á Akureyri á árunum 1989 til 2003. Henni er ætlað að draga upp heilstæða mynd af viðhorfi nemenda til gildis og gagnsemi náms síns við Háskólann á Akureyri.

Um árabíl hefur það verið markmið Háskólans á Akureyri að bjóða kennslu og sinna rannsóknum sem tengjast náið atvinnulífi þjóðarinnar og stuðla að framþróun þess. Háskólinn vill búa nemendur af kostgæfni undir fjölbreytt störf í alþjóðlegu þekkingarsamfélagi, í sátt við umhverfi sitt og með vakandi auga fyrir þeim kostum sem hvert landssvæði býður upp á. Háskólinn vill auk þess ljá nemendum sínum trausta heimanfylgju til símenntunar og framhaldsnáms á fræðasviðum sínum.

Þetta er í þriðja sinn sem gerð er könnun meðal brautskráðra nemenda við Háskólann á Akureyri auk þess sem gerðar hafa verið þrjár kannanir meðal nýnema við skólann.

Rannsóknin var gerð að tilhlutan rektors Háskólans á Akureyri, Þorsteins Gunnarssonar og er hún liður í stofnanaúttekt HA. Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri annaðist framkvæmd könnunarinnar og af hálfu hennar bar Hjördís Sigursteinsdóttir, sérfræðingur ábyrgð á henni. Af hálfu Háskólans á Akureyri komu Sigrún Magnúsdóttir, forstöðumaður upplýsinga- og gæðastjórnunarsviðs, Laufey Petrea Magnúsdóttir, forstöðumaður kennslusviðs og Jóna Jónsdóttir, forstöðumaður samskiptamiðstöðvar að framkvæmdinni. Höfundur skýrslunnar er Hjördís Sigursteinsdóttir, rekstrar- og stjórnfræðingur.

2. Söfnun gagna

Markmiðið með þessari rannsókn var að afla upplýsinga varðandi undirbúning brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Akureyri fyrir námið hér í háskólanum, hvernig námið sjálft reyndist, hver umskiptin voru frá námi til starfs og hvernig námið hefur gagnast nemendum í starfi og öðrum verkefnum sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur í lífinu. Tilgangurinn er að leitast við að hámarka gildi og gagnsemi náms við HA með því að læra af reynslu fyrrverandi nemenda þannig að góður skóli megi verða enn betri.


Spurningalistinn var fenginn hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Starfsmenn stofnunarinnar þýddu listann og staðfærðu fyrir Ísland en sambærilegur spurningalisti hefur verið lagður fyrir í fjölmörgum löndum Evrópusambandsins sem hluti af verkefninu „Higher Education and Graduate Employment in Europe“¹

2.1 Framkvæmd og heimtur

Könnunin náði til allra nemenda sem brautskráðust frá Háskólanum á Akureyri á árunum 1989 til 2003 og búsettir voru á Íslandi í febrúar 2005. Gildir einu hvort nemendur hafi stundað dagskóla, fjarnám eða sótt staðbundnar kennslulotur. Undanskyldir voru þó þeir sem voru í námi við HA í vetur sem leið. Á viðmiðunarárunum brautskráðust 1171 kandídat frá HA. Nokkuð er um að einstaklingar hafi brautskráðst oftast en einu sinni frá HA, sérstaklega nemendur úr viðskiptadeild og úr kennsluréttindanámi við kennaradeild. Endanlegur fjöldi sem könnunin náði til var 955 manns, þar af fannst ekki heimilisfang á 5 manns.

Spurningalistinn var sendur í pósti til 950 manns ásamt bréfi frá rektor HA, Þorsteini Gunnarssyni, þar sem hann hvatti alla til þess að leggja hönd á plóginn og svara könnuninni samviskusamlega. Tvisvar sinnum var send ítrekun til þeirra sem ekki höfðu svarað og í seinna skiptið var annað eintak af spurningalistanum sent með. Afraksturinn var 502 svör sem samsvarar 52,8% svarhlutfalli. Það þykir mjög gott í útsendri könnun sem þessari.

¹ Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Gildi og gagnsemi náms í Háskóla Íslands, 2004.



Mynd 1. Svarhlutfall

Í gegnum tíðina hafa mun fleiri konur en karlar útskrifast frá HA. Þetta ójafna kynjahlutfall má helst rekja til þess námsframboðs sem í boði er við skólann. Kennaradeildin² er langstærsta deildin innan skólans og skiptist sú deild í grunnskóladeild, leikskóladeild (frá árinu '96), kennslufræði til kennsluréttinda (frá árinu '94) og framhaldsnám (frá árinu '00). Kennaranám, hvort sem um er að ræða grunnskólakennara- eða leikskólakennaranám, hefur síðustu áratugi höfðað mun meira til kvenna en karla. Á þessum árum hafa 347 konur brautskráðst frá kennaradeild en 106 karlar. Í langflestum tilvikum hafa karlar við kennaradeild farið í gegnum kennsluréttindanámið. Sömu sögu er að segja varðandi heilbrigðisdeild en sú deild skiptist í hjúkrunarfræði, iðjuþjálfun (frá árinu '97) og framhaldsnám (frá árinu '01). Meginþorri starfandi hjúkrunarfræðinga á Íslandi eru konur og hefur það sitt að segja varðandi kynbundið val á slíku námi. Frá heilbrigðisdeild hafa á viðmiðunarárunum brautskráðst 307 konur og 8 karlar. Töluverðar breytingar hafa átt sér stað í viðskiptadeild frá því að skólinn var stofnaður. Fyrst var byrjað á því að brautskrá nemendur eftir 2ja ára iðnrekstrarnám en á þeim árum hét deildin rekstrardeild. Árið 1995 var í fyrsta sinn boðið upp á þriggja ára nám til fyrstu háskólagráðu og eftir það hefur brautum fjölgað, deildin fengið nýtt nafn og rekstrarnámið nær lagst af. Viðskiptanám sem slíkt hefur í gegnum tíðina höfðað bæði til kenna og karla en þó hefur konum í viðskiptanámi fjölgað mjög mikið á síðustu árum og jafnframt dregið verulega úr aðsókn karla. Skiptir þá ekki máli til hvaða skóla á Íslandi sem bjóða upp á viðskiptanám er litið. Á þeim árum sem til skoðunar voru

² Kennaradeild var stofnuð árið 1997 og brautskráðust fyrstu nemendur þaðan vorið 2000

brautskráðust 129 konur og 182 karlar frá viðskiptadeild. Einnig hafa töluverðar breytingar átt sér stað í auðlindadeild sem er útvíkkun á þeirri deild sem áður hét sjávarútvegsdeild³. Þessi deild hefur höfðað mun meira til karla en kvenna en jafnframt hefur hún átt undir högg að sækja hvað varðar aðsókn. Frá auðlindadeild hafa brautskráðst 8 konur og 84 karlar á þessum árum.

Tafla 1 sýnir samanburð á þýði og svarhlutfalli eftir kynferði og háskóladeild. Sjá má að nokkuð fleiri svör koma frá konum en körlum og að brautskráðir nemendur frá kennaradeild eru duglegri að svara en brautskráðir nemendur úr öðrum deildum. Þessi munur er þó innan skekkjumarka og endurspeglar könnunin því skiptingu þýðisins m.t.t. kynferðis og háskóladeildar.

Tafla 1. Samanburður á þýði og svarhlutfalli eftir kynferði og háskóladeild

| Deildir: | Allir | | | Karlar | | | Konur | | |
|------------------|---------|----------|--------|---------|----------|--------|---------|----------|--------|
| | % Heild | % Könnun | % Svör | % Heild | % Könnun | % Svör | % Heild | % Könnun | % Svör |
| Auðlindadeild | 7,9% | 8,1% | 7,2% | 91,3% | 89,6% | 80,6% | 8,7% | 10,4% | 19,4% |
| Heilbrigðisdeild | 26,9% | 27,9% | 26,9% | 2,5% | 3,8% | 2,2% | 97,5% | 96,2% | 97,8% |
| Kennaradeild | 38,7% | 40,0% | 42,0% | 23,4% | 23,4% | 17,5% | 76,6% | 76,6% | 82,5% |
| Viðskiptadeild | 26,6% | 24,0% | 23,9% | 58,5% | 57,0% | 53,3% | 41,5% | 43,0% | 46,7% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 32,4% | 31,4% | 26,5% | 67,6% | 68,6% | 73,5% |

2.2 Úrvinnsla

Í skýrslunni eru athuguð svör fólks við fjölmörgum spurningum sem ætlað er að meta ýmsa þætti er lúta að gildi og gagnsemi náms í HA og hversu vel það nýtist nemendum við að koma undir sig fótunum á vinnumarkaði eða í frekara námi. Þessar spurningar eru greindar eftir nokkrum bakgrunnspáttum, þó aðallega eftir kynferði, háskóladeild og útskriftarárgangi. Hafa ber í huga þegar sumar spurningar eru skoðaðar að könnunin náði ekki til brautskráðra nemenda frá HA sem búsettir voru erlendis eða

³ Sjávarútvegsdeild var stofnuð árið 1990 og brautskráðust fyrstu nemendur þaðan árið 1994

voru skráðir í nám við HA í febrúar 2005. Þetta á sérstaklega við um spurningar varðandi nám, starf erlendis og frekara háskólanám.

Við úrvinnslu gagna var tryggt að öll svör væru órekjanleg og að í öllu væri farið eftir reglum Persónuverndar um öflun og meðferð persónuupplýsinga.

Spurningalistinn er settur fram á tvennan hátt. Annars vegar er spurt beinna spurninga og hins vegar er svarandinn látinn meta á fimm gilda kvarða hversu vel eða illa honum hugnist viðkomandi valkostur. Þegar um slíkt var að ræða var unnið úr gögnunum á tvennan hátt, í fyrsta lagi með samanburði á hverju svari fyrir sig og í öðru lagi með því að reikna út meðaltal svara þar sem svarið mjög vel (góður, mikill, mikilvægt....) fékk gildið 5 og mjög illa (slæm, engin, alls ekki....) fékk gildið 1. Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum og töflum sem sýna hlutfall og fjölda þeirra sem svara á tiltekinn hátt ásamt reiknuðu meðaltali þar sem það á við. Áreiðanleiki niðurstaðna var metinn með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og var tekið mið af slíkri greiningu í umræðunni um tengsl milli svara við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnspátta sem til skoðunar voru. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS en myndir og töflur í Excel.


3. Almennar upplýsingar

Í þessum kafla er að finna almennar upplýsingar um þátttakendur. Spurt var ýmissa spurninga varðandi einstaklinginn sjálfan, hans persónulegu hagi, menntun foreldra og menntun og aðalstarf maka ef hann er til staðar.

3.1 Bakgrunnur svarenda

Í þessum hluta er fjallað um kynferði, aldur, búsetu og staðsetningu vinnustaðar. Spurt var þriggja spurninga varðandi þessa þætti.

Eins og fram kom í töflu 1 er kynjahlutfallið í þessari könnun 26,5% karlar og 73,5% konur. Einstaklingar sem svara könnuninni eru á aldrinum 25 ára til 69 ára.



Mynd 2. Aldur einstaklinga í könnuninni.

Þetta er nokkuð breitt aldursbil en það skýrist einkum af háum meðalaldri þeirra sem brautskráðust frá HA á fyrstu árum skólans, sérstaklega frá viðskiptadeild og síðar kennaradeild, fyrstu árin sem sú deild var í starfrækt. Talið er að með tilkomu þessara tveggja deilda hafi margir eldri einstaklingar drifið sig í háskóla-


nám til að öðlast réttindi í starfi sínu eða láta gamlan draum rætast⁴. Ennfremur er aldur þeirra sem hafa stundað nám í kennslufræði til kennsluréttinda mun hærri en þeirra sem stunda almennt háskólanám í dagskóla.

Meðalaldur þeirra sem brautskrást frá skólanum í dag er mun lægri en þeirra sem brautskráðust á fyrstu árum hans eða á fyrstu árum hveftrar nýstofnaðar deildar. Meðalaldur brautskráðra nemenda hefur lækkað í öllum deildum og í dag er hann lægstur í viðskiptadeild og svo auðlindadeild. Sé litið til viðmiðunaráranna er meðalaldurinn 37,5 ár, hæstur í kennaradeild 40,2 ár og lægstur í auðlindadeild 32,8 ár.

Tafla 2. Meðalaldur brautskráðra nemenda

| Deildir: | Meðalaldur svarenda | | | |
|-----------------|---------------------|----------------|----------------|----------------|
| | 1989-2003 | 1991 | 1996 | 2003 |
| Auðlindadeild | 32,8 ár | - | 38,0 ár | 30,0 ár |
| Heilbrigðiseild | 36,1 ár | 41,0 ár | 38,3 ár | 35,6 ár |
| Kennaradeild | 40,2 ár | - | 43,0 ár | 40,3 ár |
| Viðskiptadeild | 35,8 ár | 37,7 ár | 35,5 ár | 29,1 ár |
| Samtals | 37,5 ár | 39,6 ár | 40,9 ár | 37,0 ár |

Nemendur HA koma allsstaðar að af öllu landinu en þó er stærsti hluti þeirra af landsbyggðinni. Talið er að einstaklingar sem fara í nám á höfuðborgarsvæðið séu líklegri til að dvelja þar áfram en þeir sem fara í nám við HA séu líklegri til að velja sér búsetu á landsbyggðinni⁵. Um 49,4% brautskráðra nemenda frá HA eru búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu, 25,7% annars staðar á landsbyggðinni og 24,9% á höfuðborgarsvæðinu.




Mynd 3. Búseta einstaklinga í könnuninni.

⁴ RHA: Nýnemakönnun 1999, 2001 og 2002.

⁵ RHA: Háskólanám og búseta, 1999

Atvinnusókn hefur á síðustu áratugum verið að færast fjær búsetu einstaklinga, þ.e. einstaklingar sækja atvinnu um lengri veg en áður. Hvað varðar brautskráða nemendur sem svara þessari könnun að þá eru um 12% þeirra sem búa öðru sveitarfélagi en vinnustaðurinn er staðsettur. Flestir eru búsettir á höfuðborgar-svæðinu eða tæplega 75%.




Mynd 4. Búseta og vinnustaður.

3.2 Fjölskylduhagir svarenda


Í þessum hluta er fjallað um fjölskylduhagi brautskráðra nemenda en fjölskylduhagir einstaklinga eru mismunandi og hafa ýmsir þættir þar áhrif. Einn veigamikill þáttur er hvar einstaklingurinn er staddur á lífsleiðinni en eins og fram hefur komið er aldursbil brautskráðra nemenda frá HA mjög breytt frá því sem áður var. Spurt var fjögurra spurninga sem ætlað er að meta fjölskylduhagi svarenda.

Þó nokkur breyting hefur orðið á fjölskylduhögum einstaklinganna eins og sjá má á myndinni hér næst hér á eftir. Um 4% bjuggu hjá foreldrum við námslok en aðeins einn einstaklingur núna. Um 12% einstaklinganna eiga ekki maka en 82% búa með maka núna en 76% bjuggu með maka við námslok.




Mynd 5. Fjölskylduhagir einstaklinga.

Í langflestum tilvikum eru börn inni á heimili einstaklinga eða í 77,3% tilvika. Barnafjöldinn er misjafn, allt frá einu barni og upp í fimm börn. Algengast er þó að tvö börn séu á heimili.




Mynd 6. Eru börn á heimili þínu?

Hvað varðar menntun foreldra og maka (þeirra sem eiga maka) að þá er mun algengara að móðir sé minna menntuð en faðir. Meiri hluti mæðra einstaklinga hafa aðeins lokið skyldunám eða 61% þeirra og um 13% hefur stundað háskólanám. Hafa ber hér í huga að meðalaldur einstaklinga er nokkuð hár. Algengasta menntun feðra er nám á framhaldsskólastigi en þar flokkaðist einnig allt starfsnám sem og iðnmenntun. Um 19% svarenda eiga föður sem hefur stundað háskólanám. Hvað maka varðar að þá hefur rétt rúmlega helmingur þeirra farið í háskólanám og aðeins 15% svarenda eiga maka sem hefur aðeins lokið skyldunámi.




Mynd 7. Menntun foreldra og maka einstaklinga.

Ennfremur var spurt hvert aðalstarf maka væri, þ.e. ef hann væri til staðar. Í 89,6% tilvika er makinn á vinnumarkaði en 10,4% er utan vinnumarkaðar. Algengast er að maki vinni sérfræðingastarf en þeir sem vinna slík störf eru t.d. lögfræðingar, sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar og kennarar, þ.e. sérhæfð störf þar sem ákveðinnar menntunar á háskólastigi er krafist. Um fjórðungur maka er í stjórnunarstarfi. Þetta kemur ekki á óvart þar sem menntunarstig maka er nokkuð hátt.



Mynd 8. Aðalstarf maka einstaklinga.

Ástæður þess að maki er ekki á vinnumarkaði eru margvíslegar. Algengast er þó að maki sé í námi eða í 44% tilvika. Ennfremur eru nokkrir heimavinnandi en meðal þeirra teljast einnig þeir sem eru í barneignafrí þessa dagana.



Mynd 9. Ástæður þess að maki einstaklinga sé ekki á vinnumarkaði.

4. Menntun fyrir háskólanám í HA


Í þessum kafla er fjallað um þá menntun og reynslu sem viðkomandi aflaði sér áður en háskólanám hófst og mat þeirra á undirbúningi sínum fyrir námið í HA.

4.1 Framhaldsskólanám

Í þessum hluta er fjallað um framhaldsskólanámið og þann tíma sem leið áður en einstaklingarnir hófu nám við HA. Spurt var þriggja spurninga er lutu að þessum atriðum.

Undirbúningur nemenda fyrir háskólanám er æði misjafn. Í sumum tilvikum liggur leiðin beint í gegnum öll skólastigin þrjú⁶ en sumir leggja krók á leið sína og afla sér þekkingar og reynslu á annan hátt. Jafnframt eru einhverjir sem klára ekki framhaldsskóla en sökum aldurs og fyrri reynslu fá þeir inngöngu í háskólanám.

Hvað varðar einstaklinga sem brautskráðust frá HA þau ár sem til skoðunar voru að þá luku 8,4% þeirra ekki framhaldsskóla áður en háskólanámið hófst.




Mynd 10. Hlutfall þeirra sem luku ekki framhaldsskóla.

Við nánari skoðun má sjá að mun fleiri konur en karlar hafa ekki lokið framhaldsskóla eða 9,2% á móti 4,6%. Jafnframt má sjá að helst eru það nemendur sem brautskráðust frá kennaradeild sem ekki luku ekki prófi frá framhaldsskóla áður en háskólanám við HA hófst eða 16,1% nemenda á móti 4,2% nemenda úr viðskiptadeild

⁶ Hér átt við grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Í dag telja sumir skólastigin fjögur og er þá átt við að leikskólinn sé fyrsta skólastigið en þar sem ekki eiga allir kost á að fara í leikskóla (enn eru ekki leikskólar í öllum sveitarfélögum landsins) er ekki talið rétt að miða við slíkt nú.


og 2,2% nemenda úr heilbrigðisdeild. Allir nemendur úr auðlinda-deild höfðu lokið framhaldsskólaprófi.

Í mun færri tilvikum en hitt fóru einstaklingar beint úr framhaldsskóla í háskólanám. Af þeim sem luku framhaldsskólaprófi fóru aðeins um 9% þeirra beint í háskólanám við HA. Misjafnt var hvað einstaklingar tóku sér fyrir hendur eftir að framhaldsskóla lauk og áður en þeir hófu nám við HA. Alls stöldruðu 57% við á vinnumarkaðinum, 16% var heimavinnandi, 1% var atvinnulaus og 24% lagði stund á aðra menntun, þjálfun eða fóru í samningsbundið iðnnám. Hafa ber í huga að þetta tímabil er mislangt hjá svarendum og því er í mörgum tilvikum sem svarandi hefur verið bæði á vinnumarkaði og heima eða jafnvel atvinnulaus líka á einhverju tímabili.




Mynd 11. Hvað gerðir þú áður en háskólanám þitt hófst?

Kynferði hefur ekki áhrif hvað varðar það hvort viðkomandi fari beint úr framhaldsskóla og í HA en mjög svipað hlutfall karla og kvenna kom beint úr framhaldsskóla.



Mynd 12. Hlutfall þeirra sem fóru beint í HA eftir framhaldsskóla, greint eftir kynferði.

Ekki er hægt að greina neinn mun milli háskóladeilda á því hvort viðkomandi hafi farið beint í HA eða ekki en rétt um 10% nema í öllum háskóladeildum kom beint úr framhaldsskóla nema kennaradeild en þar er hlutfallið nokkuð lægra eða rétt 6%.



Mynd 13. Hlutfall þeirra sem fóru beint í HA eftir framhaldsskóla, greint eftir háskóladeild.


Misjafnt er hversu mörg ár liðu frá því að viðkomandi lauk framhaldsskóla og þar til hann fór í háskólanám en að meðaltali liðu um tæp 6 ár. Sá einstaklingur sem beið lengst með að hefja háskólanám sitt beið í 35 ár.

Að meðaltali liðu flest ár hjá nemum úr kennaradeild frá því að framhaldsskóla lauk og háskólanám hófst eða að meðaltali 8 ár. Fæst ár liðu aftur á móti hjá nemum úr auðlindadeild eða rúm 2 ár. Þetta kemur ekkert á óvart þar sem meðalaldur nema í kennaradeild er hæstur en lægstur í auðlindadeild eins og fram kom hér að framan.

Tafla 3. Meðalfjöldi ára sem leið milli framhaldsskóla og háskóla


| Deildir: | Allir | | Karlur | | Konur | |
|------------------|------------------|---------------|------------------|---------------|------------------|---------------|
| | Meðal-fjöldi ára | Staðal-frávik | Meðal-fjöldi ára | Staðal-frávik | Meðal-fjöldi ára | Staðal-frávik |
| Auðlindadeild | 2,4 ár | 2,72 | 2,6 ár | 2,97 | 1,5 ár | 0,84 |
| Heilbrigðisdeild | 4,5 ár | 5,48 | 2,0 ár | 1,00 | 4,5 ár | 5,54 |
| Kennaradeild | 8,4 ár | 8,45 | 9,6 ár | 9,96 | 8,1 ár | 8,08 |
| Viðskiptadeild | 4,7 ár | 5,89 | 5,4 ár | 7,60 | 4,0 ár | 3,28 |
| Samtals | 5,9 ár | 7,01 | 5,8 ár | 7,83 | 5,9 | 6,70 |

Algengast er að brautskráðir nemendur frá HA hafi stundað framhaldsskólanám hér á Akureyri eða rúm 55% þeirra sem nefndu framhaldsskóla. Flestir stunduðu nám við Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA), 32,9% eða Menntaskólann á Akureyri (MA), 22,1%. Við nánari flokkun á framhaldsskólunum má sjá að 59,7% nemenda stunduðu nám í framhaldsskólum á Norðurlandi, 22,8% á höfuðborgarsvæðinu og 17,5% annars staðar á landsbyggðinni.



Mynd 14. Framhaldsskólar sem brautskráðir nemendur frá HA stunduðu nám við.

Náttúrufræðibraut virðist hafa verið vinsælasta brautin á framhaldsskólastigi hjá brautskráðum nemendum frá HA en fjórðungur einstaklinga sem skráðu braut eða deild í framhaldsskóla stunduðu nám á þeirri braut. Einnig hefur félagsfræðibraut og viðskipta- og hagfræðibraut heillað svarendur en tæp 21% stunduðu nám á félagsfræðibraut og rúm 17% á viðskipta og hagfræðibraut.



Mynd 15. Námsbraut í framhaldsskóla sem brautskráðir nemendur frá HA stunduðu nám við.

Einn liður í góðum undirbúningi undir háskólanám sitt er að velja braut í framhaldsskóla sem hentar vel því námi á háskólastigi sem stefnt er að. Þetta val getur verið mjög erfitt og vefst stundum verulega fyrir námsmönnum, sérstaklega þeim sem hafa litlar hugmyndir um framtíðaráform sín eða langanir. Þorri brautskráðra nemenda frá HA virðist hafa valið sér námsbraut í framhaldsskóla sem var þeim góður undirbúningur fyrir það nám sem þeir völdu sér í háskóla eins og sést vel á töflu 4 hér fyrir aftan. Langflestir nemendur í auðlindadeild koma af náttúrufræðibraut, raungreinadeild og viðskipta- og hagfræðibraut og flestir nemendur úr heilbrigðisdeild koma af náttúrufræðibraut, félagsfræðibraut og sjúkraliða eða heilbrigðisbraut. Nemendur úr kennaradeild dreifast mun meira milli brauta en nemendur úr öðrum deildum enda um töluvert öðruvísi hóp að ræða vegna kennsluréttindanámsins. Flestir nemendur úr kennaradeild komu af félagsfræðibraut. Um tveir þriðju nemenda úr viðskiptadeildinni komu af viðskipta- og hagfræðibraut og náttúrufræðibraut.


Tafla 4. Námsbrautir í framhaldsskóla og námsbrautir við HA

| Námsbraut í framhaldsskóla | Auðlindadeild | | Heilbrigðisdeild | | Kennaradeild | | Viðskipta-deild | |
|-----------------------------|---------------|-----------|------------------|-----------|--------------|-----------|-----------------|-----------|
| | HLutfall | Fjöldi | HLutfall | Fjöldi | HLutfall | Fjöldi | HLutfall | Fjöldi |
| Félagsfræðibraut | 14,7% | 5 | 18,9% | 24 | 29,8% | 45 | 12,5% | 13 |
| Náttúrufræðibraut | 44,1% | 15 | 42,5% | 54 | 10,6% | 16 | 18,3% | 19 |
| Málabraut | 2,9% | 1 | 6,3% | 8 | 13,2% | 20 | 13,5% | 14 |
| Uppeldisbraut | - | - | 4,7% | 6 | 13,9% | 21 | - | - |
| Sjúkraliða/heilbrigðisbraut | 2,9% | 1 | 11,0% | 14 | 0,1% | 1 | 1,9% | 2 |
| Viðskipta- og hagfræðibraut | 17,6% | 6 | 7,1% | 9 | 11,9% | 18 | 37,5% | 39 |
| Raungreinadeild | 14,7% | 5 | 1,6% | 2 | 3,3% | 5 | 7,7% | 8 |
| Iðnnám | - | - | 1,6% | 2 | 9,3% | 14 | 4,8% | 5 |
| Íþróttabraut | - | - | 2,4% | 3 | 2,0% | 3 | - | - |
| Öldungadeild | - | - | 1,6% | 2 | 0,7% | 1 | 1,0% | 1 |
| Annað | 2,9% | 1 | 2,4% | 3 | 4,6% | 7 | 2,9% | 3 |
| Samtals | 100% | 34 | 100% | 127 | 100% | 151 | 100% | 104 |

4.2 Mat á undirbúningi fyrir háskólanám


Í þessum hluta er fjallað um mat svarenda á undirbúningi sínum fyrir háskólanámið. Spurt var tveggja spurninga sem ætlað var að meta þann þátt.

Einkunnir úr grunn- og framhaldsskóla hafa gjarnan verið notaðar sem ákveðinn mælikvarði á námsgetu einstaklinga. Ekki er ætlunin að dæma hér hvort það sé rétti mælikvarðinn til að meta getu einstaklinga til háskólanáms eður ei. Þeir nemendur sem brautskráðst hafa frá HA þau ár sem hér eru til skoðunar meta einkunnir sínar á stúdentsprófi eða sambærilegur prófi sem miðlungs háar, tæp 47% svarenda, eða frekar háar, tæplega 44% svarenda. Meðalskor einstaklinga á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi er 3,5 af 5,0 mögulegum að þeirra eigin mati.




Mynd 16. Mat á einkunnum á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi.

Þegar mat á einkunnum á stúdentsprófi er skoðað eftir framhaldsskólum telja nemendur sem koma frá Framhaldsskólanum á Húsavík einkunnir sínar hæstar en síðan koma nemendur frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og Iðnskólanum í Reykjavík. Nemendur úr Menntaskólanum í Reykjavík og Fjölbrautarskólanum Ármúla telja að einkunnir sínar á stúdentsprófi lægstar. Við nánari skiptingu skólanna má sjá að nemendur úr menntaskólum telja einkunnir sínar lægri en nemendur sem koma úr fjölbrautarskólum.




Mynd 17. Mat á einkunnum á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi, greint eftir framhaldsskólum.

Lítill munur er á einkunnum nemenda á stúdentsprófi eftir kynferði en þó telja jafnmargar konur að þær hafi verið mjög eða frekar lágar og miðlungs eða frekar lágar. Nokkuð fleiri karlar telja að einkunnir sínar séu miðlungs eða frekar lágar heldur en mjög eða frekar háar.




Mynd 18. Mat á einkunnum á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi, greint eftir kyni.

Hvað varðar háskóladeild að þá er nær enginn munur milli deilda en þó telja nemendur úr auðlindadeild að einkunnir sínar á stúdentsprófi hafi verið aðeins lægri en nemendur úr öðrum deildum.




Mynd 19. Mat á einkunnum á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi, greint eftir háskóladeild.

Að lokum voru nemendur beðnir um að meta þegar á heildina væri litið hversu góðan undirbúningur þeir teldu sig hafa haft fyrir háskólanámið. Í stuttu máli sagt telja brautskráðir nemendur frá HA á viðmiðunarárnum að undirbúningur sinn fyrir háskólanám hafi verið frekar góður eða í meðallagi eða 37,4% og 31,2%. Mun fleiri töldu að hann hafi verið mjög góður en þeir sem töldu hann vera frekar eða mjög slæman eða 23,5% á móti 7,9%.




Mynd 20. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám.

Hvað kynferði varðar þá er nær enginn munur á svörum eins og sést best á myndinni hér fyrir aftan.




Mynd 21. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir kyni.

Sjá má nokkurn mun milli háskóladeilda en nemendur úr auðlindadeild og kennaradeild töldu í meiri mæli að undirbúningur sinn fyrir háskólanámið væri lakur en nemendur úr viðskiptadeild og heilbrigðiseild. Munurinn reyndist þó ekki marktækur.



Mynd 22. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir háskóladeild.

Nemendur sem luku framhaldsskóla⁷ telja í mun meiri mæli að undirbúningur sinn fyrir háskólanámið hafi verið mjög eða frekar góður en þeir sem ekki luku prófi frá framhaldsskóla áður en háskólanámið hófst.




Mynd 23. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir því hvort viðkomandi lauk framhaldsskóla eða ekki.

Jafnframt má sjá að þeir nemendur sem fóru beint úr framhaldsskóla⁸ og í háskólann telja í mun meiri mæli að undirbúningur þeirra fyrir háskólanámið hafi verið góður en þeir sem tóku sér hlé frá námi.


⁷ (Tau-c=,17;α=,000)

⁸ (Tau-c=,05;α=,035)



Mynd 24. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir því hvort viðkomandi fór beint í háskólanám úr framhaldsskóla eða ekki.


Sé horft til framhaldsskóla að þá telja nemendur úr Menntaskólanum í Reykjavík undirbúning sinn fyrir háskólanám vera bestan, (meðalskor 5,0) og þar á eftir koma nemendur sem höfðu stundað nám í Menntaskólanum við Hamrahlíð, Menntaskólanum á Akureyri og Verslunarskóla Íslands (meðalskor 4,3). Nemendur sem höfðu stundað nám við Fjölbrautarskólann við Ármúla (meðalskor 2,8), Fjölbrautarskóla Suðurlands og Iðnskólanum í Reykjavík (meðalskor 3,4) töldu undirbúning sinn fyrir háskólanám lakastan. Hvað varðar skiptinguna í menntaskóla og fjölbrautarskóla að þá telja nemendur sem koma úr menntaskólum undirbúning sinn mun betri⁹ en nemendur sem koma úr fjölbrautarskólum en meðalskorið var 4,2 á mótí 3,7.



Mynd 25. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir framhaldsskóla.

⁹ (Tau-c=,16;α=,000)

Að lokum var skoðað mat á undirbúningi fyrir háskólanám eftir mati á einkunnum á stúdentsprófi og þá má glöggjt sjá að fylgni¹⁰ er á milli einkunna á stúdentsprófi og mati á undirbúningi. Fylgnin er á þá leið að eftir því sem einkunnir nemenda eru hærrí þeim mun betri meta þeir undirbúning sinn fyrir háskólanám.



Mynd 26. Mat á undirbúningi fyrir háskólanám, greint eftir mati á einkunn á stúdentsprófi eða sambærilegu prófi.

4.3 Samantekt

Í þessum hluta eru dregnar fram helstu niðurstöður varðandi menntun svarenda fyrir háskólanám í HA.

Í langflestum tilvikum luku svarendur framhaldsskóla en helst eru það konur og nemendur úr kennaradeild sem ekki hafa lokið framhaldsskólaprófi. Heilt yfir má þó segja að brautskráðir nemendur telja undirbúning sinn fyrir háskólanámið mjög eða frekar góðan. Þó má sjá að þeir nemendur sem ekki luku framhaldsskóla telja undirbúninginn almennt lakari en hinir sem luku framhaldsskólaprófi. Jafnframt má sjá að nemendur sem stunduðu framhaldsskólanám í menntaskólum telja undirbúning sinn betri en nemendur sem stunduðu nám í fjölbrautarskólum.

¹⁰ (tau-c=,18;a=,000)


5. Háskólanámið

Í þessum kafla er fjallað um háskólanám svarenda, námsgráðu, viðhorf til námsins við HA og starfsfólks skólans. Kaflanum er skipt niður í átta undirkafla en spurt var þriggja spurninga varðandi námsgráðuna við HA, einnar varðandi námsgráðu við aðrar háskólastofnanir og einnar spurningar varðandi frekara háskólanám. Jafnframt var spurt tveggja spurninga er lutu að vinnu viðkomandi samhliða námi og einnar spurningar varðandi áherslur í námi við HA. Til að meta ánægju nemendanna með námið við HA og starfsfólk stofnunarinnar var spurt sex spurningar þar að lútandi og tveggja varðandi mat viðkomandi á námsárangri sínum.

5.1 Námsgráða við HA


Í þessum hluta er fjallað um síðustu námsgráðuna sem viðkomandi lauk við HA. Byrjað var á því að spyrja viðkomandi hvaða námi og námsgráðu hann lauk síðast frá HA og hvenær það nám hófst. Námsgráður ráðast að miklu leiti af eðli þess náms sem hægt er að stunda við stofnunina. Fyrstu árin í viðskiptadeildinni var aðeins hægt að útskrifast með iðnrekstrar- eða rekstrarpróf (diplomagráða) en síðan hefur það nám breyst í B.Sc. gráðu og framhaldsnám í gæðastjórnun þannig að í dag er ekki boðið upp á diplómanám í viðskiptadeildinni. Í kennaradeild er boðið upp á kennsluréttindanám sem lýkur með diplomagráðu en slíkt hefur ekki verið í boði á hverju ári. Nú á síðustu árum hefur verið í boði mastersnám við kennaradeild og heilbrigðisdeild en ekki í öðrum deildum.

Langflestir nemendur brautskráðust með B.A., B.Sc. eða B.Ed. gráðu frá HA (72%) enda fá ár síðan hægt var að taka hærri gráðu en það frá HA en gera má ráð fyrir að það hlutfall hækki á næstu árum. Um 16% svarenda hafa lokið kennslufræði til kennsluréttinda og tæp 8% iðnrekstrar eða rekstrarfræði. Á síðustu árum hefur verið boðið upp á framhaldsnám eftir fyrstu háskólagráðu og eru um 5% svarenda með slíka gráðu.




Mynd 27. Námsgráða sem viðkomandi lauk frá HA síðast.

Greina má nokkurn mun milli kynferðis og þeirrar háskólagráðu sem svarendur útskrifuðust síðast með frá HA en mun hærra hlutfall kvenna en karla brautskráðust með fyrstu háskólagráðu og fleiri karlar hafa útskrifast með viðbótarnám við fyrstu háskólagráðu.




Mynd 28. Námsgráða sem viðkomandi lauk frá HA síðast, greint eftir kynferði.

Lengd á námstíma er hverjum og einum í sjálfsvald sett. Sumir kjósa að hella sér út í fullt nám, með auðvitað misjöfnum árangri, aðrir dreifa náminu á lengri tíma og nota námið sem endurmenntun og stefna ekki endilega á brautskráningu. Af þeim sem brautskráðust frá HA á þeim árum sem til skoðunar luku tæp 86% námi á tilskildum tíma en um 14% nemdanna tóku námið á lengri tíma.




Mynd 29. Hlutfall þeirra sem luku námi á tilskildum tíma.

Mun algengara er að konur ljúki síður námi á tilskildum tíma en karlar eða í 33% tilvika á mótí 12% karla.



Mynd 30. Hlutfall þeirra sem luku námi á tilskildum tíma, greint eftir kyni.


Jafnframt má sjá að nemendur úr viðskiptadeild ljúka síður námi á réttum tíma en nemendur úr öðrum háskóladeildum. Tæp 78% brautskráðra nemenda úr viðskiptadeild luku námi á tilskildum tíma á mótí 87% nemenda úr kennaradeild, 89% nemenda úr heilbrigðisdeild og 90% úr auðlindadeild.



Mynd 31. Hlutfall þeirra sem luku námi á tilskildum tíma, greint eftir háskóladeild.

Einnig var spurt hvort viðkomandi hefði lokið því námi frá HA sem hann hefði helst kosið. Í langflestum tilvikum virðist svo vera því


97,6% brautskráðra nemenda frá HA á viðmiðunarárrunum svarar þessari spurningu játandi.



Mynd 32. Laukstu því námi frá HA sem þú hefðir helst kosið?

Þeir fáu einstaklingar sem luku ekki því námi sem þeir hefðu helst kosið eru af báðum kynjum og úr þremur háskóladeildum af fjórum. Þessir einstaklingar voru jafnframt beðnir um að segja hvaða nám þeir hefðu helst kosið og nefndu þeir fög á við tölvunarfræði, fjölmiðlafræði og viðskiptafræði.


Hvað varðar háskólagráðuna að þá svöruðu 35,5% því til að það skipti þá meira máli að hafa lokið háskólamenntun heldur en að hafa lokið þeirri háskólagráðu sem þeir tóku en 64,5% svöruðu að sú háskólagráða sem þeir tóku skipti þá meira máli.



Mynd 33. Hvort skiptir þig meira máli að hafa lokið háskólamenntun yfirleitt eða hafa lokið nákvæmlega þeirri gráðu sem þú laukst?


Kynferði¹¹ hefur áhrif á svör einstaklinga við þessari spurningu þannig að hlutfallslega fleiri karlar en konur svara því til að það skipti þá meira máli að hafa lokið háskólaprófi heldur en að hafa lokið þeirri gráðu sem þeir tóku eða 45% á móti 32% kvenna.

¹¹ (Tau-c=,12;α=,013)



Mynd 34. Hvort skiptir þig meira máli að hafa lokið háskólamenntun yfirleitt eða hafa lokið nákvæmlega þeirri gráðu sem þú laukst, greint eftir kyni.

Einnig eru tengsl milli svara við þessari spurningu og háskóla-deildar¹². Nemendur úr auðlindadeild og viðskiptadeild svara í meiri mæli að það skipti þá meira máli að hafa lokið háskólamenntun en nákvæmlega háskólagráðan sem þeir tóku en nemendur úr heilbrigðis- og kennaradeild.



Mynd 35. Hvort skiptir þig meira máli að hafa lokið háskólamenntun yfirleitt eða hafa lokið nákvæmlega þeirri gráðu sem þú laukst, greint eftir háskóladeild.


5.2 Annað háskólanám

Í þessum hluta er fjallað um annað háskólanám sem viðkomandi hefur tekið ásamt áætlunum um frekara háskólanám.

Í um 35% tilfella höfðu brautskráðir nemendur stundað annað háskólanám en það sem viðkomandi lauk síðast. Sé horft til kynferðis er hlutfall karla og kvenna nánast það sama. Helst eru það nemendur úr auðlindadeild sem höfðu ekki stundað annað háskólanám en um 22% þeirra hafa stundað annað háskólanám á


¹² (Tau-c=,14;α=,011)

móti 34% úr kennara- og viðskiptadeild og 39% svarenda úr heilbrigðisdeild.




Mynd 36. Hefur þú stundað annað háskólanám en það sem þú laukst síðast?

Um 80% stunduðu nám við aðrar háskólastofnanir en HA, þó sérstaklega við Háskóla Íslands (46%) og 22% stunduðu nám við erlenda háskóla.




Mynd 37. Nám við aðra Háskóla en síðast var brautskráðs frá.

Einnig var spurt um hvort viðkomandi hefði hug á að fara í frekara nám í framtíðinni. Nokkuð mikill áhugi var á því að fara í frekara nám í framtíðinni því um 70% einstaklinga svöruðu þeirri spurningu játandi.




Mynd 38. Hefur þú hug á að fara í frekara nám í framtíðinni?

Greina má nokkurn mun á svörum eftir kynferði því 74% kvenna hafa hug á að fara í frekara nám í framtíðinni en 81% karla. Þó reyndist þessi munur ekki marktækur.



Mynd 39. Hefur þú hug á að fara í frekara nám í framtíðinni, greint eftir kyni.

Háskóladeild¹³ hefur áhrif á svör fólks við þessari spurningu. Nemendur úr auðlindadeild og heilbrigðisdeild hafa í meira mæli áhuga á frekara háskólanámi en nemendur úr öðrum deildum því 84-86% þeirra svöruðu spurningunni játandi um að hafa hug á því að fara í frekara nám í framtíðinni en aðeins um 74-76% nemenda úr kennara- og viðskiptadeild.




Mynd 40. Hefur þú hug á að fara í frekara nám í framtíðinni, greint eftir háskóladeild.

5.3 Vinna samhliða náminu við HA

Í þessum hluta er fjallað um atvinnusókn nemenda samhliða námi. Spurt var einnar spurningar varðandi atvinnusóknina. Hér er þó ekki átt við sumarstörf eða starfsþjálfun er tengist náminu sjálfu.


¹³ (Tau-c=,09;α=,020)

Skemmst er frá því að segja að rétt rúmlega 56% nemendanna stunduðu vinnu samhliða námi.




Mynd 41. Stundaðir þú atvinnu á námstímanum í HA?

Greina mátti lítinn mun eftir kynferði en mjög svipað hlutfall kvenna og karla stundaði atvinnu samhliða náminu í HA eða 57% kvenna og 56% karla.



Mynd 42. Stundaðir þú atvinnu á námstímanum í HA, greint eftir kyni.

Hins vegar hefur háskóladeild¹⁴ áhrif á svör fólks við þessari spurningu. Nemendur úr auðlindadeild stunduðu í mun minni mæli vinnu samhliða námi við HA en nemendur úr öðrum deildum en tæplega 17% þeirra sögðust hafa gert slíkt en um og yfir 56% nemenda úr öðrum deildum.



Mynd 43. Stundaðir þú atvinnu á námstímanum í HA, greint eftir háskóladeild.


¹⁴ (Tau-c=,12;α=,013)

Atvinna samhliða námi við HA er nokkuð ólík eftir útskriftarárgöngum. Hlutfall þeirra sem unnu með námi er lægst meðal brautskráðra nemenda vorið 1994 (28,3%) og hæst meðal brautskráðra nemenda vorið 1992 (83,3%). Hjá síðustu fimm útskriftarárgöngunum er hlutfall þeirra sem unnu með námi hærra en þeirra sem gerðu það ekki.

Tafla 5. Stundaðir þú atvinnu með námi þínu við HA?


| Útskriftarár | Vann með námi við HA | | Vann ekki með námi við HA | |
|--------------|----------------------|------------|---------------------------|------------|
| | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi |
| 1989 | 80,0% | 4 | 20,0% | 1 |
| 1990 | 50,0% | 1 | 50,0% | 1 |
| 1991 | 38,6% | 2 | 71,4% | 5 |
| 1992 | 83,3% | 5 | 16,7% | 1 |
| 1993 | 40,0% | 6 | 60,0% | 9 |
| 1994 | 28,6% | 4 | 71,4% | 10 |
| 1995 | 46,2% | 6 | 53,8% | 7 |
| 1996 | 65,1% | 28 | 34,9% | 15 |
| 1997 | 40,0% | 10 | 60,0% | 15 |
| 1998 | 35,7% | 10 | 64,3% | 18 |
| 1999 | 53,7% | 22 | 46,3% | 19 |
| 2000 | 62,3% | 38 | 37,7% | 23 |
| 2001 | 48,5% | 32 | 51,5% | 34 |
| 2002 | 60,9% | 39 | 39,1% | 25 |
| 2003 | 69,3% | 70 | 30,7% | 31 |
| Allir | 56,7% | 277 | 46,6% | 214 |

Starfshlutfall nemendanna er æði misjafnt en eins og sjá má á næstu mynd hér fyrir aftan þá er algengast að nemendur hafi verið í innan við 20% starfshlutfalli á mánuði eða 31% nemendanna og 28% í 81-100% starfi.



Mynd 44. Hversu hátt var starfshlutfall þitt á mánuði að jafnaði?


Greina ná nokkurn mun á kynjum hvað varðar starfshlutfall en mun hærra hlutfall karla vann 81-100% starf með námi en konur en algengara var að þær væru í 21-40% starfi. Munurinn reyndist þó ekki marktækur.



Mynd 45. Hversu hátt var starfshlutfall þitt á mánuði að jafnaði, greint eftir kyni.


Hins vegar er marktækur munur á starfshlutfalli nemenda eftir háskóladeild¹⁵. Nemendur úr kennaradeild skera sig verulega úr en rúmlega helmingur þeirra vann 81-100% starf með náminu. Hér þarf þó að hafa í huga að framhaldsnámið og kennsluréttinda-námið í kennaradeildinni er byggt þannig upp að nemendur geti stundað áfram sína vinnu samhliða námi.

¹⁵ (Tau-c=,19;α=,000)



Mynd 46. Hversu hátt var starfshlutfall þitt á mánuði að jafnaði, greint eftir háskóladeild.


Störfin sem brautskráðir nemendur unnu á námstímanum í HA tengdust í nærri helmingi tilvika innihaldi námsins að miklu leiti. Hjá fimmtungi svarenda tengdist starfið innihaldi námsins alls ekkert.



Mynd 47. Í hve miklu mæli tengdist starfið innihaldi námsins?


Tengsl eru milli kynferðis¹⁶ og svara við því hvort starfið hafi tengst innihaldi námsins. Hjá konum tengdist starfið mun meira innihaldi námsins en hjá körlum.

¹⁶ (Tau-c=28;α=000)



Mynd 48. Í hve miklu mæli tengdist starfið innihaldi námsins, greint eftir kyni.

Háskóladeild¹⁷ hefur líka áhrif á svör fólks við þessari spurningu. Hjá nemendum í viðskiptadeild tengdist starfið innihaldi námsins í mun minni mæli en nemenda úr öðrum deildum.



Mynd 49. Í hve miklu mæli tengdist starfið innihaldi námsins, greint eftir háskóladeild.

5.4 Áherslur í náminu við HA

Í þessum hluta er fjallað um áherslur í náminu við HA. Spurt var einnar spurningar í fjórtán liðum þar sem nemandinn var beðinn um að meta hversu ríka áherslu var lagt á hvernig þátt fyrir sig.

¹⁷ (Tau-c=30;α=000)

Þessir þættir voru flokkaðir niður í þrjá undirþætti; (1) sjálfstæði í námi, (2) skipulag náms og (3) fræðilegur hluti náms.

Þeir liðir sem flokkuðust undir sjálfstæði í námi voru; (1) sjálfstæðar skoðanir, (2) einhliða framlag kennarans, (3) valfrelsi í námi, (4) gagnrýna hugsun og (5) samskipti við kennara utan kennslustunda.

Þeir liðir sem flokkuðust undir skipulag náms voru; (1) öflun starfsreynslu, (2) hagnýt þekking, (3) reglubundin mæting, (4) mannleg samskipti, (5) reglulegt mat á námsframvindu, (6) nám sem byggir á þrautalausnum og (7) samvinnunám.

Þeir liðir sem flokkuðust undir fræðilegur hluti náms voru; (1) fræðileg þekking á kenningum og hugtökum, (2) rannsóknarskýrslur, ritgerðir og önnur verkefni og (3) sjálfsnám og sjálfstæðar skoðanir.

Reiknað var út meðaltal allra spurninga sem mynduðu hvern einstakan yfirflokk. Allir yfirflokkar fengu meðaleinkunn yfir 3 sem þýðir í raun að niðurstaða þeirra sé nokkuð góð¹⁸. Þegar á heildina er litið kemur þátturinn fræðilegur hluti náms best út með meðaleinkunnina 3,98. Nokkur munur er á afstöðu milli kynja en þátturinn fræðilegur hluti náms fær hæstu meðaleinkunn hjá körlum en þátturinn skipulag náms hjá konum.

Tafla 6. Mat á áherslupáttum í námi, greint eftir kyni.

| Yfirflokkur | Allir | | Karlar | | Konur | |
|-----------------------|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Sjálfstæði í námi | 3,20 | 496 | 3,13 | 132 | 3,23 | 364 |
| Skipulag náms | 3,55 | 497 | 3,38 | 132 | 3,62 | 365 |
| Fræðilegur hluti náms | 3,98 | 497 | 3,78 | 132 | 3,55 | 365 |

Hvað háskóladeild varðar má sjá að nemendur úr öllum háskóladeildum telja að mesta áherslan hafi verið á fræðilegan hluta náms. Í kennaradeild og heilbrigðisdeild hefur að mati brautskráðra nemenda verið lögð mjög rík áhersla á fræðilegan hluta náms en þar fer meðaltal þátta yfir 4.

¹⁸ Miðgildi kvarðans er þrjú og allt þar fyrir neðan er óásættanlegt.

Tafla 7. Mat á áherslupáttum í námi, greint eftir háskóladeild.

| Yfirflokkur | Auðlindadeild | | Heilbrigðisdeild | | Kennaradeild | | Viðskipta- deild | |
|-----------------------|----------------|--------|------------------|--------|----------------|--------|---------------------|--------|
| | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi |
| Sjálfstæði í námi | 3,14 | 36 | 3,25 | 133 | 3,24 | 209 | 3,06 | 119 |
| Skipulag náms | 3,34 | 36 | 3,72 | 133 | 3,67 | 209 | 3,24 | 119 |
| Fræðilegur hluti náms | 3,78 | 36 | 4,03 | 133 | 4,16 | 209 | 3,67 | 119 |

Hvað varðar yfirpáttinn sjálfstæði í námi að þá voru það fimm liðir sem mynduðu þann þátt. Þetta var sá yfirpáttur sem að mati svarenda fékk lægstu meðaleinkunnina af yfirpáttunum þremur. Skemmst er frá því að segja að tveir liðir fengu meðaleinkunn undir 3 en það eru liðirnir valfrelsi í námi og samskipti við kennara utan kennslustunda. Ennfremur telja karlar að einhliða framlag kennarans hafi verið of mikið. Ríkust áhersla var lögð á gagnrýna hugsun að mati nemendanna og skiptir þá engu hvort horft sé á allan hópinn eða hvort kynið fyrir sig.

Tafla 8. Sjálfstæði í námi, greint eftir kyni.

| Sjálfstæði í námi: | Allir | | Karlar | | Konur | |
|--|----------------|--------|----------------|--------|----------------|--------|
| | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi |
| Sjálfstæðar skoðanir | 3,72 | 494 | 3,47 | 131 | 3,81 | 363 |
| Einhliða framlag kennarans | 3,01 | 476 | 2,94 | 127 | 3,03 | 349 |
| Valfrelsi í námi | 2,51 | 477 | 2,54 | 126 | 2,50 | 351 |
| Gagnrýnin hugsun | 3,78 | 489 | 3,54 | 129 | 3,86 | 360 |
| Samskipti við kennara utan kennslustunda | 2,93 | 487 | 2,98 | 129 | 2,91 | 358 |

Sé horft til háskóladeilda má sjá að nemendur úr viðskiptadeild telja að ekki sé nægilega rík áhersla lögð á samskipti við kennara utan kennslustunda sem og valfrelsi í námi en nemendum úr öðrum háskóladeildum töldu líka að ekki væri lögð nægilega rík áhersla á þennan þátt.

Tafla 9. Sjálfstæði í námi, greint eftir háskóladeild.

| Sjálfstæði í námi: | Auðlinda- deild | | Heilbrigðis- deild | | Kennaradeild | | Viðskipta- deild | |
|---|--------------------|--------|-----------------------|--------|----------------|--------|---------------------|--------|
| | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi |
| Sjálfstæðar skoðanir | 3,6 | 36 | 3,8 | 133 | 3,8 | 206 | 3,5 | 119 |
| Einhliða framlag kennarans | 3,0 | 36 | 3,0 | 128 | 3,0 | 193 | 3,0 | 119 |
| Valfrelsi í námi | 2,3 | 36 | 2,4 | 130 | 2,5 | 192 | 2,7 | 119 |
| Gagnrýnin hugsun | 3,6 | 36 | 4,0 | 133 | 4,0 | 202 | 3,4 | 118 |
| Samskipti við kennara utan kennslustunda | 3,2 | 36 | 3,0 | 131 | 3,0 | 201 | 2,8 | 119 |

Hvað varðar yfirþáttinn skipulag náms að þá voru það sjö liðir sem mynduðu þann þátt. Þegar á heildina er litið er niðurstaða allra liða ásættanleg og sumra hverra vel ásættanleg. Að mati nemendanna var lögð ríkust áhersla á samvinnunám en sá liður fékk 4,1 í meðaleinkunn sem er mjög gott og mannleg samskipti (meðaleinkunn 4,0). Einnig skorar liðurinn hagnýt þekking nokkuð hátt eða að meðaltali 3,8. Greina má nokkurn mun eftir kynferði en karlar telja að ekki hafi verið lögð nægjanlega rík áhersla á öflun starfsreynslu og reglulegt mat námsframvindu. Karlar telja að frekar mikil áhersla hafi verið lögð á samvinnunám. Konur telja hins vegar og góð áhersla hafið verið lögð á alla liði í þessum yfirþætti, sérstaklega hvað varðar mannleg samskipti og samvinnunám.

Tafla 10. Skipulag náms, greint eftir kyni.

| Skipulag náms: | Allir | | Karlar | | Konur | |
|--|----------------|--------|----------------|--------|----------------|--------|
| | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi |
| Öflun starfsreynslu | 3,23 | 481 | 2,75 | 129 | 3,40 | 353 |
| Hagnýt þekking | 3,83 | 494 | 3,65 | 132 | 3,89 | 362 |
| Reglubundin mæting í kennslustundir | 3,43 | 490 | 3,20 | 129 | 3,52 | 361 |
| Mannleg samskipti | 3,95 | 494 | 3,57 | 132 | 4,08 | 362 |
| Reglulegt mat námsframvindu | 3,17 | 487 | 2,98 | 131 | 3,24 | 356 |
| Nám sem byggir á þrautalausnum | 3,15 | 482 | 3,33 | 129 | 3,08 | 353 |
| Samvinnunám | 4,08 | 494 | 4,10 | 131 | 4,07 | 363 |

Nemendur úr heilbrigðisdeild telja að rík áhersla hafi verið lögð á alla liði varðandi skipulag námsins, sérstaklega hvað varðar mannleg samskipti (meðaleinkunn 4,4), öfluga starfsreynslu og hagnýta þekkingu (meðaleinkunn 4,0). Nemendur kennaradeildar telja líka að rík áhersla hafi verið lögð á alla liði og þá sérstaklega samvinnunám (meðaleinkunn 4,2) og mannleg samskipti (meðaleinkunn 4,0). Nemendur úr auðlindadeild og viðskiptadeild eru ekki eins ánægðir með skipulag námsins bæði hvað varðar öflun starfsreynslu og reglulegt mat námsframvindu. Nemendur úr báðum deildum telja að rík áhersla hafi verið lögð á samvinnunám (meðaleinkunn 4,1).

Tafla 11. Skipulag náms, greint eftir háskóladeild.

| Skipulag náms: | Auðlindadeild | | Heilbrigðisdeild | | Kennaradeild | | Viðskiptadeild | |
|-------------------------------------|---------------|--------|------------------|--------|--------------|--------|----------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Öflun starfsreynslu | 2,7 | 36 | 4,0 | 131 | 3,4 | 195 | 2,3 | 119 |
| Hagnýt þekking | 3,9 | 36 | 4,0 | 133 | 3,8 | 206 | 3,6 | 119 |
| Reglubundin mæting í kennslustundir | 3,3 | 35 | 3,5 | 132 | 3,7 | 204 | 3,0 | 119 |
| Mannleg samskipti | 3,3 | 36 | 4,4 | 133 | 4,0 | 207 | 3,6 | 118 |
| Reglulegt mat námsframvindu | 2,9 | 36 | 3,3 | 133 | 3,4 | 200 | 2,8 | 118 |
| Nám sem byggir á þrautalausnum | 3,3 | 36 | 3,1 | 131 | 3,1 | 196 | 3,3 | 119 |
| Samvinnunám | 4,1 | 36 | 3,8 | 133 | 4,2 | 208 | 4,1 | 117 |

Hvað varðar yfirþáttinn fræðilegan hluta náms að þá voru það þrjú liðir sem mynduðu þann þátt. Þetta er sá yfirþáttur sem nemendur töldu að ríkust áhersla hafi verið lögð á af yfirþáttunum þremur. Skemmst er frá því að segja að allir liðirnir skora nokkuð hátt eða um og yfir 4 að meðaltali. Ríkust áhersla var lögð á sjálfsnám og sjálfstæð vinnubrögð en fræðileg þekking á kenningum og hugtökum fylgir þar fast á eftir ásamt rannsóknaskýrslum, ritgerðum, og öðrum skriflegum verkefnum. Meðalskor kvenna er hærra en karla í öllum liðum en munurinn er mestur þegar kemur að fræðilegri þekkingu á kenningum og hugtökum en konur telja að mun ríkari áhersla hafi verið lögð á hann en karlar.

Tafla 12. Fræðilegur hluti náms, greint eftir kyni.

| Fræðilegur hluti náms: | Allir | | Karlur | | Konur | |
|---|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi |
| Fræðileg þekking á kenningum og hugtökum | 3,97 | 495 | 3,68 | 132 | 4,08 | 363 |
| Rannsóknarskýrslur, ritgerðir og önnur verkefni | 3,95 | 491 | 3,82 | 130 | 3,99 | 361 |
| Sjálfsnám og sjálfstæðar skoðanir | 4,03 | 497 | 3,83 | 132 | 4,10 | 365 |

Meðalskor brautskráðra nemenda úr heilbrigðis- og kennaradeild er mun hærra en nemenda úr auðlinda- og viðskiptadeild, sérstaklega hvað varðar fræðilega þekkingu á kenningum og hugtökum.

Tafla 13. Fræðilegur hluti náms, greint eftir háskóladeild.

| Fræðilegur hluti náms: | Auðlinda-deild | | Heilbrigðis-deild | | Kennaradeild | | Viðskipta-deild | |
|---|----------------|--------|-------------------|--------|--------------|--------|-----------------|--------|
| | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi |
| Fræðileg þekking á kenningum og hugtökum | 3,5 | 36 | 4,2 | 132 | 4,2 | 208 | 3,6 | 119 |
| Rannsóknarskýrslur, ritgerðir og önnur verkefni | 4,0 | 36 | 3,9 | 133 | 4,1 | 203 | 3,7 | 119 |
| Sjálfsnám og sjálfstæðar skoðanir | 3,8 | 36 | 4,1 | 133 | 4,2 | 209 | 3,7 | 119 |

5.5 Ánægja með námið við HA

Í þessum hluta er fjallað um ánægju brautskráðra nemenda frá HA með það nám sem þeir luku. Spurt var þriggja megin spurningar til að meta ánægju með námið við HA. Í fyrsta lagi voru einstaklingar beðnir um að gefa 21 þætti varðandi námið einkunn, í öðru lagi að segja til um hvort afstaða til námsins hafi breyst í árána rás og í þriðja lagi hvort val á háskólanámi hefði breyst ef viðkomandi væri að velja sér námsleið í dag.

Byrjað var á því að spyrja um þegar að á heildina væri litið hvaða einkunn viðkomandi gæfi ákveðnum þáttum í námi þínu í Háskólanum á Akureyri. Spurningin var í 21 lið sem flokkaðir voru

niður í fjóra yfirþætti¹⁹; (1) gæði náms, (2) aðstaða til náms, (3) reynsla og starfsnám og (4) ráðgjöf eða handleiðsla kennara.

Þeir liðir sem flokkuðust til gæði nám voru; (1) uppbygging námsgreinar þinnar, (2) innihald námskeiða, (3) fjölbreytni námskeiða, (4) möguleikinn á að velja námskeið og sérhæfa sig, (5) gæði kennslunnar og (6) námsmat.

Þeir liðir sem flokkuðust til aðstöðu til náms voru; (1) aðstaða og aðbúnaður, (2) kennslustofur, (3) lesaðstaða, (4) framboð námsgagna og (5) gæði bókasafns.

Þeir liðir sem flokkuðust til reynslu og starfsnáms voru; (1) möguleikinn á að taka þátt í rannsóknaverkefnum, (2) áherslur á rannsóknir í námi og kennslu, (3) starfsþjálfun eða önnur starfsreynsla og (4) hagnýtum áherslum í námi og kennslu.

Þeir liðir sem flokkuðust til ráðgjafar og handleiðslu kennara voru; (1) möguleikinn til samskipta við kennara utan kennslustunda, (2) samskipti við samnemendur, (3) stafráðgjöf kennara eða annarra starfsmanna, (4) almenn ráðgjöf í akademískum vinnubrögðum, (5) möguleikum nemenda til að hafa áhrif á stefnu skólans og (6) aðstoð eða ráðgjöf við lokaverkefni.

Heilt yfir er mat brautskráðra nemenda frá HA á náminu frekar gott og meta þeir ráðgjöf og handleiðslu besta. Meðalskor allra liða sem mynda þann yfirflokk er 3,6 af 5,0 mögulegum. Helst er það reynsla og starfsnám sem nemendurnir meta minna en þó er meðalskor þeirra liða sem mynda þann yfirflokk 3,19 sem er aðeins yfir meðaltali. Hvað varðar kynferði þá meta konur almennt alla yfirflokka um hærra en karlar og er mestur munur varðandi ráðgjöf og handleiðslu kennara en meðalskor karla er 3,4 fyrir þann flokk en 3,7 hjá konum.

¹⁹ Notast var við sömu undirþætti og er að finna í samskonar skýrslu frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um gildi og gagnsemi náms í HÍ, 2004.

Tafla 14. Mat á þáttum í námi, greint eftir kyni.

| Yfirflokkur | Allir | | Karlur | | Konur | |
|-----------------------------------|----------------|--------|----------------|--------|----------------|--------|
| | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi |
| Gæði náms | 3,47 | 498 | 3,29 | 132 | 3,53 | 366 |
| Aðstaða til náms | 3,46 | 495 | 3,21 | 130 | 3,54 | 365 |
| Reynsla og starfsnám | 3,19 | 493 | 3,02 | 131 | 3,25 | 362 |
| Ráðgjöf og handleiðsla kennara | 3,61 | 497 | 3,42 | 132 | 3,68 | 365 |

Hvað háskóladeild varðar eru nemendur úr öllum deildum sammála að ráðgjöf og handleiðsla kennara hafi verið best. Almennt gefa brautskráðir nemendur úr auðlinda- og viðskiptadeild flokkunum mun lægri einkunnir en brautskráðir nemendur frá heilbrigðis- og kennaradeild. Athygli vekur að nemendur úr kennaradeild meta aðstöðu til náms mun betri en nemendur úr öðrum háskóladeildum. Jafnfram kemur hér í ljós að nemendur úr viðskiptadeild telja að reynsla og starfsnám hafi ekki verið nógu góð en meðalskor þeirra liða sem mynda þann þátt hjá viðskiptadeild er 2,85 sem er óásættanlegt.

Tafla 15. Mat á þáttum, greint eftir háskóladeild.

| Yfirflokkur | Auðlindadeild | | Heilbrigðisdeild | | Kennaradeild | | Viðskipta- deild | |
|-----------------------------------|----------------|--------|------------------|--------|----------------|--------|---------------------|--------|
| | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi |
| Gæði náms | 3,25 | 36 | 3,56 | 134 | 3,55 | 208 | 3,28 | 120 |
| Aðstaða til náms | 3,23 | 36 | 3,45 | 134 | 3,60 | 205 | 3,29 | 120 |
| Reynsla og starfsnám | 3,23 | 36 | 3,43 | 134 | 3,22 | 203 | 2,85 | 120 |
| Ráðgjöf og handleiðsla kennara | 3,54 | 36 | 3,77 | 134 | 3,68 | 207 | 3,35 | 120 |

Hvað varðar yfirflokkinn gæði náms þá voru það sex liðir sem mynduðu þann flokk. Allir liðir koma hér vel út nema hvað varðar möguleikann á að velja námskeið og sérhæfa sig en að mati nemendanna þarf að skoða þetta betur því meðalskor þessa liðar er aðeins 2,6 sem er nokkuð undir meðalskori. Konur eru mun óánægðari með þetta en karlar en að öðru leiti gefa konur að meðaltali öllum liðum hærra einkunn en karlar.

Tafla 16. Gæði náms, greint eftir kyni.

| Gæði náms | Allir | | Karlur | | Konur | |
|--|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Skipulag námsgreinar þinnar | 3,60 | 491 | 3,37 | 131 | 3,68 | 360 |
| Innihald námskeiða | 3,62 | 494 | 3,44 | 131 | 3,68 | 363 |
| Fjölbreytni námskeiða | 3,69 | 491 | 3,48 | 131 | 3,77 | 360 |
| Möguleikinn á að velja námskeið og sérhæfa sig | 2,62 | 472 | 2,77 | 125 | 2,57 | 347 |
| Gæði kennslunnar | 3,57 | 498 | 3,26 | 132 | 3,69 | 366 |
| Námsmat | 3,62 | 489 | 3,41 | 132 | 3,70 | 357 |

Sé horft til háskóladeilda má sjá að nemendur úr auðlinda- og kennaradeild eru mun óánægðari með möguleikann á að velja námskeið og sérhæfa sig, sérstaklega nemendur úr heilbrigðisdeild. Þó meta þeir hæst af öllum liðinn fjölbreytni námskeiða og gæði kennslunnar. Nemendur úr auðlindadeild meta hæst fjölbreytni námskeiða en nemendur úr kennaradeild námsmat og gæði kennslunnar. Nemendur úr viðskiptadeild gefa gæðum náms almennt lægri einkunn en nemendur úr öðrum deildum en innihald og fjölbreytni námskeiða eru liðir sem fá hæstu einkunn hjá þeim.

Tafla 17. Gæði náms, greint eftir háskóladeild.

| Gæði náms | Auðlinda-deild | | Heilbrigðis-deild | | Kennaradeild | | Viðskipta-deild | |
|--|----------------|--------|-------------------|--------|--------------|--------|-----------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Skipulag námsgreinar þinnar | 3,6 | 36 | 3,8 | 134 | 3,6 | 201 | 3,4 | 120 |
| Innihald námskeiða | 3,3 | 35 | 3,7 | 134 | 3,7 | 205 | 3,5 | 120 |
| Fjölbreytni námskeiða | 3,7 | 36 | 3,8 | 134 | 3,7 | 201 | 3,5 | 120 |
| Möguleikinn á að velja námskeið og sérhæfa sig | 2,6 | 36 | 2,4 | 130 | 2,7 | 186 | 2,8 | 120 |
| Gæði kennslunnar | 3,0 | 36 | 3,8 | 134 | 3,8 | 208 | 3,2 | 120 |
| Námsmat | 3,3 | 36 | 3,7 | 133 | 3,8 | 201 | 3,4 | 119 |

Hvað varðar yfirflokkinn aðstaða til náms þá eru það fimm liðir sem mynduðu þann flokk. Karlur meta almennt alla liði nokkuð lægra en konur en þeir eru ánægðastir með gæði bókasafnsins en ekki eins ánægðir með lesaðstöðuna. Konur eru líka ánægðastar með gæði bókasafnsins en þær eru mun ánægðari með framboð

námsgagna en karlar. Lesaðstaðan fær einnig lægsta meðaleinkunn hjá konum.

Tafla 18. Aðstaða til náms, greint eftir kyni.

| Aðstaða til náms: | Allir | | Karlar | | Konur | |
|----------------------|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Aðstaða og aðbúnaður | 3,33 | 478 | 3,14 | 126 | 3,39 | 352 |
| Kennslustofur | 3,33 | 481 | 3,23 | 128 | 3,37 | 353 |
| Lesaðstaða | 3,23 | 473 | 3,07 | 125 | 3,28 | 348 |
| Framboð námsgagna | 3,56 | 484 | 3,21 | 129 | 3,69 | 355 |
| Gæði bókasafns | 3,76 | 493 | 3,34 | 130 | 3,91 | 363 |

Hvað háskóladeild varðar má sjá að aðallega er það framboð námsgagna og gæði bókasafns sem fær hærri meðaleinkunn hjá heilbrigðis- og kennaradeildarnemendum og nemendur úr viðskiptadeild gefa kennslustofunum að meðaltali hærri einkunn en nemendur úr öðrum deildum.

Tafla 19. Aðstaða til náms, greint eftir háskóladeild.

| Aðstaða til náms: | Auðlindadeild | | Heilbrigðisdeild | | Kennaradeild | | Viðskipta-deild | |
|----------------------|---------------|--------|------------------|--------|--------------|--------|-----------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Aðstaða og aðbúnaður | 3,3 | 35 | 3,3 | 132 | 3,4 | 191 | 3,1 | 120 |
| Kennslustofur | 3,2 | 36 | 3,3 | 129 | 3,3 | 196 | 3,4 | 120 |
| Lesaðstaða | 3,3 | 36 | 3,1 | 130 | 3,4 | 187 | 3,1 | 120 |
| Framboð námsgagna | 3,1 | 36 | 3,7 | 132 | 3,7 | 196 | 3,3 | 120 |
| Gæði bókasafns | 3,3 | 36 | 3,8 | 134 | 4,0 | 203 | 3,5 | 120 |

Hvað varðar yfirflokkinn reynsla og starfsnám þá eru það fjórir liðir sem tilheyra þeim flokki. Hér eru það í raun tveir liðir þar sem útkoman er ekki nógu góð en það eru möguleikinn á að taka þátt í rannsóknaverkefnum og áherslur á rannsóknir í námi. Einnig eru karlar ekki nógu ánægðir með starfsþjálfun eða aðra starfsreynslu.

Tafla 20. Reynsla og starfsnám, greint eftir kyni.

| Reynsla og starfsnám | Allir | | Karlur | | Konur | |
|---|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi |
| Möguleikinn á að taka þátt í rannsóknaverkefnum | 2,75 | 455 | 2,78 | 118 | 2,74 | 337 |
| Áherslur á rannsóknir í námi og kennslu | 2,95 | 459 | 2,73 | 120 | 3,02 | 339 |
| Starfsþjálfun eða önnur starfsreynsla | 3,40 | 469 | 2,80 | 123 | 3,62 | 346 |
| Hagnýtar áherslur í námi og kennslu | 3,53 | 489 | 3,48 | 130 | 3,54 | 359 |

Hvað háskóladeild varðar að þá meta nemendur úr heilbrigðisdeild starfsþjálfun sína mjög góða en að sama skapi eru nemendur úr viðskiptadeild alls ekki nógu ánægðir með það sem og nemendur úr auðlinda- og viðskiptadeild. Nemendum úr kennara- og viðskiptadeild finnst vanta upp á áherslur á rannsóknir í námi og kennslu en meðalskor fyrir þann lið er 2,8 hjá báðum deildum en meðalskorið er 3,2 hjá nemendum úr hinum tveimur deildunum, auðlinda- og heilbrigðisdeild.

Tafla 21. Reynsla og starfsnám, greint eftir háskóladeild.

| Reynsla og starfsnám | Auðlinda-deild | | Heilbrigðis-deild | | Kennaradeild | | Viðskipta-deild | |
|---|----------------|--------|-------------------|--------|--------------|--------|-----------------|--------|
| | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi |
| Möguleikinn á að taka þátt í rannsóknaverkefnum | 3,2 | 36 | 2,8 | 129 | 2,7 | 170 | 2,7 | 120 |
| Áherslur á rannsóknir í námi og kennslu | 3,2 | 36 | 3,2 | 131 | 2,8 | 173 | 2,8 | 119 |
| Starfsþjálfun eða önnur starfsreynsla | 3,1 | 36 | 4,0 | 131 | 3,6 | 184 | 2,5 | 118 |
| Hagnýtar áherslur í námi og kennslu | 3,5 | 35 | 3,7 | 134 | 3,5 | 200 | 3,4 | 120 |

Yfirflokkinn ráðgjöf eða handleiðsla kennara mynda sex liðir sem hver um sig fær mjög misháa meðaleinkunn hjá brautskráðum nemendum þó þetta sé yfirflokkur sem fær bestu einkunn í heild sinni hjá svarendum. Greinilegt er að nemendur eru almennt mjög ánægðir með samskipti sín við aðra nemendur en sá liður fær meðaleinkunn vel yfir 4. Lægstur einkunn hér að meðaltali fær liðurinn „möguleikinn til að hafa áhrif á stefnu skólans“ og er

Það rétt í kringum meðaltal. Það og starfsráðgjöf kennara eða annarra starfsmanna fær lægstu meðaleinkunnina hjá körlum en eins og áður að þá gefa konur að meðaltali nokkuð hærri einkunn en karlar.

Tafla 22. Ráðgjöf eða handleiðsla kennara, greint eftir kyni.


| Ráðgjöf eða handleiðsla kennara | Allir | | Karlar | | Konur | |
|--|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Möguleikinn til samskipta við kennara utan kennslustunda | 3,77 | 487 | 3,63 | 131 | 3,83 | 356 |
| Samskipti við nemendur | 4,30 | 494 | 4,21 | 131 | 4,34 | 363 |
| Starfsráðgjöf kennara eða annarra starfsmanna | 3,16 | 458 | 2,97 | 127 | 3,23 | 331 |
| Almenn ráðgjöf í akademískum vinnubrögðum | 3,62 | 488 | 3,38 | 131 | 3,71 | 357 |
| Möguleiki nemenda til að hafa áhrif á stefnu skólans | 3,04 | 466 | 3,06 | 122 | 3,03 | 344 |
| Aðstoð eða ráðgjöf við lokaverkefni | 3,69 | 486 | 3,18 | 131 | 3,88 | 355 |

Eins og áður gefa nemendur úr viðskiptadeild nokkuð lægri einkunnir en nemendur úr öðrum háskóladeildum sérstaklega hvað varðar starfsráðgjöf kennara eða annarra starfsmanna sem er í raun að mati nemendanna óásættanlegt. Einnig skorar lægra möguleikinn til samskipta við kennara utan kennslustunda hjá nemendum úr viðskiptadeild. Hvað varðar aðstoð og ráðgjöf við lokaverkefni eru nemendur úr heilbrigðisdeild mjög ánægðir við þann lið og gefa honum að meðaltali einkunnina 4.

Tafla 23. Ráðgjöf eða handleiðsla kennara, greint eftir háskóladeild.


| Ráðgjöf eða handleiðsla kennara | Auðlinda-deild | | Heilbrigðis-deild | | Kennara-deild | | Viðskipta-deild | |
|--|----------------|-----|-------------------|-----|---------------|-----|-----------------|-----|
| | Meðal-skor | Fj. | Meðal-skor | Fj. | Meðal-skor | Fj. | Meðal-skor | Fj. |
| Möguleikinn til samskipta við kennara utan kennslustunda | 3,8 | 36 | 3,9 | 133 | 3,8 | 199 | 3,6 | 119 |
| Samskipti við nemendur | 4,3 | 36 | 4,4 | 134 | 4,3 | 204 | 4,2 | 120 |
| Starfsráðgjöf kennara eða annarra starfsmanna | 3,1 | 36 | 3,3 | 123 | 3,4 | 181 | 2,7 | 118 |
| Almenn ráðgjöf í akademískum vinnubrögðum | 3,4 | 36 | 3,8 | 134 | 3,7 | 198 | 3,4 | 120 |
| Möguleiki nemenda til að hafa áhrif á stefnu skólans | 3,5 | 36 | 3,2 | 129 | 2,9 | 182 | 3,0 | 119 |
| Aðstoð eða ráðgjöf við lokaverkefni | 3,2 | 36 | 4,0 | 134 | 3,8 | 196 | 3,3 | 120 |

Hvað varðar afstöðu svarenda til námsins í HA, þ.e. hvort viðkomandi sé ánægðari eða óánægðari með námið nú en þegar hann útskrifaðist, er skemmst er frá því að segja að heilt yfir eru brautskráðir nemendur frá HA á viðmiðunarárrunum hvorki ánægðari né óánægðari með námið nú en þegar þeir útskrifuðust.




Mynd 50. Ertu ánægðari eða óánægðari með námið nú en þegar þú útskrifaðist?

Hvað kynferði varðar að þá er hærra hlutfall karla en kvenna ánægðari nú með námið nú eða 32% karla á móti 21% kvenna. Jafnframt er hærra hlutfall karla óánægðari með námið nú en áður eða 12% á móti 6% kvenna.



Mynd 51. Ertu ánægðari eða óánægðari með námið nú en þegar þú útskrifaðist, greint eftir kyni.

Ekki er hægt að greina neinn afgerandi mun á svörum einstaklinga eftir háskóladeild. Þó er mun lægra hlutfall nemenda úr heilbrigðisdeild sem eru óánægðari með námið nú en við útskrift þó í öllum tilfellum sé þetta hlutfall nokkuð lágt eða í kringum 10%.



Mynd 52. Ertu ánægðari eða óánægðari með námið nú en þegar þú útskrifaðist, greint eftir háskóladeild.


Ekki er hægt að greina neinn afgerandi mun milli útskriftar-árganga, sérstaklega þar sem svo fáir taka í raun afstöðu auk þess sem útskriftarárgangar voru mjög smáir fyrstu árin. Þó má segja að tilhneigingin sé sú að á seinni árum séu fleiri sem segjast óánægðari.

Tafla 24. Ertu ánægðari eða óánægðari með námið nú en þegar þú útskrifaðist, greint eftir útskriftarári.

| Útskriftarár | Ánægðari | | Hvorki né | | Óánægðari | |
|--------------|--------------|------------|--------------|------------|-------------|-----------|
| | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi |
| 1989 | 40,0% | 2 | 60,0% | 3 | - | - |
| 1990 | - | - | 100,0% | 2 | - | - |
| 1991 | 14,3 | 1 | 71,4% | 5 | 14,3% | 1 |
| 1992 | 28,6% | 2 | 71,4% | 5 | - | - |
| 1993 | 11,8% | 2 | 88,2% | 15 | - | - |
| 1994 | 42,9% | 6 | 50,0% | 7 | 7,1% | 1 |
| 1995 | 46,2% | 6 | 53,8% | 7 | - | - |
| 1996 | 20,9% | 9 | 72,1% | 31 | 7,0% | 3 |
| 1997 | 15,4% | 4 | 84,6% | 22 | - | - |
| 1998 | 21,4% | 6 | 57,1% | 16 | 21,4% | 6 |
| 1999 | 20,9% | 9 | 74,4% | 32 | 4,7% | 2 |
| 2000 | 19,7% | 12 | 70,5% | 43 | 9,8% | 6 |
| 2001 | 28,4% | 19 | 65,7% | 44 | 6,0% | 4 |
| 2002 | 21,9% | 14 | 70,3% | 45 | 7,8% | 5 |
| 2003 | 28,0% | 28 | 65,0% | 65 | 7,0% | 7 |
| Allir | 24,1% | 120 | 68,8% | 342 | 7,0% | 35 |

Ennfremur var spurt að ef einstaklingurinn væri að ljúka námi í framhaldsskóla nú, hversu líklegt væri að hann myndi velja nám í HA, sömu námsgrein, lengra háskólanám, styttra háskólanám eða að leggja ekki stund á háskólanám. Skemmst er frá því að segja að nemendur virðast almennt vera ánægðir með nám sitt í HA en rúm 76% telur mjög eða frekar líklegt að hann myndi velja nám við Háskólann á Akureyri aftur. Þó eru 3% nemenda sem telur það mjög ólíklegt. Í langflestum tilvikum telja nemendur að þeir myndu leggja stund á háskólanám ef þeir væru að ljúka námi í framhaldsskóla nú en rúmlega 3% svarenda telja það mjög eða frekar ólíklegt.

Reiknað var út meðalskor hvers útskriftarárgangs varðandi þessa fimm þætti. Ekki er hægt að greina neina tilhneigingu í hvora áttina sem er eftir árgöngum. Sjá nánar töflu hér næst á eftir.




Mynd 53. Ef þú værir að ljúka námi í framahaldsskóla nú, hvað myndir þú velja?

Tafla 25. Meðalskor varðandi hversu líklegt eða ólíklegt að það sama yrði fyrir valinu, greint eftir útskriftarárgöngum.


| Ár | Nám í HA | | Sama námsgrein | | Lengra háskólanám | | Styttra háskólanám | | Stunda ekki háskólanám | |
|--------------|------------|------------|----------------|------------|-------------------|------------|--------------------|------------|------------------------|------------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| 1989 | 3,6 | 5 | 2,8 | 5 | 4,0 | 5 | 1,4 | 5 | 1,0 | 5 |
| 1990 | 5,0 | 2 | 3,5 | 2 | 5,0 | 2 | 1,0 | 2 | 1,0 | 2 |
| 1991 | 4,3 | 7 | 4,3 | 7 | 3,9 | 7 | 1,4 | 7 | 1,1 | 7 |
| 1992 | 4,9 | 7 | 4,3 | 7 | 4,1 | 7 | 1,5 | 6 | 1,1 | 7 |
| 1993 | 3,6 | 16 | 3,1 | 17 | 3,1 | 16 | 1,6 | 16 | 1,0 | 16 |
| 1994 | 4,4 | 14 | 4,5 | 13 | 4,1 | 13 | 1,4 | 12 | 1,3 | 12 |
| 1995 | 4,3 | 13 | 3,5 | 13 | 3,5 | 13 | 2,2 | 12 | 1,0 | 11 |
| 1996 | 3,7 | 43 | 3,3 | 44 | 3,7 | 42 | 1,7 | 39 | 1,3 | 41 |
| 1997 | 4,5 | 26 | 4,1 | 25 | 3,2 | 23 | 1,9 | 23 | 1,0 | 22 |
| 1998 | 3,9 | 28 | 3,6 | 27 | 2,5 | 27 | 2,8 | 27 | 1,1 | 27 |
| 1999 | 4,3 | 41 | 3,9 | 41 | 3,3 | 38 | 2,2 | 33 | 1,2 | 33 |
| 2000 | 4,1 | 58 | 3,8 | 58 | 3,1 | 57 | 2,1 | 55 | 1,3 | 53 |
| 2001 | 4,1 | 65 | 4,0 | 65 | 3,3 | 64 | 2,0 | 60 | 1,2 | 61 |
| 2002 | 4,1 | 63 | 3,8 | 61 | 3,3 | 60 | 2,1 | 57 | 1,1 | 57 |
| 2003 | 4,2 | 98 | 3,9 | 95 | 3,2 | 85 | 2,3 | 76 | 1,3 | 81 |
| Allir | 4,1 | 486 | 3,8 | 480 | 3,2 | 459 | 2,1 | 430 | 1,2 | 435 |

Hvað varðar nám við HA, þá má sjá að kynferði²⁰ hefur áhrif á svör einstaklinga. Karlar telja í meira mæli minni líkur á því að nám í HA yrði fyrir valinu en konur því um 65,9% karla á móti 79,6% kvenna myndi mjög eða frekar líklega velja nám við HA.



Mynd 54. Líklegt eða ólíklegt að velja nám í HA, greint eftir kyni.


Sjá má nokkurn mun á svörum einstaklinga eftir háskóladeild. Nemendur úr heilbrigðisdeild telja í mun meiri mæli að það sé mjög eða frekar líklegt að nám við HA yrði aftur fyrir valinu. Munurinn reyndist þó ekki marktækur.



Mynd 55. Líklegt eða ólíklegt að velja nám í HA, greint eftir háskóladeild.


²⁰ (Tau-c=,21;α=,000)

Hvað varðar nám í sömu námsgrein, þá má sjá að karlar²¹ telja í minni mæli en konur að það sé mjög eða frekar líklegt að sama námsgrein yrði fyrir valinu eða 58% karla á móti 72% kvenna.



Mynd 56. Líklegt eða ólíklegt að velja nám í sömu námsgrein, greint eftir kyni.

Háskóladeild²² hefur áhrif á svör nemenda um hvort sama námsgrein. Þannig telja nemendur úr heilbrigðisdeild í mun meiri mæli að það sé mjög eða frekar líklegt að sama námsgrein yrði fyrir valinu.




Mynd 57. Líklegt eða ólíklegt að velja nám í sömu námsgrein, greint eftir háskóladeild.

²¹ (Tau-c=,18;α=,000)


²² (Tau-c=,08;α=,026)

Hvað varðar lengra háskólanám að þá má sjá að karlar²³ telja í mun meiri mæli að það sé mjög eða frekar líklegt að lengra háskólanám hefði orðið fyrir valinu en því svara 54% karla en 35% kvenna.



Mynd 58. Líklegt eða ólíklegt að velja lengra háskólanám, greint eftir kyni.

Háskóladeild²⁴ hefur einnig áhrif á svör fólks varðandi þessa spurningu. Nemendur úr kennara- og viðskiptadeild svara í mun meiri mæli því að það sé mjög eða frekar líklegt að lengra háskólanám hefði orðið fyrir valinu ef þeir væru nú að ljúka námi í framhaldsskóla.




Mynd 59. Líklegt eða ólíklegt að velja lengra háskólanám, greint eftir háskóladeild.

²³ (Tau-c=,15;α=,001)


²⁴ (Tau-c=,23;α=,000)

Hvað varðar styttra háskólanám er mjög lítil munur á svörum einstaklinga eftir kynferði. Þó eru karlar frekar á því að styttra háskólanám yrði fyrir valinu.



Mynd 60. Líklegt eða ólíklegt að velja styttra háskólanám, greint eftir kyni.

Háskóladeild²⁵ hefur hins vegar áhrif á svör einstaklinga hvort líklegt væri að styttra háskólanám yrði fyrir valinu þannig að nemendur úr viðskipta- og kennaradeild telja í meiri mæli að slíkt væri frekar eða mjög ólíklegt.




Mynd 61. Líklegt eða ólíklegt að velja styttra háskólanám, greint eftir háskóladeild.


Hvað varðar að leggja ekki stund á háskólanám að þá eru það mjög fáir einstaklingar sem telja mjög eða frekar líklegt að væru þeir að ljúka framhaldsskóla nú að þá færu þeir ekki í

²⁵ (Tau-c=,18;α=,000)

háskólanám. Enginn munur er á svörum fólks eftir kynferði eða háskóladeild.



Mynd 62. Líklegt eða ólíklegt að velja að fara ekki í háskóla, greint eftir kyni.



Mynd 63. Líklegt eða ólíklegt að velja að fara ekki í háskóla, greint eftir háskóladeild.


5.6 Námsárangur við HA

Í þessum hluta er fjallað um námsárangur brautskráðra nemenda frá HA á viðmiðunarárnum í því námi sem þeir luku síðast frá HA. Spurt var tveggja spurninga, annars vegar hver meðaleinkunnin hafi verið og þegar á heildina væri litið hvort að atvinna samhliða námi hafi haft góð eða slæm áhrif á námsárangurinn.

Einkunnum frá HA er skipt niður í fjóra flokka á brautskráningarskírteini, (1) ágætiseinkunn (9,00 til 10,0), (2) fyrsta einkunn


(7,25 til 8,99), (3) önnur einkunn (6,00 til 7,24) og (4) þriðja einkunn (5,00 til 5,99).

Algengast er að nemendur hafi brautskráðst með fyrstu einkunn en rúmlega 74% nemendanna svara því til að hafa fengið þá einkunn og tæplega 22% aðra einkunn.



Mynd 64. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast?


Kynferði²⁶ virðist hafa áhrif á einkunnir nemendanna því almennt hafa konur fengið hærra einkunn en karlar. Um 84% kvenna útskrifaðist frá HA með ágætiseinkunn eða fyrstu einkunn en aðeins um 62% karla.



Mynd 65. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir kyni.


²⁶ (tau-c; 0,18 og 0,00)

Hvað háskóladeild varðar má sjá að nemendur sem brautskráðst hafa frá auðlindadeild hafa almennt fengið aðeins lægri einkunnir en nemendur úr öðrum deildum, sérstaklega kennaradeild og heilbrigðisdeild.



Mynd 66. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir háskóladeild.

Það virðist ekki hafa haft afgerandi áhrif á einkunnir brautskráðra nemenda hvort þeir hafi lokið framhaldsskóla eða ekki. Þó má sjá að allir sem hafa brautskráðst með ágætiseinkunn luku framhaldsskóla og einkunnir þeirra sem luku framhaldsskóla eru aðeins hærrí en hinna.




Mynd 67. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir því hvort viðkomandi lauk framhaldsskóla eða ekki.

Hins vegar eru tengsl milli mats á einkunn á stúdentsprófi²⁷ og lokaekunnarnemenda. Þeir sem töldu einkunnir sínar á stúdentsprófi mjög eða frekar háar fengu hærrí einkunnir en


²⁷ (Tau-c=,10;α=,001)

aðrir. Þó er einn einstaklingur sem telur sig hafa fengið frekar lágar einkunnir á stúdentsprófi en brautskráðist frá HA með ágætiseinkunn.



Mynd 68. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir mati á einkunn á stúdentsprófi.


Einnig eru tengsl milli mats á undirbúningi fyrir háskólanámið og lokaeinkunnar frá HA. Fylgnin er á þann veg að eftir því sem lokaeinkunn er hærri þeim mun betri meta nemendur undirbúning sinn fyrir háskólanámið.



Mynd 69. Hver var meðaleinkunn þín í því námi sem þú laukst frá HA síðast, greint eftir mati á undirbúningi fyrir háskólanám.


Þá var skoðað hvort að þeir nemendur sem ekki stunduðu atvinnu samhliða námi hefðu brautskráðst með hærri lokaeinkunn en þeir sem ekki stunduðu atvinnu. Svo reyndist ekki vera og reyndar

kom það þannig út að flestir þeir einstaklingar sem brautskráðust með ágætiseinkunn stunduðu atvinnu samhliða námi.




Mynd 70. Stundaðir þú atvinnu samhliða námi, greint eftir námsárangri.

Þeir nemendur sem stunduðu nám samhliða vinnu voru spurðir að því að þegar á heildina væri litið hversu góð eða slæm áhrif atvinnan hafði á námsárangurinn. Skemmst er frá því að segja að brautskráðir nemendur frá HA á viðmiðunarárunum sem stunduðu atvinnu samhliða námi telja flestir (53,9%) að þegar á heildina væri litið að þá hefði atvinnan haft mjög eða frekar góð áhrif á námsárangurinn.




Mynd 71. Þegar á heildina er litið hversu góð eða slæm áhrif hafði atvinnan á námsárangur þinn?

Nokkuð fleiri konur telja að atvinnan samhliða námi hafi haft mjög eða frekar góð áhrif á námsárangur sinn eða 56% kvenna á móti 46% karla.



Mynd 72. Þegar á heildina er litið hversu góð eða slæm áhrif hafði atvinnan á námsárangur þinn, greint eftir kyni.

Tengsl eru milli háskóladeildar²⁸ og þess hvort nemendur telji að atvinnan samhliða námi hafi haft góð eða slæm áhrif á námsárgangurinn. Nemendur úr heilbrigðis- og kennaradeild telja í meiri mæli en nemendur úr auðlinda- og viðskiptadeild að þegar á heildina sé litið hafi það haft mjög eða frekar góð áhrif á námsárgangurinn.



Mynd 73. Þegar á heildina er litið hversu góð eða slæm áhrif hafði atvinnan á námsárgangur þinn, greint eftir háskóladeild.


5.7 Viðmót starfsfólks HA

Í þessum hluta er fjallað um viðmót starfsfólks HA gagnvart nemendum. Spurt var um viðmót eftirfarandi starfsmanna; (1) kennara, (2) námsráðgjafa, (3) starfsfólks deildarskrifstofu, (4) starfsfólks í afgreiðslu, (5) starfsfólks á bókasafni, (6) starfsfólks í

²⁸ (Tau-c=20; a=,000)


tölvuþjónustu og (7) annars starfsfólks. Viðkomandi var beðinn um að segja til um hversu gott eða slæmt viðmót þeirra hafi verið gagnvart nemendum og jafnframt að segja hvort hann hafi átt samskipti við þetta starfsfólk eða ekki.

Skemmst er frá því að segja að almennt telja brautskráðir nemendur frá HA að viðmót starfsmanna HA hafi verið mjög eða frekar gott gagnvart nemendum. Helst eru nemendur ekki eins ánægðir með viðmót starfsfólks í tölvuþjónustu og námsráðgjafa.




Mynd 74. Þegar á heildina er litið hversu gott eða slæmt telur þú að viðmót starfsmanna HA hafi verið gagnvar nemendum?

Algengast var að brautskráðir nemendur hafi ekki átt samskipti við námsráðgjafa eða tæplega 65% svarenda en einnig hafði tæplega 27% svarenda ekki átt nein samskipti við starfsfólk í tölvuþjónustu.



Mynd 75. Áttirðu samskipti við starfsfólkið?


Hvað varðar viðmót kennara gagnvart nemendum að þá telja langflestir að það hafi verið mjög gott. Tengsl eru milli kynferðis²⁹ og mats á því hversu gott viðmót kennara var gagnvart nemendum. Karlar telja í meiri mæli en konur að það hafi ekki verið alveg nógu gott. Einnig má greina nokkurn mun á nemendum eftir háskóladeild. Nemendur úr kennaradeild- og heilbrigðisdeild telja í meiri mæli en nemendur úr öðrum deildum að viðmót kennara hafi verið mjög gott.



Mynd 76. Viðmót kennara gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild.


²⁹ (Tau-c=,10;α=,012)

Hvað varðar viðmót námsráðgjafa að þá telja mun fleiri konur en karlar að það hafi verið mjög eða frekar gott. Jafnframt telja nemendur úr heilbrigðisdeild það í meiri mæli mjög eða frekar gott en nemendur úr öðrum deildum, sérstaklega nemendur úr auðlindadeild.




Mynd 77. Viðmót námsráðgjafa gagnvart nemendur, greint eftir kynferði og háskóladeild.

Hvað varðar viðmót starfsfólks á deildarskrifstofum gagnvart nemendum að þá má helst sjá að þá telja hlutfallslega færri karlar og nemendur úr auðlindadeild viðmót þeirra vera mjög gott en annars telja langflestir að það sé nokkuð gott.




Mynd 78. Viðmót starfsfólks deildarskrifstofu gagnvart nemendur, greint eftir kynferði og háskóladeild.

Sömu sögu er að segja um viðmót starfsfólks í afgreiðslu en þar má helst sjá að hlutfallslega færri karlar og einkum nemendur úr auðlindadeild, telja viðmót þeirra vera mjög gott en annars telja langflestir að það sé nokkuð gott.



Mynd 79. Viðmót starfsfólks í afgreiðslu gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild.

Hvað varðar viðmót starfsfólks á bókasafni gagnvart nemendum að þá eru það helst nemendur úr auðlindadeild sem eru ekki eins ánægðir og nemendur úr öðrum háskóladeildum. Tengsl eru milli kynferðis³⁰ og hversu ánægðir nemendur eru með viðmót starfsfólks á bókasafni þannig að konur eru mun ánægðari en karlar.




Mynd 80. Viðmót starfsfólks á bókasafni gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild.

Einnig eru tengsl milli kynferðis³¹ og svara um viðmót starfsfólks í tölvuþjónustu þannig að konur taka í minni mæli afstöðu en þær sem það gera eru almennt ánægðari með viðmótið.


³⁰ (Tau-c=,12;α=,004)

³¹ (Tau-c=,13;α=,003)



Mynd 81. Viðmót starfsfólks í tölvuþjónustu gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild.

Hvað viðmót annars starfsfólks gagnvart nemendum varðar að þá má helst greina að nemendur úr auðlindadeild telja viðmót þeirra ekki alveg eins gott og nemendur úr öðrum deildum. Þó reyndist munurinn ekki marktækur.



Mynd 82. Viðmót annars starfsfólks gagnvart nemendum, greint eftir kynferði og háskóladeild.

5.8 Samantekt

Í þessum hluta er fjallað um helstu niðurstöður varðandi síðasta háskólanám sem viðkomandi brautskráðist úr frá HA.

Algengast er að brautskráðir nemendur á viðmiðunarárum brautskráðust með fyrstu háskólagráðu og þeir luku náminu á tilskildum tíma. Ennfremur luku langflestir nemendanna þeirri háskólagráðu sem þeir kusu að ljúka og þriðjungur nemendanna

svöruðu því til að það að hafa lokið háskólanámi skipti þá meira máli en sú gráða sem þeir útskrifuðust með.

Rúmlega helmingur svarenda unnu samhliða námi og í helming tilvika tengdist vinnan náminu í mjög miklum mæli. Almennt töldu nemendur að vinnan hafi ekki haft áhrif á námsárgangur sinn við HA.

Áherslur í náminu voru almennt góðar að mati nemendanna, sérstaklega hvað varðar fræðilegan hluta náms. Sömu sögu er að segja varðandi mat nemendanna á náminu. Heilt yfir eru þeir frekar ánægðir með námið, sérstaklega varðandi ráðgjöf og handleiðslu kennara. Telja langflestir það mjög eða frekar líklegt að þeir myndu aftur velja nám við Háskólann á Akureyri ef þeir væru að útskrifast úr framhaldsskóla í dag.

Hvað varðar námsárgangur brautskráðra nemenda þá er algengast að nemendur hafi brautskráðst með fyrstu einkunn. Hvort viðkomandi lauk framhaldsskóla eða ekki eða vann samhliða námi þá hafði það ekki áhrif á námsárgangur hans í HA. Hins vegar má sjá að eftir því sem lokaeinkunn er hærri þeim mun betur meta nemendur undirbúning sinn fyrir háskólanámið og hærri einkunnir á stúdentsprófi.

Almennt telja brautskráðir nemendur frá HA að viðmót starfsmanna HA hafi verið mjög eða frekar gott gagnvart nemendum. Helst er það að nemendur séu ekki nægilega ánægðir með viðmót starfsfólks í tölvuþjónustu og námsráðgjafa.


6. Atvinnuleit og starfsreynsla

Í þessum kafla er fjallað um atvinnuleit brautskráðra nemenda frá HA, hvernig hún hafi gengið og hvernig þeir báru sig að. Jafnframt er í þessum kafla fjallað um starfsreynslu þeirra.

6.1 Atvinnuleitin


Í þessum hluta er fjallað um atvinnuleitina sjálfa, hvenær hún hófst, hversu marga mánuði hún tók og hversu marga vinnuveitendur var haft samband við. Jafnframt er fjallað um hvað viðkomandi hafi fengið við síðan hann útskrifaðist. Til þess að leggja mat á þessa þætti var spurt fimm spurningar.

Um 38% brautskráðra nemenda hafa þurft að leita sér að atvinnu síðan námi þeirra við HA lauk.



Mynd 83. Hefur þú þurft að leita þér að atvinnu síðan þú laukst námi?


Kynferði³² hefur áhrif á það hvort að viðkomandi hafi þurft að leita sér að atvinnu síðan náminu lauk en mun fleiri karlar svara því til að þeir hafi þurft að standa í slíku.



Mynd 84. Hefur þú þurft að leita þér að atvinnu síðan þú laukst námi, greint eftir kyni.


³² (Tau-c=13;α=.002)

Einnig eru tengsl milli háskóladeildar³³ og þess að þurfa að leita sér að atvinnu. Nemendur úr auðlinda- og viðskiptadeild hafa í meiri mæli en nemendur úr heilbrigðis- og kennaradeild þurft að leita sér að atvinnu í námslok.



Mynd 85. Hefur þú þurft að leita þér að atvinnu síðan þú laukst námi, greint eftir háskóladeild.

Þeir sem svara því til að hafa ekki þurft að leita sér að atvinnu í námslok voru beðnir um að tilgreina hvers vegna ekki. Skemmst er frá því að segja að rúmlega helmingur svarenda (53,3%) fékk vinnu án þess að leita og meira en þriðjungur (36,6%) hélt áfram í þeirri vinnu sem hann hafði fengið áður en hann útskrifaðist.



Mynd 86. Af hverju þurftir þú ekki að leita þér að atvinnu?

³³ (Tau-c=,15;α=,000)


Hvað kynferði og háskóladeild varðar má sjá að nokkuð fleiri karlar en konur héldu áfram í námi eða stofnuðu eigin atvinnurekstur. Ennfremur er mun hærra hlutfall nemenda úr kennaradeild sem svarar því til að þeir hafi haldið áfram í þeirri vinnu sem þeir höfðu áður. Nemendur úr auðlindadeild og heilbrigðisdeild fengu í meiri mæli en nemendur úr öðrum deildum vinnu án þess að þurfa að leita sér að atvinnu.

Tafla 26. Af hverju þurftir þú ekki að leita að atvinnu, greint eftir kyni og háskóladeild.

| Kyn og háskóladeild | Ég hóf eigin atvinnurekstur | Ég hélt áfram í þeirri vinnu sem ég hafði áður en ég útskrifaðist | Ég hélt áfram í námi | Ég fékk vinnu án þess að leita | Annað |
|---------------------|-----------------------------|---|----------------------|--------------------------------|-------------|
| Karlar | 6,2% | 36,9% | 4,6% | 47,7% | 4,6% |
| Konur | 3,3% | 36,5% | 1,2% | 54,8% | 4,1% |
| Auðlindadeild | 0% | 16,7% | 0% | 83,3% | 0% |
| Heilbrigðisdeild | 1,0% | 23,5% | 1,0% | 69,4% | 5,1% |
| Kennaradeild | 2,1% | 51,4% | 0,7% | 41,0% | 4,9% |
| Viðskiptadeild | 15,4% | 25,0% | 7,7% | 50,0% | 1,9% |
| Samtals | 3,9% | 36,6% | 2,0% | 53,3% | 4,2% |


Einstaklingar voru beðnir um að segja til um hvenær þeir hófu atvinnuleit í tengslum við námslok sín, hvort það hafi verið fyrir útskriftina og þá hversu mörgum mánuðum fyrir það hafi verið, hvort það hafi verið um það leiti sem viðkomandi útskrifaðist eða eftir útskrift og þá hversu mörgum mánuðum.

Skemmst er frá því að segja að tæplega 55% nemenda hóf atvinnuleitina fyrir útskrift, 30% um það leiti sem þeir útskrifuðust og 15% eftir útskriftina.




Mynd 87. Hvenær hófst þú atvinnuleit í tengslum við námslok þín?

Nokkuð fleiri konur en karlar hófu atvinnuleitina fyrir útskriftina en mun fleiri karlar en konur hófu atvinnuleit um það leiti sem þeir útskrifuðust.



Mynd 88. Hvenær hófst þú atvinnuleit í tengslum við námslok þín, greint eftir kyni.

Tengsl eru milli háskóladeildar³⁴ og þess hvenær nemendur hófu atvinnuleitina. Mun hærra hlutfall nemenda úr heilbrigðisdeild og auðlindadeild hófu atvinnuleit fyrir útskrift en mun hærra hlutfall nemenda úr viðskiptadeild hóf atvinnuleitina um það leiti sem þeir útskrifuðust.



Mynd 89. Hvenær hófst þú atvinnuleit í tengslum við námslok þín, greint eftir háskóladeild.

Algengast var að þeir einstaklingar sem hófu atvinnuleit fyrir útskrift hafi byrjað um 2-4 mánuðum fyrir útskrift að leita sér að atvinnu. Að meðaltali byrjuðu þeir um 4,6 mánuðum fyrir útskrift og hefur sá tími lengst milli útskriftarárganga. Svo virðist sem þróunin sé sú að sá tími sem það tekur að leita sér að vinnu og fá vinnu sé að lengjast. Ennfremur má sjá að karlar virðast byrja atvinnuleitina mun fyrr en konur eða að meðaltali um 4,4

³⁴ (Tau-c=,27;α=,000)

mánuðum fyrir útskrift en konur um 3,5 mánuðum fyrir útskrift að meðaltali. Sjá má nokkurn mun milli háskóladeilda þannig að nemendur úr kennaradeild fara mun fyrr af stað en nemendur úr öðrum háskóladeildum.

Tafla 27. Hve mörgum mánuðum fyrir útskrift hófst þú atvinnuleit, greint eftir háskóladeild.

| Deildir: | Allir | | Karlur | | Konur | |
|-----------------|-----------|---------------|-----------|---------------|-----------|---------------|
| | Meðal-tal | Staðal-frávik | Meðal-tal | Staðal-frávik | Meðal-tal | Staðal-frávik |
| Auðlindadeild | 4,5 mán | 5,7 | 4,6 mán | 5,8 | 2,0 mán | - |
| Heilbrigðiseild | 3,1 mán | 2,9 | 3,0 mán | - | 3,1 mán | 2,9 |
| Kennaradeild | 4,7 mán | 5,6 | 6,2 mán | 5,0 | 4,4 mán | 5,8 |
| Viðskiptadeild | 2,9 mán | 2,0 | 2,6 mán | 1,4 | 3,1 mán | 2,5 |
| Samtals | 4,6 mán | 10,9 | 4,4 mán | 20,1 | 3,5 mán | 4,1 |


Þeir einstaklingar sem hófu atvinnuleit eftir útskrift gengu í langflestum tilvikum strax til verka um sumarið eða haustið. Algengast var að það liðu um 1-3 mánuðir frá útskrift og þar til atvinnuleitin hófst. Að meðaltali hófst þó atvinnuleitin ekki fyrr en 7,9 mánuðum eftir útskrift en nokkuð mikill munur er milli kynja þar sem konur hófu atvinnuleit að meðaltali ekki fyrr en 9,2 mánuðum eftir útskrift en karlar að meðaltali um 2,6 mánuðum eftir útskrift. Hvað varðar útskriftaráganga þá hefur sá tími styst að meðaltali sem líður frá því að útskrift er og þangað til að atvinnuleitin hefst.

Tafla 28. Hve mörgum mánuðum fyrir útskrift hófst þú atvinnuleit, greint eftir háskóladeild.

| Deildir: | Allir | | Karlur | | Konur | |
|-----------------|-----------|---------------|-----------|---------------|-----------|---------------|
| | Meðal-tal | Staðal-frávik | Meðal-tal | Staðal-frávik | Meðal-tal | Staðal-frávik |
| Auðlindadeild | 6,0 mán | - | - | - | 6,0 | - |
| Heilbrigðiseild | 4,8 mán | 1,9 | - | - | 4,8 | 1,9 |
| Kennaradeild | 10,7 mán | 13,0 | 2,0 mán | - | 11,3 mán | 13,3 |
| Viðskiptadeild | 6,1 mán | 5,3 | 2,7 mán | 3,0 | 8,3 mán | 5,5 |
| Samtals | 7,9 mán | 9,4 | 2,6 mán | 2,8 | 9,2 mán | 10,0 |


Algengast var að brautskráðir nemendur hafi haft samband við einn vinnuveitanda áður en þeir fengu fyrsta starfið eftir námslok eða rúm 54% svarenda, 13,5% höfðu samband við tvo vinnuveitendur og 11,6% þrjá. Um 14% svarenda höfðu samband við sex vinnuveitendur eða fleiri en sá sem hafði samband við flesta

vinnuveitendur svarar því til að hann hafi haft samband við um það bil 50.




Mynd 90. Hversu marga vinnuveitendur hafðir þú samband við áður en þú fékkst fyrsta starfið eftir námslok?

Í langflestum tilvikum voru brautskráðir nemendur komnir í vinnu strax eftir útskrift en í nokkrum tilfellum tók það lengri tíma að fá atvinnu. Um 58% svarenda voru komnir í vinnu strax eftir útskriftina og tæplega 20% innan mánaðar. Rúm 5% nemendanna svöruðu því til að það hafi tekið þá níu mánuði eða lengur að fá fyrsta starfið sitt.



Mynd 91. Hversu marga mánuði tók þig að fá fyrsta starfið eftir útskrift?

Ennfremur var spurt hvað viðkomandi hafi helst fengist við síðan hann lauk námi frá HA. Í langflestum tilvikum hafa brautskráðir nemendur verið í föstu starfi eða um 86% svarenda, rúm 6% að annast börn eða fjölskyldu og rúm 3% í frekara námi.



Mynd 92. Hvað hefur þú helst fengist við síðan þú laukst námi frá HA?

Tengsl eru milli kynferðis³⁵ og þess hvað einstaklingar tóku sér fyrir hendur eftir að námi þeirra lauk. Mun hærra hlutfall karla en kvenna hefur verið í föstu starfi eða störfum en konur hafa í meiri mæli annast börn eða fjölskyldu eða frekara námi en karlar.

Tafla 29. Hvað hefur þú helst fengist við síðan þú laukst námi í HA, greint eftir kyni.

| Svarmöguleiki | Allir: | | Karlar | | Konur | |
|-------------------------------|------------|-------------|------------|-------------|------------|-------------|
| | Fjöldi: | % | Fjöldi: | % | Fjöldi: | % |
| Í föstu starfi/störfum | 426 | 86,2% | 120 | 93,8% | 306 | 83,6% |
| Í tímabundnu/m starfi/störfum | 5 | 1,0% | 1 | 0,8% | 4 | 1,1% |
| Í nokkrum störfum á sama tíma | 7 | 1,4% | 2 | 1,6% | 5 | 1,4% |
| Atvinnulaus | 1 | 0,2% | 1 | 0,8% | - | - |
| Í frekara námi | 17 | 3,4% | 3 | 2,3% | 14 | 3,8% |
| Annast börn eða fjölskyldu | 30 | 6,0% | - | - | 30 | 8,2% |
| Annað | 8 | 1,6% | 1 | 0,8% | 7 | 1,9% |
| Samtals | 494 | 100% | 128 | 100% | 366 | 100% |

Engin marktæk tengsl eru milli háskóladeilda og svara við þessari spurningu en hins vegar má sjá að það er misjafnt hvað nemendur hafa haft fyrir stafni eftir háskóladeildum. Nemendur úr auðlindadeild hafa annað hvort farið í starf eða frekara nám. Hlutfallslega fæstir nemendur úr heilbrigðisdeild hafa farið í fast starf en nokkuð hærra hlutfall þeirra hefur annast börn og fjölskyldu. Aðeins einn nemandi segist hafa verið atvinnulaus þennan tíma og kemur sá nemandi úr viðskiptadeild.

³⁵ (Tau-c=,08;α=,000)

Tafla 30. Hvað hefur þú helst fengist við síðan þú laukst námi í HA, greint eftir háskóladeild.

| Svarmöguleiki | Auðlinda- deild | | Heilbrigðis- deild | | Kennara- deild | | Viðskipta- deild | |
|-------------------------------|--------------------|-------------|-----------------------|-------------|-------------------|-------------|---------------------|-------------|
| | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % |
| Í föstu starfi/störfum | 34 | 97,1% | 108 | 82,4% | 184 | 88,0% | 100 | 84,0% |
| Í tímabundnu/m starfi/störfum | - | - | 2 | 1,5% | 1 | 0,5% | 2 | 1,7% |
| Í nokkrum störfum á sama tíma | - | - | 3 | 2,3% | 2 | 1,0% | 2 | 1,7% |
| Atvinnulaus | - | - | - | - | - | - | 1 | 0,8% |
| Í frekara námi | 1 | 2,9% | 6 | 4,6% | 5 | 2,4% | 5 | 4,2% |
| Annast börn eða fjölskyldu | - | - | 12 | 9,2% | 12 | 5,7% | 6 | 5,0% |
| Annað | - | - | - | - | 5 | 2,4% | 3 | 2,5% |
| Samtals | 35 | 100% | 131 | 100% | 209 | 100% | 119 | 100% |


6.2 Aðferðir við atvinnuleitina

Í þessum hluta er fjallað um þær aðferðir sem einstaklingar notuðu við leitina að fyrsta starfinu eftir útskrift og mat þeirra á hvaða aðferð sé áhrifaríkust. Jafnframt er fjallað um hvaða atriði voru mikilvægust fyrir vinnuveitandann þegar hann réð viðkomandi í starf. Til þess að meta þessa þætti var spurt þriggja megin spurninga en tvær þeirra eru í nokkrum liðum.

Byrjað var á því að spyrja hvaða aðferð viðkomandi notaði þegar hann leitaði að fyrsta starfinu eftir að hann lauk námi. Gefnir voru 12 valmöguleikar; (1) ég sótti um auglýst störf, (2) ég hafði samband við vinnuveitendur án þess að vita hvort þar væri laust starf eða ekki, (3) ég auglýsti sjálfur eftir starfi, t.d. í dagblaði eða á Netinu, (4) vinnuveitandi bauð mér starf að fyrra bragði, (5) ég hafði samband við opinbera atvinnumiðlun, (6) ég hafði samband við einkarekna ráðningarstofu, (7) ég leitaði aðstoðar hjá Atvinnumiðstöð stúdenta, (8) ég leitaði aðstoðar hjá kennurum mínum, (9) ég notaði sambönd sem ég hafði aflað mér við störf á námstímanum, (10) ég notaði persónuleg sambönd/kunningskap (t.d. foreldra, ættingja, vini), (11) ég hóf eigin rekstur og (12) annað og þá hvað. Viðkomandi átti að merkja við alla þá valmöguleika sem við áttu.

Skemmst er frá því að segja að algengast er að brautskráðir nemendur frá HA á viðmiðunarárrunum hafi haft samband við

vinnuveitendur eða í 30% tilvika og 22% sótti um auglýst í leit sinni að fyrsta starfinu eftir að námi lauk.



Mynd 93. Hvaða aðferð notaðir þú þegar þú leitaðir að fyrsta starfinu eftir að þú laukst námi?

Greina má nokkur mun að aðferðum karla og kvenna við atvinnuleitina. Hlutfallslega flestir karlar (57%) sóttu um auglýst störf og 44% hafði þeirra sambandi við vinnuveitendur. Meiri hluti kvenna hafði samband við vinnuveitendur (585) og 35% þeirra sótti um auglýst störf. Mun fleiri karlar en konur notuðu persónuleg sambönd eða kunningjaskap við atvinnuleitina eða 21% þeirra á móti 8% kvenna. Athygli vekur hversu fáir hefja eigin rekstur en aðeins 1% svarar því til að hafa stofnað eigin rekstur eftir útskrift.

Tafla 31. Hvaða aðferð notaðir þú þegar þú leitaðir að fyrsta starfinu eftir að þú laukst námi, greint eftir kyni.

| Svarmöguleiki: | Allir | | Karlur | | Konur | |
|---|-------|-----|--------|-----|-------|-----|
| | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % |
| Ég sótti um auglýst störf | 108 | 40% | 40 | 57% | 68 | 35% |
| Ég hafði samband við vinnuveitendur | 148 | 55% | 33 | 44% | 115 | 58% |
| Ég auglýsti sjálfur eftir starfi | 3 | 1% | 2 | 3% | 1 | 1% |
| Vinnuveitandi bauð mér starf | 55 | 20% | 17 | 23% | 38 | 19% |
| Samband við Opinbera atvinnumiðlun | 26 | 10% | 11 | 15% | 15 | 8% |
| Samband við einkarekna ráðningarstofu | 40 | 15% | 19 | 25% | 21 | 11% |
| Leitaði aðstoðar hjá Atvinnumiðlun stúdenta | 4 | 2% | 2 | 3% | 2 | 1% |
| Leitaði aðstoðar hjá kennurum mínum | 11 | 4% | 6 | 8% | 5 | 3% |
| Notaði sambönd sem ég aflaði mér í námi | 49 | 18% | 15 | 20% | 34 | 17% |
| Notaði persónuleg sambönd/kunningjaskap | 32 | 12% | 16 | 21% | 16 | 8% |
| Ég hóf eigin rekstur | 6 | 2% | - | - | 6 | 3% |
| Annað | 16 | 6% | 3 | 4% | 13 | 7% |

Nemendur úr viðskiptadeild notuðu fleiri aðferðir við atvinnuleitina en nemendur úr öðrum háskóladeildum, sérstaklega hvað varðar nemendur úr heilbrigðisdeild. Jafnframt var mun hærra hlutfall þeirra sem sótti um auglýst störf (70%) á móti um 40% nemenda úr kennaradeild, 25% úr auðlindadeild og 14% úr heilbrigðisdeild og 44% hafði samband við einkarekna ráðningarstofu en aðeins 17% nemenda úr auðlindadeild og 2% úr kennaradeild. Einnig var mjög algengt hjá nemendum úr viðskiptadeild að hafa samband við vinnuveitendur eða 47% svarenda en þá aðferð notuðu nemendur úr öðrum háskóladeildum mest eða 62% nemenda úr heilbrigðisdeild, 55% úr kennaradeild og 54% úr auðlindadeild.


Tafla 32. Hvaða aðferð notaðir þú þegar þú leitaðir að fyrsta starfinu eftir að þú laukst námi, greint eftir háskóladeild.

| | Auðlinda- deild | | Heilbrigðis- deild | | Kennara- deild | | Viðskipta- deild | |
|---|--------------------|-----|-----------------------|-----|-------------------|-----|---------------------|-----|
| | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % |
| Svarmöguleiki: | | | | | | | | |
| Ég sótti um auglýst störf | 6 | 25% | 11 | 14% | 37 | 40% | 54 | 70% |
| Ég hafði samband við vinnuveitendur | 13 | 54% | 48 | 62% | 51 | 55% | 36 | 47% |
| Ég auglýsti sjálfur eftir starfi | - | - | - | - | - | - | 1 | 1% |
| Vinnuveitandi bauð mér starf | 7 | 29% | 15 | 19% | 17 | 18% | 16 | 21% |
| Samband við Opinbera atvinnumiðlun | 4 | 17% | - | - | 3 | 3% | 19 | 25% |
| Samband við einkarekna ráðningarstofu | 4 | 17% | - | - | 2 | 2% | 34 | 44% |
| Leitaði aðstoðar hjá Atvinnumiðlun stúdenta | 2 | 8% | - | - | - | - | - | - |
| Leitaði aðstoðar hjá kennurum mínum | 2 | 8% | 3 | 4% | 1 | 1% | 5 | 6% |
| Notaði sambönd sem ég aflaði mér í námi | 6 | 25% | 19 | 24% | 12 | 13% | 12 | 16% |
| Notaði persónuleg sambönd/kunningjaskap | 1 | 4% | 2 | 3% | 6 | 6% | 23 | 30% |
| Ég hóf eigin rekstur | - | - | - | - | 3 | 3% | 3 | 4% |
| Annað | 1 | 4% | 7 | 9% | 7 | 7% | 1 | 1% |

Spurt var um hvaða aðferð af þessum sem hér hefur verið fjallað um hafi viðkomandi fundist áhrifaríkust við að fá fyrsta starfið eftir námslok. Um % brautskráðra nemenda svöruðu ekki þessari spurningu þar sem hún átti ekki við af því að þeir höfðu ekki fengið fasta vinnu eftir námslok.

Að hafa samband við atvinnurekendur er sú aðferð sem brautskráðir nemendur á viðmiðunarárunum telja áhrifaríkasta við að fá fyrsta starfið eftir námslok eða 41,4% svarenda og 22,7% telur að áhrifaríkasta aðferðin sé að sækja um auglýst störf. Litla trú virðast svarendur hafa á ráðningastofnum eða atvinnumiðlunum en aðeins um 5% telur slíkt vera áhrifaríkasta leiðin. Nokkra athygli vekur að aðeins 6% svarenda notuðu persónuleg sambönd eða kunningjaskap við atvinnuleitina en 11% svara því til að það sé áhrifaríkasta leiðin til að fá atvinnu.

Greina má lítinn mun á svörum fólks varðandi áhrifaríkustu aðferðarinnar við atvinnuleitina og kynferðis ða háskóladeildar.




Mynd 94. Hvaða aðferð fannst þér áhrifaríkust við að fá fyrsta starfið eftir námslok?

Að lokum var viðkomandi beðinn um að meta hversu mikilvægir tólf fyrirfram skilgreindir þættir hafi verið fyrir vinnuveitandann þegar hann réði viðkomandi í fyrsta starfið að loknu námi. Þessir tólf þættir voru; (1) fræðasvið mitt, (2) námsgrein mín, (3) einkunnir mínar, (4) hagnýt reynsla eða starfsþjálfun sem ég öðlaðist á námstímanum, (5) hagnýt reynsla eða starfsþjálfun sem ég öðlaðist áður en nám hófst, (6) orðstír HA, (7) reynsla sem ég öðlaðist erlendis, (8) kunnátta mín í erlendum tungumálum, (9) tölvukunnátta mín, (10) umsagnir um mig eða meðmæli frá öðrum, (11) persónulegir eiginleikar mínir og (12) annað og þá hvað.

Skemmst er frá því að segja að mikilvægustu þættir fyrir vinnuveitandann að mati brautskráðra nemenda voru námsgreinin, fræðasviðið og persónulegir eiginleikar viðkomandi en um og yfir 80% svarenda töldu þessa þætti vera mjög eða frekar mikilvæga fyrir vinnuveitandann. Að mati svarenda var það síst mikilvægast fyrir vinnuveitendur að viðkomandi hefði kunnáttu í

erlendum tungumálum eða reynslu sem viðkomandi hefði aflað sér á erlendum vettvangi.



Mynd 95. Hversu mikilvæg telur þú þessa þætti hafa verið fyrir vinnuveitanda þinn þegar hann réð þig í fyrsta starfið að námi loknu?

Reiknuð var út meðaleinkunn fyrir alla þessa þætti eftir kynferði, háskóladeild og útskriftarárgangi. Karlar telja að námsgreinin og persónulegir eiginleikar (meðaltal 4,0) hafi verið mikilvægustu þættirnir við ráðningu í fyrsta starfið að loknu námi við HA. Konur telja að námsgreinin (meðaltal 4,7) og fræðasviðið (meðaltal 4,6) hafi verið mikilvægust og síðan hafi komið persónulegir eiginleikar þeirra (meðaltal 4,0). Bæði kynin eru sammála því að reynsla sem áunnin er á erlendum vettvangi sé síst mikilvægust af þeim þáttum sem nefndir voru.

Hvað háskóladeild varðar að þá skera brautskráðir nemendur úr viðskiptadeild sig nokkuð úr. Almennt er meðaleinkunn þeirra lægri og einnig telja þeir að persónulegir eiginleikar hafi verið mikilvægastir fyrir vinnuveitandann, svo umsagnir og meðmæli frá öðrum og loks námsgreinin. Nemendur úr heilbrigðisdeild telja í meira mæli en nemendur úr öðrum deildum að hagnýt reynsla eða starfsþálfun á námstíma hafi verið mikilvægust fyrir vinnuveitandann. Þetta kemur ekki á óvart þar sem starfsþálfun er

hluti af náminu í heilbrigðisdeild en þessi þáttur skorar einnig nokkuð hátt hjá nemendum úr kennaradeild.

Sé horft til útskriftarárganga eru það sömu þættir (fræðasvið, námsgrein, persónulegir eiginleikar) sem nemendur telja að hafi verið mikilvægastir fyrir vinnuveitandann við ráðningu í fyrsta starfið eftir útskrift fyrir utan fyrstu tvo útskriftarárgangana en þeir telja í meiri mæli að umsagnir og meðmæli frá öðrum hafi verið mikilvægur þáttur við ráðninguna.

Tafla 33. Hversu mikilvæg telur þú þessa þætti hafa verið fyrir vinnuveitanda þinn þegar hann réð þig í fyrsta starfið að námi loknu, greint eftir kyni.

| Svarmöguleiki: | Allir | | Karlur | | Konur | |
|---|------------|---------------|------------|---------------|------------|---------------|
| | Meðal-skor | Staðal-frávik | Meðal-skor | Staðal-frávik | Meðal-skor | Staðal-frávik |
| Fræðasvið mitt | 4,4 | 1,07 | 3,9 | 1,34 | 4,6 | 0,92 |
| Námsgrein mín | 4,5 | 0,99 | 4,0 | 1,21 | 4,7 | 0,83 |
| Einkunnir mínar | 2,6 | 1,16 | 2,6 | 1,20 | 2,6 | 1,15 |
| Hagnýt reynsla/starfsþjálfun á námstíma | 3,7 | 1,23 | 3,2 | 1,34 | 3,8 | 1,15 |
| Hagnýt reynsla/starfsþjálfun fyrir nám | 3,2 | 1,44 | 3,3 | 1,40 | 3,2 | 1,45 |
| Orðstír HA | 2,7 | 1,13 | 2,5 | 1,13 | 2,7 | 1,13 |
| Reynsla sem ég öðlaðist erlendis | 1,8 | 1,21 | 2,1 | 1,43 | 1,6 | 1,09 |
| Kunnátta mín í erlendum tungumálum | 2,1 | 1,28 | 2,5 | 1,35 | 1,9 | 1,23 |
| Tölvukunnátta mín | 2,7 | 1,35 | 3,3 | 1,17 | 2,5 | 1,37 |
| Umsagnir um mig eða meðmæli frá öðrum | 3,6 | 1,25 | 3,7 | 1,14 | 3,6 | 1,29 |
| Persónulegir eiginleikar mínir | 4,1 | 0,93 | 4,0 | 0,91 | 4,1 | 0,93 |
| Annað | 3,5 | 1,79 | 2,3 | 1,86 | 4,0 | 1,52 |

Tafla 34. Hversu mikilvæg telur þú þessa þætti hafa verið fyrir vinnuveitanda þinn þegar hann réð þig í fyrsta starfið að námi loknu, greint eftir háskóladeild.

| Svarmöguleiki: | Auðlinda- deild | Heilbrigðis- deild | Kennara- deild | Viðskipta- deild |
|---|--------------------|-----------------------|-------------------|---------------------|
| | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor |
| Fræðasvið mitt | 4,2 | 4,6 | 4,6 | 3,7 |
| Námshæfni mín | 4,2 | 4,9 | 4,6 | 3,8 |
| Einkunnir mínar | 2,5 | 2,6 | 2,7 | 2,6 |
| Hagnýt reynsla/starfsþjálfun á námstíma | 3,5 | 4,0 | 3,8 | 3,0 |
| Hagnýt reynsla/starfsþjálfun fyrir nám | 3,0 | 3,0 | 3,4 | 3,2 |
| Orðstír HA | 2,7 | 3,0 | 2,6 | 2,5 |
| Reynsla sem ég öðlaðist erlendis | 2,1 | 1,4 | 1,8 | 2,1 |
| Kunnátta mín í erlendum tungumálum | 2,6 | 1,7 | 1,9 | 2,5 |
| Tölvukunnátta mín | 3,3 | 2,1 | 2,5 | 3,6 |
| Umsagnir um mig eða meðmæli frá öðrum | 3,6 | 3,4 | 3,7 | 3,8 |
| Persónulegir eiginleikar mínir | 4,0 | 4,0 | 4,1 | 4,1 |
| Annað | 3,8 | 4,0 | 3,6 | 2,7 |

Tafla 35. Hversu mikilvæg telur þú þessa þætti hafa verið fyrir vinnuveitanda þinn þegar hann réð þig í fyrsta starfið að námi loknu, greint eftir útskriftarárgöngum.

| Svarmöguleiki: | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|---|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor |
| Fræðasvið mitt | 2,5 | - | 4,4 | 4,4 | 4,4 | 4,2 | 4,2 | 4,6 | 4,5 | 4,5 | 4,6 | 4,5 | 4,5 | 4,4 | 4,2 |
| Námshæfni mín | 3,6 | - | 4,7 | 4,3 | 4,5 | 4,2 | 4,3 | 4,5 | 4,7 | 4,4 | 4,6 | 4,7 | 4,6 | 4,4 | 4,3 |
| Einkunnir mínar | 2,5 | - | 3,1 | 3,0 | 2,3 | 2,8 | 2,5 | 3,2 | 2,7 | 2,8 | 2,5 | 2,4 | 2,5 | 2,6 | 2,5 |
| Hagnýt reynsla/starfsþjálfun á námstíma | 2,8 | 4,0 | 3,6 | 3,2 | 3,3 | 3,1 | 3,5 | 3,5 | 3,5 | 3,8 | 3,8 | 3,7 | 3,9 | 3,4 | 3,8 |
| Hagnýt reynsla/starfsþjálfun fyrir nám | 4,0 | - | 3,3 | 2,6 | 2,7 | 4,0 | 3,4 | 2,4 | 2,8 | 3,0 | 3,3 | 3,2 | 3,2 | 3,3 | 3,6 |
| Orðstír HA | 3,0 | 4,0 | 3,3 | 2,6 | 2,6 | 2,9 | 2,7 | 2,7 | 2,9 | 2,9 | 2,7 | 2,6 | 2,7 | 2,4 | 2,7 |
| Reynsla sem ég öðlaðist erlendis | 2,8 | - | 1,3 | 1,7 | 1,8 | 1,6 | 2,1 | 2,2 | 1,6 | 1,8 | 1,4 | 1,7 | 1,7 | 2,0 | 1,7 |
| Kunnátta mín í erlendum tungumálum | 2,5 | 4,0 | 2,4 | 2,0 | 2,3 | 2,2 | 1,8 | 2,4 | 1,7 | 2,4 | 1,7 | 2,1 | 2,1 | 2,1 | 1,9 |
| Tölvukunnátta mín | 2,8 | 5,0 | 2,1 | 1,8 | 2,8 | 2,5 | 2,7 | 2,5 | 2,3 | 3,1 | 2,8 | 2,4 | 2,9 | 2,9 | 2,8 |
| Umsagnir um mig eða meðmæli frá öðrum | 4,3 | 4,5 | 4,1 | 4,0 | 3,5 | 3,5 | 4,0 | 3,5 | 3,4 | 3,3 | 3,5 | 3,6 | 4,0 | 3,5 | 3,7 |
| Persónulegir eiginleikar mínir | 3,8 | - | 4,1 | 3,2 | 4,3 | 3,9 | 3,8 | 3,9 | 3,8 | 4,0 | 4,3 | 4,0 | 4,2 | 4,3 | 4,2 |
| Annað | - | - | - | - | 5,0 | 4,0 | 4,0 | 3,0 | 4,2 | 1,0 | 3,0 | 4,2 | 3,5 | 3,5 | 3,4 |

6.3 Samantekt

Í þessum hluta er fjallað um helstu niðurstöður varðandi atvinnuleit og starfsreynslu svarenda.

Um helmingur brautskráðra nemenda hófu atvinnuleit fyrir útskrift frá HA en hinir um það leyti sem þeir útskrifuðust eða eftir það. Algengast var að nemendur hæfu atvinnuleit um 2-4 mánuðum fyrir útskrift. Svo virðist sem þróunin sé sú að sá tími sem það tekur að leita sér að atvinnu og fá vinnu sé að lengjast. Jafnframt er algengast að haft hafi verið samband við einn atvinnurekanda. Flestir fengu vinnu strax eða fljótlega eftir útskrift. Langflestir höfðu samband við vinnuveitendur eða sóttu um auglýst störf við leit að fyrsta starfi sínu eftir útskrift. Jafnframt telja langflestir að slíkt sé áhrifaríkast.

Að mat svarenda voru mikilvægustu þættirnir fyrir vinnuveitandann, námsgreinin, fræðasviðið og persónulegir eiginleikar viðkomandi þegar hann réði viðkomandi í starfið.


7. Núverandi atvinna

Í þessum kafla er fjallað um núverandi atvinnu svarenda, hvernig vinnuveitandinn er, hvað felst í starfinu og hversu mikla vinnu brautskráðir nemendur inna af hendi.

7.1 Vinnuveitandinn


Í þessum hluta er fjallað um vinnuveitandann sjálfan, hvaða starfsgrein viðkomandi tilheyrir og hjá hve mörgum vinnuveitendum nemendur hafa starfað hjá eftir að námi lauk. Til þess að meta þessa þætti var spurt fimm spurninga.

Byrjað var á því að spyrja viðkomandi hvort hann væri í vinnu þessa dagana. Skemmst er frá því að segja að 93,5% svarenda er í launaðri vinnu.



Mynd 96. Ert þú í launaðri vinnu þessa dagana?


Kynferði³⁶ hefur áhrif á svör fólks um hvort það er í launaðri vinnu þessa dagana þannig að mun fleiri konur en karlar eru ekki í launaðri vinnu.



Mynd 97. Ert þú í launaðri vinnu þessa dagana, greint eftir kyni.


³⁶ (Tau-c=,06;α=,000)

Jafnframt má sjá að aðeins hærra hlutfall nemenda úr viðskiptadeild er ekki í launaðri vinnu þessa dagana en nemendur úr öðrum deildum eða tæp 10% á móti um 6% úr heilbrigðis- og kennaradeild. Allir nemendur úr auðlindadeild sem svara þessari spurningu eru í launaðri vinnu.




Mynd 98. Ert þú í launaðri vinnu þessa dagana, greint eftir háskóladeild.

Þeir sem ekki eru í launaðri vinnu þessa dagana voru spurðir um ástæðu þess. Skemmst er frá því að segja að í flestum tilvikum var viðkomandi í barnseignaleyfi (35,9%) eða heimavinnandi (30,8%). Jafnframt voru tæp 18% í námi eins og er. Aðeins 2 brautskráðir nemendur frá HA á þessum árum eru atvinnulausir þessa dagana.




Mynd 99. Af hverju ertu ekki í vinnu þessa dagana?

Í flestum tilvikum vinna brautskráðir nemendur hjá hinu opinbera, þ.e. hjá ríkinu eða sveitarfélögum. Þetta kemur ekki á óvart þar sem fræðasvið tveggja stærstu háskóladeildanna liggur í störfum hjá þessum aðilum (grunn- og leikskólakennarar, hjúkrunarfræðingar og iðjubjálfar). Tæplega 6% nemendanna eru með eigin rekstur.




Mynd 100. Hvernig flokkast núverandi vinnuveitandi þinn?

Það kemur heldur ekki á óvart að tengsl séu milli kynferðis³⁷ og þess hvaða atvinnugeira vinnuveitandi flokkast í enda hefur komið fram kynbundinn munur á milli háskóladeilda. Miklu fleiri konur starfa í opinbera geiranum en einkageiranum eða um 80% kvenna en tæp 38% karla. Um 58% karla starfa í einkageiranum á móti aðeins um 17% kvenna.



Mynd 101. Hvernig flokkast núverandi vinnuveitandi þinn, greint eftir kyni.

Einnig eru tengsl milli háskóladeildar³⁸ og þess hvaða geira viðkomandi atvinnurekandi tilheyrir. Í langflestum tilfellum er um að ræða nemendur úr viðskipta- og auðlindadeild þegar kemur að vinnuveitendum í einkageira og nær allir nemendur úr heilbrigðis- og kennaradeild starfa í opinbera geiranum.




Mynd 102. Hvernig flokkast núverandi vinnuveitandi þinn, greint eftir háskóladeild.

Þeir einstaklingar sem eru með eigin rekstur voru spurðir um hvað af eftirfarandi þáttum ætti við þá; (1) ég vinn fyrir einn aðila (fyrirtæki eða stofnun), (2) ég yfirtók starfandi fyrirtæki/rekstur, (3) ég stofnaði nýtt fyrirtæki/hóf nýjan rekstur, (4) fyrrverandi vinnuveitandi samdi við mig um að vinna sama starf í verktakavinnu, (5) ég vinn heima, (6) ég hef enga starfsmenn, (7) ég er í samstarfi við vini/ættingja, (8) annað og þá hvað. Viðkomandi var beðinn um að merkja við öll atriði sem við átti.

Skemmst er frá því að segja að í langflestum tilvikum stofnaði viðkomandi nýtt fyrirtæki eða hóf nýjan rekstur (31,3%) og starfaði fyrir bara einn aðila (31,3%). Í 15,6% tilvika var viðkomandi ekki með neinn starfsmann í vinnu.


³⁷ (Tau-c=,35;α=,000)

³⁸ (Tau-c=,14;α,000)



Mynd 103. Hvað þættir eiga við um þinn eigin rekstur?

Algengast er að svarendur starfi hjá fyrirtæki eða stofnun í menntageiranum (28,7%) en síðan kemur heilbrigðisgeirinn með 26,3%.



Mynd 104. Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá?

Sjá má nokkurn mun milli kynja þó ekki sé hann marktækur en mun hærra hlutfall karla en kvenna starfar í sjávarútvegi og miklu hærra hlutfall kvenna en karla starfar í heilbrigðisgeiranum sem og menntageiranum.

Tafla 36. Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá, greint eftir kyni


| Svarmöguleiki: | Allir | Karlar | Konur |
|---|--------------|--------------|--------------|
| | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall |
| Landbúnaði | 0,7% | 1,6% | 0,3% |
| Sjávarútvegi | 5,9% | 17,2% | 1,5% |
| Byggingariðnaði | 1,3% | 2,3% | 0,9% |
| Upplýsinga- og þekkingariðnaði | 3,0% | 8,6% | 0,9% |
| Öðrum iðnaði | 3,0% | 4,7% | 2,4% |
| Í menntageiranum | 38,7% | 25,0% | 44,0% |
| Í heilbrigðisgeiranum | 26,3% | 1,6% | 35,8% |
| Opinber þjónusta í ráðuneytum og sveitarstjórnnum | 4,3% | 3,9% | 4,5% |
| Önnur opinber þjónusta | 3,3% | 7,0% | 1,8% |
| Veitur | 0,2% | - | 0,3% |
| Samgöngur | 1,3% | 3,9% | 0,3% |
| Bankar, tryggingafyrirtæki og aðrar fjármálastofnanir | 4,3% | 10,2% | 2,1% |
| Verslun/þjónusta | 7,6% | 14,1% | 5,1% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% |

Sé horft til háskóladeildanna má glöggjt sjá tengingu háskóladeilda við atvinnulífið. Brautskráðir nemendur úr auðlindadeild leita meira í sjávarútveginn á meðan nemendur úr viðskiptadeild leita í verslun og þjónustu og fjármála- og tryggingastofnanir. Nemendur úr kennaradeild leita auðvitað meira í menntageirann og nemendur úr heilbrigðisdeild í heilbrigðisgeirann. Athygli vekur hversu breytt starfssvið nemenda úr viðskiptadeild er en þeir eiga fulltrúa í öllum geirum atvinnulífsins.

Tafla 37. Í hvaða atvinnugrein er fyrirtækið/stofnunin sem þú starfar hjá, greint eftir háskóladeild.

| | Auðlinda- deild | Heilbrigðis- deild | Kennara- deild | Viðskipta- deild |
|---|--------------------|-----------------------|-------------------|---------------------|
| Svarmöguleiki: | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall |
| Landbúnaði | - | - | 1,0% | 0,9% |
| Sjávarútvegi | 48,6% | - | - | 9,2% |
| Byggingariðnaði | - | - | - | 5,5% |
| Upplýsinga- og þekkingariðnaði | 8,6% | 0,8% | 0,5% | 8,3% |
| Öðrum iðnaði | 5,7% | 0,8% | 1,0% | 8,3% |
| Í menntageiranum | 2,9% | 5,6% | 83,9% | 8,3% |
| Í heilbrigðisgeiranum | 2,9% | 87,9% | 4,2% | 2,8% |
| Opinber þjónusta í ráðun. og sveitarstjr. | 2,9% | 1,6% | 4,2% | 8,3% |
| Önnur opinber þjónusta | 5,7% | 2,4% | 2,6% | 4,6% |
| Veitur | - | - | - | 0,9% |
| Samgöngur | 11,4% | - | - | 1,8% |
| Bankar, tryggingaft. og aðrar fjármálast. | 5,7% | 0,8% | - | 15,6% |
| Verslun/þjónusta | 5,7% | | 2,6% | 25,7% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 100% |


Algengast er að brautskráðir nemendur frá HA á viðmiðunarárnum hafi aðeins starfað hjá einum vinnuveitanda síðan þeir luku námi frá HA eða 41% brautskráðra nemenda. Um 31% hefur starfað hjá tveimur vinnuveitendum og tæp 18% hjá þremur. Sá sem hefur starfað hjá flestum vinnuveitendum svaraði því til að hann hefði starfað hjá 16 vinnuveitendum. Meðalfjöldi vinnuveitenda er tveir.



Mynd 105. Hjá hve mörgum vinnuveitendum hefur þú starfað síðan þú laukst námi?

Tengsl eru milli kynferðis³⁹ og þess hve mörgum atvinnurekendum viðkomandi hefur unnið hjá. Þannig hafa konur frekar unnið hjá færri vinnuveitendum en karlar. Hátt í helmingur brautskráðra kvenna hefur aðeins unnið hjá einum vinnuveitanda (44%) en um þriðjungur karla hefur aðeins haft einn vinnuveitanda.


Meðalfjöldi vinnuveitenda karla eru 2,3 vinnuveitendur en kvenna 2,0 vinnuveitendur.



Mynd 106. Hjá hve mörgum vinnuveitendum hefur þú starfað síðan þú laukst námi, greint eftir kyni.

Hvað háskóladeild varðar að þá má sjá að nemendur úr kennara- og heilbrigðisdeild hafa haft mun færri vinnuveitendur en nemendur úr auðlinda- og viðskiptadeild. Nemendur úr viðskiptadeild hafa alla jafna haft nokkuð fleiri vinnuveitendur en nemendur úr öðrum háskóladeildum eða að meðaltali 2,6 á mótí 2,5 úr auðlindadeild, 2,0 úr heilbrigðisdeild og 1,8 úr kennaradeild.

³⁹ (Tau-c=,12;α=,010)



Mynd 107. Hjá hve mörgum vinnuveitendum hefur þú starfað síðan þú laukst námi, greint eftir háskóladeild.

Hvað útskriftarár varðar má sjá að meðalfjöldi vinnuveitenda lækkar eftir því sem nær dregur, þ.e. eftir því sem tíminn frá útskrift stýttist.


Tafla 38. Fjöldi vinnuveitenda sem viðkomandi hefur starfað hjá skipt eftir útskriftarári.

| Útskriftarár | Meðalfjöldi vinnuveitenda | Hlutfall fjöldi vinnuveitenda | | | | | |
|--------------|---------------------------|-------------------------------|--------------|--------------|-------------|-------------|----------------|
| | | Einn | Tveir | þrír | Fjórir | fimm | Sex eða fleiri |
| 1989 | 3,8 | - | 40,0% | - | 20,0% | 20,0% | 20,0% |
| 1990 | 2,0 | 50,0% | - | 50,0% | - | - | - |
| 1991 | 3,3 | - | 14,3% | 42,9% | 42,9% | - | - |
| 1992 | 2,9 | 28,6% | 28,6% | 14,3% | 14,3% | - | 14,3% |
| 1993 | 3,4 | 23,5% | 11,8% | 23,5% | 17,6% | 11,8% | 11,8% |
| 1994 | 2,6 | 21,4% | 28,6% | 28,6% | 7,1% | 14,3% | - |
| 1995 | 2,6 | 8,3% | 41,7% | 41,7% | - | 8,3% | - |
| 1996 | 2,4 | 21,4% | 38,1% | 23,8% | 9,5% | 4,8% | 2,4% |
| 1997 | 2,4 | 38,5% | 34,6% | 7,7% | 7,7% | 7,7% | 3,8% |
| 1998 | 2,3 | 25,0% | 46,4% | 21,4% | 3,6% | - | 3,6% |
| 1999 | 2,5 | 31,7% | 39,0% | 24,4% | - | - | 4,9% |
| 2000 | 1,8 | 45,8% | 28,8% | 20,3% | 3,4% | 1,7% | - |
| 2001 | 1,7 | 52,3% | 29,2% | 16,9% | - | - | 1,5% |
| 2002 | 2,1 | 39,7% | 36,5% | 14,3% | 3,2% | 1,6% | 4,8% |
| 2003 | 1,6 | 64,0% | 24,0% | 8,0% | 2,0% | - | 2,0% |
| Allir | 2,1 | 41,0% | 31,4% | 17,6% | 4,5% | 2,5% | 3,1% |

7.2 Eðli starfs og vinnutími


Í þessum hluta er fjallað um hvað brautskráðir nemendur gera um þessar mundir, hvers eðlis starfið er og hvað það felur í sér. Jafnframt er skoðað hversu mikið einstaklingar vinna. Til þess að meta þessa þætti var spurt fimm spurninga.

Meirihluti þeirra sem er í vinnu um þessar mundir eru í föstu starfi eða með eigin atvinnurekstur (91,1%). Lítil munur er milli kynja og háskóladeilda enda um mjög fáa einstaklinga að ræða.




Mynd 108. Hvers eðlis er starf þitt?

Hvað varðar aðalstarfssvið viðkomandi að þá eru þau mjög mismunandi milli einstaklinga bæði hvað varðar kynferði og menntun. Starfssviðin voru flokkuð saman í ellefu megin starfssvið auk annar og niðurstaðan var sú að flestir eru í kennslustörfum, hjúkrunar eða öðrum aðhlyningarstörfum eða stjórnunarstörfum. Svörin eins og þau komu fyrir er að finna í viðauka.



Mynd 109. Við hvað starfar þú aðallega um þessar mundir?


Ennfremur var spurt um hvort viðkomandi hafi verið í útlöndum einhvern tímann á síðustu 12 mánuðum vegna starfsins. Rétt líðlega 20% svarenda var erlendis á vegum starfsins á síðast liðnum tólf mánuðum.



Mynd 110. Hefur þú verið í útlöndum á síðustu 12 mánuðum vegna starfs þíns?


Tengsl eru mill kynferðis⁴⁰ og þess hvort viðkomandi hafi þurft að dvelja í útlöndum vegna síns starfs síðustu 12 mánuði. Karlar fara mun meira erlendis í gegnum sitt starf en konur. Um 37% karla var erlendis á síðustu 12 mánuðum vegna starfs síns en aðeins 16% kvenna.

⁴⁰ (Tau-c=,17;α=,000)



Mynd 111. Hefur þú verið í útlöndum á síðustu 12 mánuðum vegna starfs þíns, greint eftir kyni.


Greina má nokkurn mun milli háskóladeilda hvað þetta varðar þó hann hafi ekki reynst marktækur. Nemendur úr auðlindadeild voru í mun meiri mæli í útlöndum á vegum starfs síns en nemendur úr öðrum deildum, sérstaklega nemendur úr heilbrigðisdeild.



Mynd 112. Hefur þú verið í útlöndum á síðustu 12 mánuðum vegna starfs þíns, greint eftir háskóladeild.


Þeir sem voru í útlöndum á síðustu 12 mánuðum vegna starfsins voru spurðir um hversu marga daga hafi verið að ræða. Svarendur hafa verið allt frá einum degi og upp í 300 daga erlendis á síðustu 12 mánuðum vegna vinnu sinnar. Algengast er þó að dvölin hafi verið vika til tíu dagar. Að meðaltali svara brautskráðir nemendur því til að þeir hafi verið 17 daga í útlöndum á síðustu 12 mánuðum vegna starfs síns.

Að lokum var spurt um hversu oft að jafnaði viðkomandi þurfi að nota erlent tungumál í starfi sínu. Rúmlega þriðjungur svarenda þarf sjaldnar en mánaðarlega að nota erlent tungumál í starfi sínu að jafnaði eða 34,3%. Rúmlega fimmtungur svarenda notar erlent tungumál daglega í sínu starfi og um 21% vikulega.



Mynd 113. Hversu oft þarftu að nota erlent tungumál í þínu starfi að jafnaði?

Kynferði⁴¹ hefur áhrif á svör fólks við þessari spurningu. Karlar nota í mun meiri mæli en konur erlent tungumál í sínu starfi því 62% þeirra notar erlent tungumál vikulega eða oftar en aðeins 34% kvenna. Ennfremur svara 11% kvenna því að þær noti aldrei erlent tungumál í sínu starfi en aðeins 1% karla.




Mynd 114. Hversu oft þarftu að nota erlent tungumál í þínu starfi að jafnaði, greint eftir kyni.

Greina má nokkurn mun milli svara eftir háskóladeild. Nemendur úr auðlindadeild þurfa í mun meiri mæli að nota erlent tungumál í sínu starfi vikulega eða oftar en nemendur úr öðrum deildum, sérstaklega kennara- og heilbrigðisdeild. Helst eru það nemendur

⁴¹ (Tau-c=,30;α=,000)


úr kennaradeild sem svara því til að þeir þurfi aldrei erlent tungumál í sínu starfi.



Mynd 115. Hversu oft þarftu að nota erlent tungumál í þínu starfi að jafnaði, greint eftir háskóladeild.


Hvað varðar vinnutíma brautskráðra nemenda að þá er algengast að unnin séu 40 klukkustunda vinnuvika í dagvinnu, 10 klukkustundir í yfirvinnu og 10 klukkustundir í vinnu við önnur verkefni svo sem öðru starfi eða aukavinnu.

Að meðaltali vinna brautskráðir nemendur 35,6 klst. á viku í dagvinnu. Rúmlega helmingur vinnur 40 klst. í dagvinnu á viku eða 53,5% og 22,5% vinnur 21 til 39 klukkustundir.




Mynd 116. Hversu marga dagvinnutíma vinnur þú á viku?

Tengsl eru milli kynferðis⁴² og þess hversu margar klst. á viku viðkomandi vinnur í dagvinnu. Svipað hlutfall karla og kvenna vinnur fleiri en 40 klst. vinnuviku í dagvinnu en mun hærra hlutfall karla en kvenna vinnur 40 stunda vinnuviku eða um 73% á móti um 46% kvenna. Að meðaltali vinna karlar 37,7 dagvinnustundir á viku en konur 34,8.



Mynd 117. Hversu marga dagvinnutíma vinnur þú á viku, greint eftir kyni.

Einnig eru tengsl milli háskóladeilda⁴³ og heildarfjölda dagvinnustunda á viku. Mun hærra hlutfall nemenda úr heilbrigðisdeild vinnur innan við 40 dagvinnustundir á viku en nemendur úr öðrum háskóladeildum. Ennfremur telja nemendur úr kennaradeild í meiri mæli en aðrir að dagvinnustundir á viku séu fleiri en 40. Brautskráðir nemendur úr auðlindadeild vinna að meðaltali flestar dagvinnustundir á viku eða 38,8 klst., nemendur úr viðskiptadeild vinna 36,7 klst. að meðaltali á viku, nemendur úr kennaradeild 36,6 klst. og nemendur úr heilbrigðisdeild vinna að meðaltali færstar dagvinnustundir á viku eða 32,4.




Mynd 118. Hversu marga dagvinnutíma vinnur þú á viku, greint eftir háskóladeild.

⁴² (Tau-c=,18;α=,000)

Dagvinnustundir á viku eftir útskriftarárgöngum eru misjafnlega margar og var allt frá 38,4 klst. að meðaltali árið 1989 og upp í 44,4 klst. að meðaltali árið 1999. Fæstar voru þær að meðaltali 31,3 klst. árið 2000 en árið 2003 voru þær 34,5 klst.

Hvað yfirvinnutíma varðar að þá svara tæplega 39% svarenda því til að þeir vinni ekki yfirvinnu. Af þeim sem vinna yfirvinnu er algengast að unnir séu 10 yfirvinnutíma á viku en að meðaltali vinna svarendur 12,8 klst. í yfirvinnu á viku. Ekki er gerður munur á launaðri yfirvinnu og ólaunaðri. Liðlega fjórðungur svarenda vinnur meira en 10 klst. á viku í yfirvinnu.




Mynd 119. Hversu marga yfirvinnutíma vinnur þú á viku?

Tengsl eru milli kynferðis⁴⁴ og fjölda yfirvinnutíma á viku en karlar vinna að jafnaði mun meiri yfirvinnu en konur. Tæplega 47% kvenna vinna enga yfirvinnu á viku en aðeins um 20% karla. Ennfremur vinna um 38% karla fleiri en 10 klst. í yfirvinnu á viku en um 19% kvenna. Karlar vinna að meðaltali 13,4 klst. í yfirvinnu á viku en konur 12,5 klst. að meðaltali.


⁴³ (Tau-c=,12;α=,001)

⁴⁴ (Tau-c=,27;α=,000)




Mynd 120. Hversu marga yfirvinnutíma vinnur þú á viku, greint eftir kyni.

Hvað háskóladeild varðar má helst sjá að brautskráðir nemendur úr heilbrigðisdeild vinna mun færri yfirvinnustundir á viku en nemendur úr öðrum deildum. Einnig vinna hlutfallslega fleiri brautskráðir nemendur úr viðskiptadeild fleiri en 10 klst. á viku í yfirvinnu. Að meðaltali vinna þó brautskráðir nemendur úr auðlindadeild flestar yfirvinnustundir eða 17,3 klst. að meðaltali en síðan koma nemendur úr viðskiptadeild með 12,6 klst. að meðaltali. Nemendur úr kennaradeild vinna að meðaltali 11,5 klst. í yfirvinnu á viku og meðaltalið hjá nemendum úr heilbrigðisdeild er 10 klst.



Mynd 121. Hversu marga yfirvinnutíma vinnur þú á viku, greint eftir háskóladeild.

Í langflestum tilvikum eru brautskráðir nemendur ekki í öðrum verkefnum eða 85,4% svarenda. Þeir sem vinna við önnur verkefni vinna flestir eina til fimm klst. en meðalfjöldi vinnutíma á viku við önnur verkefni er 13,1 klst.



Mynd 122. Hver var meðalfjöldi vinnutíma við önnur verkefni?

Tafla 39. Meðaltal vinnutíma skipt eftir kynferði og háskóladeild.

| Deildir: | Dagvinna | | Yfirvinna | | Önnur verkefni | |
|------------------|-------------|---------------|-------------|---------------|----------------|---------------|
| | Meðal-tal | Staðal-frávik | Meðal-tal | Staðal-frávik | Meðal-tal | Staðal-frávik |
| Karlar | 37,7 | 10,9 | 13,4 | 10,1 | 8,0 | 6,5 |
| Konur | 34,8 | 11,6 | 12,5 | 14,5 | 15,8 | 19,2 |
| Auðlindadeild | 38,8 | 13,7 | 10,0 | 6,6 | 18,7 | 7,6 |
| Heilbrigðisdeild | 32,4 | 11,9 | 17,3 | 16,4 | 8,9 | 6,7 |
| Kennaradeild | 36,6 | 10,6 | 11,5 | 13,9 | 15,6 | 19,9 |
| Viðskiptadeild | 36,7 | 10,8 | 12,6 | 9,9 | 8,5 | 9,6 |
| Samtals | 35,7 | 11,4 | 12,8 | 13,1 | 13,1 | 16,3 |


Tafla 40. Meðaltal vinnutíma skipt eftir útskriftarári.

| Útskriftarár: | Dagvinna | | Yfirvinna | | Önnur verkefni | |
|---------------|---------------|-------------------|---------------|-------------------|----------------|-------------------|
| | Meðal- tal | Staðal- frávik | Meðal- tal | Staðal- frávik | Meðal- tal | Staðal- frávik |
| 1989 | 40,4 | 14,7 | 15,0 | 6,1 | - | - |
| 1990 | 40,0 | - | 20,0 | - | - | - |
| 1991 | 37,3 | 4,1 | 21,3 | 26,7 | 2,0 | 1,4 |
| 1992 | 34,0 | 11,2 | 28,0 | 17,4 | 10,0 | - |
| 1993 | 36,6 | 11,2 | 32,0 | 7,5 | 3,5 | 0,7 |
| 1994 | 31,9 | 12,9 | 11,5 | 10,4 | 20,0 | - |
| 1995 | 33,2 | 11,9 | 12,2 | 12,7 | 8,7 | 10,8 |
| 1996 | 37,9 | 7,9 | 11,9 | 8,3 | 12,8 | 5,8 |
| 1997 | 38,1 | 12,0 | 14,1 | 20,3 | 7,8 | 9,6 |
| 1998 | 38,2 | 7,7 | 13,0 | 9,2 | 12,0 | 12,1 |
| 1999 | 38,4 | 12,7 | 16,1 | 21,5 | 12,2 | 10,7 |
| 2000 | 31,3 | 13,1 | 12,3 | 13,6 | 17,2 | 23,3 |
| 2001 | 34,3 | 11,4 | 11,5 | 9,4 | 5,7 | 5,4 |
| 2002 | 34,5 | 10,3 | 12,1 | 11,9 | 10,4 | 9,6 |
| 2003 | 36,7 | 11,8 | 10,0 | 9,3 | 27,5 | 26,9 |

7.3 Tekjur


Í þessum hluta er fjallað um heildartekjur brautskráðra nemenda eins og þær voru í síðasta mánuði (apríl) fyrir skatt, þ.e. allar tekjur samanlagðar af öllum störfum. Hér er um að ræða öll laun, aukavinnu, yfirborganir og einnig námslán, tryggingarbætur lífeyristekjur og þess háttar.

Skemmst er frá því að segja að nokkrir einstaklingar eru með innan við eitt hundrað þúsund krónur á mánuði í heildartekjur eða 4,6% svarenda. Við nánari greiningu á þessum einstaklingur eru þeir í flestum tilfellum í skertu starfshlutfalli, heima við umönnun barna, öryrkjar eða í námi. Algengast er að brautskráðir nemendur séu með 200 – 300 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði eða 35,8% svarenda og fjórðungur með 300 – 400 þúsund krónur á mánuði. Um 54% svarenda er með 300 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði eða minna.



Mynd 123. Hverjar voru heildatekjur þínar í síðasta mánuði fyrir skatt?


Sterk tengsl eru milli kynferðis⁴⁵ og heildarlauna á mánuði þannig að karlar hafa mun hærri laun en konur. Um 74% kvenna er með 300 þúsund krónur eða minna í heildarlaun á mánuði en aðeins tæp 19% karla. Um 23% karla hafa 500 þúsund krónur eða hærri heildarlaun á mánuði en aðeins 1% kvenna.



Mynd 124. Hverjar voru heildatekjur þínar í síðasta mánuði fyrir skatt, greint eftir kyni.

⁴⁵ (Tau-c=,50;α=,000)

Þegar meðalheildartekjur á mánuði fyrir fullt stöðugildi eru skoðaðar kemur fram nokkur munur á milli kynja sem og háskóladeilda. Karlar brautskráðir frá auðlindadeild hafa hæstar heildartekjur að meðaltali en karlar úr kennara- og heilbrigðisdeild lægstar. Sömu sögu er að segja varðandi konurnar, konur úr auðlindadeild hafa að meðaltali hæstu tekjurnar en konur úr kennaradeild þær lægstu. Launamunur eftir kynferði er minnstur í auðlindadeild en mestur í viðskiptadeild.



Mynd 125. Meðaltekjur eftir kyni og háskóladeild.

Tafla 41. Hverjar voru heildartekjur þínar í síðast mánuði fyrir skatt, greint eftir háskóladeild.

| | Auðlindadeild | Heilbrigðisdeild | Kennaradeild | Viðskiptadeild |
|-------------------------|---------------|------------------|--------------|----------------|
| Heildartekjubil: | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall | Hlutfall |
| 100 þús. eða minna | - | 3,1% | 5,5% | 6,1% |
| 200 til 300 þús. | 2,9% | 20,0% | 25,5% | 5,2% |
| 300 til 400 þús. | 2,9% | 43,8% | 45,0% | 20,9% |
| 400 til 500 þús. | 31,4% | 26,9% | 16,5% | 33,9% |
| 500 til 600 þús. | 34,3% | 5,4% | 6,5% | 17,4% |
| 600 til 700 þús. | 11,4% | 0,8% | - | 6,1% |
| 700 til 800 þús. | 11,4% | - | 0,5% | 6,1% |
| 800 þús. eða meira | 2,9% | - | - | 1,7% |
| Samtals | 100% | 100% | 100% | 100% |


Tafla 42. Hverjar voru heildartekjur þínar í síðast mánuði fyrir skatt, greint eftir útskriftarári.

| Tekjubil | 1989 | 1990 | 1991 | 1992 | 1993 | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 |
|----------------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| | % | % | % | % | % | % | % | % | % | % | % | % | % | % | % |
| < 100 þús | - | - | - | 16,7 | 5,9 | 8,3 | - | 2,4 | 3,8 | 3,7 | - | 3,4 | 6,3 | 6,3 | 6,3 |
| 100 - 200 þús | 20,0 | 50,0 | - | - | 17,6 | 16,7 | 7,7 | 9,5 | 7,7 | 3,7 | 21,4 | 22,0 | 21,9 | 22,2 | 19,8 |
| 200 - 300 þús | 20,0 | - | 33,3 | 50,0 | 35,3 | 16,7 | 15,4 | 31,0 | 30,8 | 25,9 | 35,7 | 40,7 | 31,3 | 38,1 | 46,9 |
| 300 - 400 þús | - | - | 33,3 | 16,7 | 23,5 | 16,7 | 23,1 | 31,0 | 19,2 | 33,3 | 26,2 | 25,4 | 26,6 | 22,2 | 22,9 |
| 400 - 500 þús | 20,0 | - | 16,7 | - | 11,8 | 16,7 | 38,5 | 14,3 | 23,1 | 18,5 | 11,9 | 6,8 | 10,9 | 7,9 | 3,1 |
| 500 - 600 þús | - | 50,0 | - | 16,7 | - | - | 7,7 | 4,8 | - | 11,1 | - | 1,7 | 1,6 | 1,6 | 1,0 |
| 600 - 700 þús | 20,0 | - | 16,7 | - | 5,9 | 8,3 | 7,7 | 4,8 | 11,5 | - | 2,4 | - | - | 1,6 | - |
| 700 - 800 þús. | - | - | - | - | - | 8,3 | - | - | 3,8 | 3,7 | - | - | - | - | - |
| 800 þús > | 20,0 | - | - | - | - | 8,3 | - | 2,4 | - | - | 2,4 | - | 1,6 | - | - |
| Samtals | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 | 100 |

7.4 Störf á erlendum vettvangi

Í þessum hluta er fjallað um störf á erlendum vettvangi og áhuga brautskráðra nemenda á slíku. Velt var upp nokkrum valkostum sem viðkomandi átti að segja til hvor ætti við sig eða ekki. Þessir valkostir eru; (a) hugleitt að fá sér vinnu erlendis, (b) sótt um vinnu erlendis, (c) fengið atvinnutilboð erlendis frá, (d) unnið erlendis, (e) þurft að vinna erlendis vegna starfs síns. Jafnframt voru svarendur beðnir um að segja til um hvort eitthvað af valkostunum ætti við eða ekki. Hafa ber í huga að þeir brautskráðir nemendur sem búsettir eru erlendis núna eru ekki með í þessari könnun.

Í meira en helmingi tilvika átti ekkert af valkostunum við um viðkomandi eða 51,1%. Um 27% svarenda hafa hugleitt að fá sér vinnu erlendis og tæp 4% hafa fengið atvinnutilboð erlendis frá.



Mynd 126. Á eitthvað af þessum valkostum við þig?

Hlutfallslega mun fleiri konur en karlar svara því til að enginn af þessum valkostum eigi við þær eða um 67% á móti 41% karla. Störf á erlendum vettvangi virðast höfða mun meira til karla en kvenna en tæp 43% þeirra hafa hugleitt að fá sér starf erlendis á móti um 27% kvenna. Þá hafa 15% þeirra sótt um vinnu erlendis á móti 3% kvenna og tæp 14% hafa fengið atvinnutilboð erlendis frá á móti rúmu 1% kvenna. Jafnframt hafa hlutfallslega fleiri karlar unnið erlendis eða tæp 17% á móti tæpum 5% kvenna og rúm 21% hefur þurft að vinna erlendis vegna starfs síns á móti 3% kvenna.

Tafla 43. Á eitthvað af valkostum við um þig, greint eftir kyni.

| Valkostir: | Karlar | | Konur | |
|---|----------|--------|----------|--------|
| | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi |
| Hugleitt að fá þér vinnu erlendis | 42,9% | 57 | 26,6% | 98 |
| Sótt um vinnu erlendis | 15,0% | 20 | 3,0% | 11 |
| Fengið atvinnutilboð erlendis frá | 13,5% | 18 | 1,4% | 5 |
| Unnið erlendis | 16,5% | 22 | 4,6% | 17 |
| þurft að vinna erlendis vegna starfs þíns | 21,1% | 28 | 3,0% | 11 |
| Ekkert að ofantöldu | 40,6% | 54 | 66,7% | 246 |

Hvað háskóladeild varðar að þá svara hlutfallslega flestir úr kennaradeild að enginn af valkostunum eigi við um þá eða 73% svarenda á móti tæpum 58% nemenda úr kennaradeild, 54% úr viðskiptadeild og aðeins rúmunum 8% nemenda úr auðlindadeild.

Almennt má segja að brautskráðir nemendur úr auðlinda- deild hafi mun meiri hug á að starfa á erlendum vettvangi en nemendur úr öðrum deildum. Þeir hafa einnig starfað og þurft að starfa erlendis í mun meiri mæli en aðrir brautskráðir nemendur.

Tafla 44. Á eitthvað af valkostum við þig, greint eftir háskóladeild.


| Valkostir: | Auðlinda- deild | | Heilbrigðis- deild | | Kennara- deild | | Viðskipta- deild | |
|---|--------------------|-----|-----------------------|-----|-------------------|-----|---------------------|-----|
| | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. | % | Fj. |
| Hugleitt að fá þér vinnu erlendis | 63,9 | 23 | 34,1 | 46 | 19,4 | 41 | 37,5 | 45 |
| Sótt um vinnu erlendis | 16,7 | 6 | 4,4 | 6 | 1,4 | 3 | 13,3 | 16 |
| Fengið atvinnutilboð erlendis frá | 22,2 | 8 | 0,7 | 1 | 1,9 | 4 | 8,3 | 10 |
| Unnið erlendis | 27,8 | 10 | 7,4 | 10 | 4,7 | 10 | 7,5 | 9 |
| þurft að vinna erlendis vegna starfs þíns | 41,7 | 15 | 2,2 | 3 | 3,8 | 8 | 10,8 | 13 |
| Ekkert að ofantöldu | 8,3 | 3 | 57,8 | 78 | 73,0 | 154 | 54,2 | 65 |

Þeir aðilar sem hafa starfað erlendis voru spurðir að því í hvaða landi, eða löndum ef það á við, viðkomandi starfaði og hve lengi í senn. Skemmst er frá því að segja að í langflestum tilvikum höfðu brautskráðir nemendur ekki starfað erlendis eða 81,5% þeirra sem búsettir voru hér á Íslandi í febrúar. Hafa þeir í huga að þessi könnun náði ekki til þeirra sem að nú eru búsettir erlendis. Af þeim sem hafa verið búsettir erlendis þá hefur rúm 67% þeirra starfað í einu landi, tæp 24% í tveimur löndum og um 9% í þremur löndum.

Tafla 45. Í hve mörgum löndum hefur þú unnið?

| | Hlutfall | Fjöldi |
|---------------------------------|----------|--------|
| Ég hef ekki starfað erlendis | 81,5% | 335 |
| Ég hef starfað í einu landi | 12,4% | 51 |
| Ég hef starfað í tveimur löndum | 4,4% | 18 |
| Ég hef starfað í þremur löndum | 1,7% | 7 |
| Samtals | 100% | 411 |

Algengast er að brautskráðir nemendur frá HA hafi starfað á Norðurlöndunum eða 52% þeirra sem starfað hafa á erlendum vettvangi. Flestir hafa starfað í Danmörku eða 20 manns (18%), 19 manns í Noregi (17%) og 16 manns í Svíþjóð (14%).



Mynd 127. Algengustu lönd við brautskráðir nemendur hafa starfað í.

Hvað varðar lengd dvalar nemenda við störf á erlendum vettvangi að þá er eitt ár algengast en þó er meðaldvöl brautskráðra nemenda við störf erlendis rúm 2 ár. Sá sem var lengst í burtu starfaði í rúm 15 ár erlendis.

7.5 Samantekt

Í þessum hluta eru samanteknar niðurstöður varðandi núverandi atvinnu svarenda en nær allir svarendur eru í launaðri vinnu. Langflestir vinna hjá hinu opinbera (ríki) eða sveitarfélögum og þá í stofnunum eða fyrirtækjum í mennta- eða heilbrigðisgeiranum. Rétt innan við helmingur svarenda hefur aðeins starfað hjá einum atvinnurekanda frá útskrift, sérstaklega á þetta við um konur.

Um fimmtungur svarenda hefur þurft að fara erlendis á vegum vinnunnar á síðustu 12 mánuðum, sérstaklega karlar úr auðlindadeild og er algenast að dvölin hafi verið vika til tíu dagar. Öllu jöfnu eru svarendur í fullri vinnu og gott betur en það. Algengast er að yfirvinnustundir séu tíu á viku en karlar vinna að jafnaði mun meira en konur. Liðlega helmingur svarenda hefur 300 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði eða minna. Karlar hafa mun hærra heildarlaun en konur en kynbundinn launamunur er minnstur í auðlindadeild.

8. Færni og þekking

Í þessum kafla er fjallað um færni og þekkingu brautskráðra nemenda annars vegar við útskrift og hins vegar í starfi.

8.1 Almenn færni og þekking

Í þessum hluta er fjallað um í hversu miklum mæli viðkomandi bjó yfir ákveðinni færni og þekkingu þegar hann útskrifaðist síðast úr Háskólanum á Akureyri og í hve miklum mæli þessara þátta er krafist í núverandi starfi viðkomandi. Einnig er fjallað um mikilvægi ákveðinnar þekkingar og hæfni í starfi og hversu vel háskólamenntunin hefur nýst til að búa viðkomandi undir ýmis verkefni bæði í starfi og á öðrum sviðum í lífinu. Til þess að meta þessa þætti var spurt þriggja meginspurninga sem skiptust í nokkra liði hver.

Fyrsta spurningin var í 37 liðum sem flokkaðir voru saman í fjóra undirþætti⁴⁶. Þessir undirþættir eru; (1) frumkvæði í starfi, (2) gæði menntunar, (3) skipulag-sjálfsagi og (4) hæfni í rekstri.

Þeir liðir sem flokkuðust til frumkvæði í starfi voru; (1) leiðtogahæfileikar, (2) ábyrgð og ákvarðanatataka, (3) færni í munnlegum samskiptum, (4) umburðarlyndi, skilningur á ólíkum sjónarmiðum, (5) samningatækni, (6) hæfni til að vinna með öðrum, (7) aðlögunarhæfni, (8) frumkvæði, (9) tengjast viðfangsefnum á persónulegan hátt og (10) sköpunargáfa.

Þeir liðir sem flokkuðust til gæði menntunar voru; (1) færni við öflun og vinnslu gagna, (2) hæfni til að afla sér þekkingar, (3) fræðileg þekking á þínu sérsviði, (4) hæfni til að greina viðfangsefni, (5) tölvukunnátta, (6) þverfagleg hugsun eða þekking, (7) gagnrýnin hugsun, (8) kunnátta í erlendum tungumálum, (9) færni í að leysa vandamál, (10) almenn þekking, (11) hæfni til að meta eigin verk, (12) sjálfstæð vinnubrögð og (13) færni í skriflegum samskiptum.

⁴⁶ Notast var við sömu undirþætti og er að finna í samskonar skýrslu frá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um gildi og gagnsemi náms í HÍ.

Þeir liðir sem flokkuðust til skipulag – sjálfsagi voru; (1) einbeiting, (2) nákvæmni, (3) festa eða þrautseigja, (4) geta til að vinna undir álagi, (5) tímastjórn, (6) hollusta eða heillindi og (7) líkamleg og andleg heilsa eða hreysti.

Þeir liðir sem flokkuðust til hæfni í rekstri voru; (1) verkleg færni, (2) fjármálaþekking, (3) upplýsingastjórn og skjalavarsla, (4) áætlanagerð, samræming og skipulagning, (5) skilningur á breytilegum félagslegum, stofnanalegum og tæknilegum kerfum, (6) beita reglum og fyrirmælum og (7) færni í meðferð talna.

Reiknað var út meðalskor allra þessa þátta og meðaltal hvers flokks fundið út, bæði hvað varðar færni við útskrift og færni sem krafist er í starfi.

Heilt yfir er hægt að segja að brautskráðir nemendur telja að þeir hafi almennt haft góða færni og þekkingu á þeim þáttum sem til skoðunar voru og hennar sé almennt krafist í nokkru mæli í núverandi starfi svarenda. Segja má að meiri færni og þekkingar sé krafist í starfi en viðkomandi hafði þegar hann útskrifaðist.

Helst er það færni og þekking varðandi skipulag og sjálfsaga sem hefur staðið í stað frá útskrift en þetta er sá þáttur sem nemendur töldu að þeir byggju yfir mestri færni í við útskrift en í núverandi starfi svarenda er lögð ríkari áhersla á frumkvæði í starfi.

Konur telja almennt að færni og þekking við útskrift hafi verið meiri en karlar. Reyndar telja konur líka að meiri færni sé krafist í núverandi starfi þeirra en karlar.

Tafla 46. Færni og þekking við útskrift og í starfi, greint eftir kyni.

| Yfirflokkur | Allir | | Karlar | | Konur | |
|------------------------|--------------|----------|--------------|----------|--------------|----------|
| | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi |
| Frumkvæði í starfi | 3,83 | 4,33 | 3,73 | 4,13 | 3,87 | 4,41 |
| Gæði menntunar | 3,89 | 4,08 | 3,74 | 3,93 | 4,41 | 3,95 |
| Skipulag eða sjálfsagi | 4,00 | 4,00 | 3,83 | 3,80 | 4,06 | 4,07 |
| Hæfni í rekstri | 3,24 | 3,70 | 3,33 | 3,71 | 3,21 | 3,70 |

Lítill munur er á svörum eftir háskóladeild en þó má sjá að nemendur úr auðlindadeild gefa almennt lægri meðaleinkunn en nemendur úr öðrum háskóladeildum. Jafnframt má sjá að nemendur úr kennaradeild telja í meiri mæli en aðrir að ríkari

áhersla er lögð á frumkvæði í núverandi starfi en viðkomandi hafði við útskrift. Nemendur úr auðlinda- og viðskiptadeild telja að þeir hafi haft meiri færni og þekkingu við útskrift varðandi skipulag eða sjálfsaga en krafist er í núverandi starfi.

Tafla 47. Færni og þekking við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild.

| Yfirflokkur | Auðlindaeild | | Heilbrigðiseild | | Kennaradeild | | Viðskipta- deild | |
|------------------------|--------------|----------|-----------------|----------|--------------|----------|---------------------|----------|
| | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi |
| Frumkvæði í starfi | 3,71 | 4,13 | 3,93 | 4,43 | 3,79 | 4,38 | 3,84 | 4,21 |
| Gæði menntunar | 3,70 | 3,93 | 3,88 | 4,10 | 3,96 | 4,15 | 3,84 | 3,99 |
| Skipulag eða sjálfsagi | 3,87 | 3,75 | 4,01 | 4,03 | 4,05 | 4,10 | 3,92 | 3,87 |
| Hæfni í rekstri | 3,23 | 3,76 | 3,00 | 3,64 | 3,26 | 3,65 | 3,47 | 3,83 |

Hvað varðar yfirflokkinn frumkvæði í starfi þá voru það tíu liðir sem mynda þann þátt. Svarendur telja helst að leiðtogahæfileikar, hæfni til að vinna með öðrum og það að tengjast viðfangsefnum á persónulegan hátt séu hlutir sem viðkomandi hafi haft í meiri mæli við útskrift en krafist er í núverandi starfi. Skiptir þá engu hvort um er að ræða svör frá körlum eða konum.

Tafla 48. Frumkvæði í starfi við útskrift og í starfi, greint eftir kyni.

| Frumkvæði í starfi | Allir | | Karlur | | Konur | |
|--|--------------|----------|--------------|----------|--------------|----------|
| | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi |
| Leiðtogahæfileikar | 4,70 | 4,49 | 4,44 | 4,33 | 4,80 | 4,55 |
| Ábyrgð/ákvarðanataka | 4,27 | 4,32 | 4,07 | 4,20 | 4,34 | 4,37 |
| Færni í munnlegum samskiptum | 3,68 | 4,19 | 3,63 | 4,10 | 3,69 | 4,23 |
| Umburðarlyndi, skilningur á ólíkum sjónarmiðum | 4,05 | 4,17 | 3,63 | 4,05 | 4,21 | 4,21 |
| Samningatækni | 3,13 | 4,12 | 2,98 | 3,93 | 3,19 | 4,19 |
| Hæfni til að vinna með öðrum | 4,42 | 4,37 | 4,27 | 4,16 | 4,47 | 4,45 |
| Aðlögunarhæfni | 4,22 | 4,35 | 3,99 | 4,05 | 4,31 | 4,46 |
| Frumkvæði | 3,40 | 4,41 | 4,00 | 4,11 | 3,19 | 4,52 |
| Tengjast viðfangsefnum á persónulegan hátt | 4,60 | 4,48 | 4,50 | 4,30 | 4,63 | 4,55 |
| Sköpunargáfa | 3,59 | 4,22 | 3,62 | 4,09 | 3,58 | 4,26 |

Hvað háskóladeild varðar að þá má sjá að nemendur úr auðlindadeild töldu sig hafi haft meiri hæfni til að vinna með öðrum, meiri aðlögunarhæfni og frumkvæði við útskrift en starf þeirra í dag gerir kröfur um. Nemendur úr heilbrigðisdeild töldu helst að við útskrift hafi þeir ekki haft næga færni í mannlegum samskiptum og lítið frumkvæði en í núverandi starfi þeirra er rík áhersla lögð á báða þessa þætti. Sömu sögu er að segja varðandi brautskráða nemendur úr kennaradeild en þeir töldu skorta nokkuð á frumkvæði við útskrift en þeir hafi haft meiri leiðtoga-hæfileika en krafist er í núverandi starfi. Nemendur úr viðskipta-deild töldu sig hafa minni þekking og færni í samningatækni við útskrift en krafist sé í núverandi starfi og þeir hafi haft meiri leiðtoga-hæfileika en krafist er í núverandi starfi.

Tafla 49. Frumkvæði í starfi við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild.

| Frumkvæði í starfi | Auðlindadeild | | Heilbrigðisdeild | | Kennaradeild | | Viðskipta-deild | |
|---|---------------|----------|------------------|----------|---------------|----------|-----------------|----------|
| | Við út-skrift | Í starfi | Við út-skrift | Í starfi | Við út-skrift | Í starfi | Við út-skrift | Í starfi |
| Leiðtoga-hæfileikar | 4,3 | 4,3 | 4,8 | 4,6 | 4,7 | 4,5 | 4,7 | 4,4 |
| Ábyrgð/ákvarðanatáka | 4,1 | 4,4 | 4,6 | 4,4 | 4,2 | 4,4 | 4,1 | 4,0 |
| Færni í munnlegum sam-skiptum | 3,5 | 4,2 | 3,5 | 4,2 | 3,8 | 4,2 | 3,8 | 4,2 |
| Umburðarlyndi, skilning-ur á ólíkum sjónarmiðum | 3,3 | 4,0 | 4,6 | 4,2 | 4,0 | 4,3 | 3,8 | 4,0 |
| Samningatækni | 2,4 | 3,8 | 3,0 | 4,2 | 3,3 | 4,2 | 3,3 | 4,0 |
| Hæfni til að vinna með öðrum | 4,3 | 4,2 | 4,4 | 4,6 | 4,5 | 4,4 | 4,3 | 4,2 |
| Aðlögunarhæfni | 4,2 | 4,1 | 4,3 | 4,5 | 4,3 | 4,4 | 4,0 | 4,2 |
| Frumkvæði | 4,2 | 4,1 | 2,8 | 4,6 | 3,2 | 4,5 | 4,2 | 4,2 |
| Tengjast viðfangsefnum á persónulegan hátt | 4,6 | 4,4 | 4,7 | 4,6 | 4,5 | 4,5 | 4,6 | 4,4 |
| Sköpunargáfa | 3,5 | 4,2 | 3,4 | 4,3 | 3,8 | 4,2 | 3,4 | 4,2 |

Hvað varðar yfirflokkinn gæði menntunar að þá voru það þrettán liðir sem mynduðu þann þátt. Heilt fyrir má segja að hvað gæði menntunar almennt varðar að þá er það mat brautskráðra nemenda að meiri færni sé krafist í starfi þeirra en þeir höfðu við útskrift. Gildir þá einu hvort lítið sé til kynferðis eða háskóla-deildar. Þátturinn gagnrýnin hugsun er sá liður sem nemendur meta færni sína mesta í við útskrift og jafnframt að rík áhersla sé

lögð á í núverandi starfi. Þar á eftir kemur þátturinn sjálfstæð vinnubrögð en sömu sögu er að segja um hann, mikil færni í við útskrift og enn meiri áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð í núverandi starfi. Jafnframt töldu mjög margar konur að lögð sé mikil áhersla á góða færni í skriflegum samskiptum í núverandi starfi.

Tafla 50. Gæði menntunar við útskrift og í starfi, greint eftir kyni.

| Gæði menntunar: | Allir | | Karlar | | Konur | |
|----------------------------------|--------------|----------|--------------|----------|--------------|----------|
| | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi |
| Færni við öflun og vinnslu gagna | 3,90 | 3,95 | 3,79 | 3,97 | 3,94 | 3,95 |
| Hæfni til að afla sér þekkingar | 4,13 | 4,03 | 3,91 | 3,83 | 4,21 | 4,10 |
| Fræðileg þekking á þínu sérsviði | 3,94 | 4,34 | 3,75 | 4,02 | 4,01 | 4,46 |
| Hæfni til að greina viðfangsefni | 3,77 | 3,89 | 3,61 | 3,72 | 3,83 | 3,95 |
| Tölvukunnátta | 3,67 | 3,90 | 3,68 | 3,95 | 3,66 | 3,88 |
| Þverfagleg hugsun eða þekking | 3,83 | 4,21 | 3,75 | 3,99 | 3,86 | 4,30 |
| Gagnrýnin hugsun | 4,25 | 4,55 | 3,93 | 4,29 | 4,36 | 4,64 |
| Kunnátta í erlendum tungumálum | 3,44 | 3,05 | 3,37 | 3,30 | 3,46 | 2,96 |
| Færni í að leysa vandamál | 3,78 | 4,13 | 3,74 | 4,02 | 3,79 | 4,17 |
| Almenn þekking | 3,99 | 4,29 | 3,89 | 4,14 | 4,02 | 4,35 |
| Hæfni til að meta eigin verk | 3,68 | 3,71 | 3,40 | 3,44 | 3,78 | 3,81 |
| Sjálfstæð vinnubrögð | 4,23 | 4,53 | 4,09 | 4,36 | 4,28 | 4,60 |
| Færni í skriflegum samskiptum | 4,05 | 4,49 | 3,67 | 4,16 | 4,20 | 4,62 |

Almennt má segja að meðaleinkunnir nemendur úr heilbrigðis- og kennaradeild eru nokkuð hærri en nemenda úr öðrum háskóla-deildum. Nemendur úr heilbrigðisdeild töldu sig hafa mikla færni í gagnrýnni hugsun við útskrift og jafnframt sé lögð rík áhersla á hana í núverandi starfi ásamt skriflegum samskiptum, sjálfstæðum vinnubrögðum sem og fræðilegri þekkingu á sérsviðinu. Nemendur úr kennaradeild eru alveg sama sinnis nema hvað þeir meta færni sína í sjálfstæðum vinnubrögðum við

útskrift mun meiri en nemendur úr heilbrigðisdeild. Hæfni til að afla sér þekkingar fékk hæstu meðaleinkunn nemenda úr auðlindadeild við útskrift en hvað varðar núverandi starf þeirra þá er mikil áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Gagnrýn hugsun, almenn þekking og sjálfstæð vinnubrögð eru þeir þættir sem flestir nemendur úr viðskiptadeild gefa hæsu meðaleinkunn bæði hvað varðar færni og þekkingu við útskrift og kröfur í núverandi starfi.

Tafla 51. Gæði menntunar við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild.

| Gæði menntunar | Auðlindadeild | | Heilbrigðisdeild | | Kennaradeild | | Viðskipta- deild | |
|----------------------------------|-------------------|----------|-------------------|----------|-------------------|-------------|---------------------|-------------|
| | Við út- skrift | Í starfi | Við út- skrift | Í starfi | Við út- skrift | Í starfi | Við út- skrift | Í starfi |
| Færni við öflun og vinnslu gagna | 3,8 | 4,0 | 3,8 | 3,9 | 4,0 | 4,0 | 3,9 | 4,0 |
| Hæfni til að afla sér þekkingar | 4,1 | 3,8 | 4,2 | 4,1 | 4,2 | 4,1 | 3,9 | 4,0 |
| Fræðileg þekking á þínu sérsviði | 3,7 | 3,9 | 3,9 | 4,6 | 4,1 | 4,5 | 3,7 | 3,9 |
| Hæfni til að greina viðfangsefni | 3,7 | 3,7 | 3,8 | 3,8 | 3,8 | 4,0 | 3,8 | 3,8 |
| Tölvukunnátta | 3,7 | 3,9 | 3,6 | 3,6 | 3,6 | 3,9 | 3,9 | 4,2 |
| Þverfagleg hugsun eða þekking | 3,8 | 4,1 | 3,7 | 4,3 | 3,9 | 4,3 | 3,8 | 4,0 |
| Gagnrýnin hugsun | 3,8 | 4,3 | 4,4 | 4,7 | 4,3 | 4,6 | 4,1 | 4,3 |
| Kunnátta í erlendum tungumálum | 3,3 | 3,6 | 3,5 | 3,2 | 3,4 | 2,8 | 3,5 | 3,3 |
| Færni í að leysa vandamál | 3,6 | 4,1 | 3,7 | 4,2 | 3,9 | 4,2 | 3,8 | 4,1 |
| Almenn þekking | 3,7 | 3,9 | 4,0 | 4,3 | 4,1 | 4,4 | 4,0 | 4,3 |
| Hæfni til að meta eigin verk | 3,4 | 3,4 | 3,7 | 3,7 | 3,8 | 3,9 | 3,6 | 3,5 |
| Sjálfstæð vinnubrögð | 4,0 | 4,4 | 4,0 | 4,6 | 4,4 | 4,6 | 4,2 | 4,4 |
| Færni í skriflegum samskiptum | 3,4 | 4,0 | 4,2 | 4,7 | 4,2 | 4,6 | 3,9 | 4,2 |

Hvað varðar yfirflokkinn skipulag eða sjálfsagi að þá eru það sjö liðir sem mynda þann þátt. Almenn tölja brautskráðir nemendur að færni í skipulagi eða sjálfsaga hafi verið mjög góð við útskrift og þess sé krafist í miklum mæli í starfi. Hollusta og heillindi er sá liður sem fékk hæstu meðaleinkunn nemenda varðandi skipulag eða sjálfsaga en einnig fær liðurinn festa og þrautseigja mjög háa

meðaleinkunn. Almennt telja konur færni sína og þekkingu við útskrift meiri en karlar og jafnframt að gerðar séu meiri kröfur varðandi skipulag og sjálfsaga í núverandi starfi hjá þeim en karlar.

Tafla 52. Skipulag eða sjálfsaga við útskrift og í starfi, greint eftir kyni.

| Skipulag/sjálfsaga | Allir | | Karlar | | Konur | |
|---------------------------------------|--------------|----------|--------------|----------|--------------|----------|
| | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi |
| Einbeiting | 3,84 | 3,79 | 3,73 | 3,33 | 3,87 | 3,97 |
| Nákvæmni | 4,09 | 3,94 | 3,85 | 3,80 | 4,18 | 3,99 |
| Festa eða þrautseigja | 4,02 | 4,33 | 3,76 | 4,06 | 4,12 | 4,44 |
| Geta til að vinna undir álagi | 4,00 | 4,10 | 4,10 | 3,92 | 4,00 | 4,17 |
| Tímastjórn | 3,71 | 3,92 | 3,39 | 3,83 | 3,83 | 3,95 |
| Hollusta og heillindi | 4,42 | 4,36 | 4,24 | 4,11 | 4,49 | 4,46 |
| Líkamleg og andleg heilsa eða hreysti | 3,86 | 3,59 | 3,73 | 3,54 | 3,91 | 3,61 |

Nemendur úr auðlindaedeild töldu getu sína til að vinna undir álagi mesta af þessum þáttum við útskrift en í núverandi starfi sé það hollusta og heillindi sem skiptir mestu máli. Nemendur úr heilbrigðisdeild gáfu hollustu og heillindum hæstu meðaleinkunn við útskrift en í núverandi starfi sé mest lögð áhersla á festu og þrautseigju ásamt hollustu og heillindum. Þessu voru nemendur úr kennaradeild alveg sammála en nemendur úr viðskiptadeild töldu festu og þrautseigju ekki eins mikilvæga.

Tafla 53. Skipulag eða sjálfsaga við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild.

| Skipulag/sjálfsaga | Auðlinda-deild | | Heilbrigðis-deild | | Kennaradeild | | Viðskipta-deild | |
|---------------------------------------|----------------|----------|-------------------|----------|--------------|----------|-----------------|----------|
| | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi |
| Einbeiting | 3,8 | 3,2 | 3,7 | 4,0 | 4,1 | 4,0 | 3,6 | 3,3 |
| Nákvæmni | 3,8 | 3,7 | 4,2 | 3,9 | 4,1 | 4,1 | 4,0 | 3,8 |
| Festa eða þrautseigja | 3,9 | 4,0 | 4,1 | 4,5 | 4,1 | 4,4 | 3,8 | 4,1 |
| Geta til að vinna undir álagi | 4,2 | 3,9 | 3,8 | 4,1 | 4,1 | 4,2 | 4,2 | 4,0 |
| Tímastjórn | 3,5 | 3,8 | 3,7 | 3,9 | 3,8 | 3,9 | 3,6 | 4,0 |
| Hollusta og heillindi | 4,1 | 4,2 | 4,6 | 4,5 | 4,4 | 4,4 | 4,4 | 4,2 |
| Líkamleg og andleg heilsa eða hreysti | 3,7 | 3,5 | 4,0 | 3,4 | 3,8 | 3,8 | 3,9 | 3,6 |

Hvað varðar yfirflokkinn hæfni í rekstri að þá skiptist hann niður í sjö liði. Almennt telja brautskráðir nemendur að hæfni og þekking í rekstri hafi verið öllu jöfnu minni við útskrift en krafist er í núverandi starfi. Ennfremur má segja að hæfni og þekking þriggja liða, fjármálaþekking, upplýsingastjórn og skjalavarsla og skilningur á breytilegum kerfum, hafi ekki komið nógu vel út. Að sama skapi eru almennt ekki gerðar miklar kröfur hvað þessa þætti varðar í starfi. Þess ber þó að geta að í sumum háskóladeildum er lítil áhersla lögð á þessa liði enda námið annars eðlis.

Karlar töldu að þeir hefðu mesta færni í meðferð talna við útskrift en í núverandi starfi sé krafist mikillar færni í áætlanagerð, samræmingu og skipulagningu. Konur töldu hins vegar að við útskrift hafi þær haft mesta færni í verklegri færni en í núverandi starfi sé mestrar færni krafist í að beita reglum og fyrirbærum.

Tafla 54. Hæfni í rekstri við útskrift og í starfi, greint eftir kyni.

| Hæfni í rekstri: | Allir | | Karlar | | Konur | |
|--|--------------|----------|--------------|----------|--------------|----------|
| | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi |
| Verkleg færni | 3,73 | 3,89 | 3,56 | 3,76 | 3,80 | 3,93 |
| Fjármálaþekking | 2,81 | 2,91 | 3,21 | 3,47 | 2,67 | 2,70 |
| Upplýsingastjórn og skjalavarsla | 2,79 | 3,20 | 2,94 | 3,47 | 2,73 | 3,10 |
| Áætlanagerð, samræming og skipulagning | 3,56 | 4,13 | 3,48 | 4,06 | 3,58 | 4,16 |
| Skilningur á breytilegum kerfum | 2,91 | 3,28 | 2,97 | 3,14 | 2,89 | 3,33 |
| Beita reglum og fyrirbærum | 3,58 | 4,13 | 3,34 | 3,89 | 3,66 | 4,22 |
| Færni í meðferð talna | 3,31 | 3,96 | 3,77 | 3,87 | 3,14 | 3,99 |

Sjá má að nemendur úr auðlindadeild mátu færni og þekkingu við útskrift mesta í meðferð talna en áætlanagerð, samræming og skipulagning er sú þekking sem ríkust áhersla er lögð á í núverandi starfi. Nemendur úr heilbrigðisdeild mátu verklegri færni færni sína mesta við útskrift en í núverandi starfi er krafist mestrar færni í að beita reglum og fyrirbærum og áætlanagerð, samþættingu og skipulagningu. Nemenur úr kennaradeild töldu einnig að í núverandi starfi sé mestrar færni krafist í að beita


reglum og fyrirbærum og áætlanagerð, samþættingu og skipulagningu. Nemendur úr viðskiptadeild töldu almennt að þeir hafi haft mesta færni í meðferð talna við útskrift en áætlanagerð, samræming og skipulagning sé sá þáttur sem núverandi starf krefst mestrar færni í.

Tafla 55. Hæfni í rekstri við útskrift og í starfi, greint eftir háskóladeild.

| Hæfni í rekstri: | Auðlindadeild | | Heilbrigðisdeild | | Kennaradeild | | Viðskipta- deild | |
|--|---------------|----------|------------------|----------|--------------|----------|---------------------|----------|
| | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi | Við útskrift | Í starfi |
| Verkleg færni | 3,4 | 3,6 | 3,9 | 3,8 | 3,8 | 4,0 | 3,5 | 3,8 |
| Fjármálaþekking | 3,2 | 3,7 | 2,4 | 2,6 | 2,6 | 2,4 | 3,6 | 3,9 |
| Upplýsingastjórn og skjalavarsla | 2,9 | 3,5 | 2,6 | 3,0 | 2,7 | 3,0 | 3,1 | 3,6 |
| Áætlanagerð, samræming og skipulagning | 3,3 | 4,2 | 3,2 | 4,0 | 3,8 | 4,3 | 3,9 | 4,1 |
| Skilningur á breytilegum kerfum | 2,8 | 3,1 | 2,8 | 3,4 | 3,0 | 3,3 | 3,0 | 3,3 |
| Beita reglum og fyrirbærum | 3,2 | 3,9 | 3,5 | 4,1 | 3,8 | 4,3 | 3,5 | 3,9 |
| Færni í meðferð talna | 3,8 | 3,8 | 2,8 | 3,9 | 3,2 | 4,0 | 4,0 | 4,0 |


Hvað varðar mikilvægi þekkingar brautskráðra nemenda á öðrum löndum og hæfni til erlendra samskipta vegna starfs síns var spurt fjögurra spurninga, þ.e. hversu mikilvæg er; (1) yfirgripsmikil þekking á öðrum löndum (t.d. efnahagsleg, félagsleg eða lagaleg þekking), (2) þekking eða skilningur á ólíkri menningu og lífsstíl annarra þjóða, (3) að geta unnið með fólki sem hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn og (4) að geta átt samskipti (bæði munnlega og skriflega) á erlendum tungumálum.

Brautskráðir nemendur telja að mikilvægast sé að geta unnið með fólki sem hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn en um 60% svarenda telja slíkt vera mjög eða frekar mikilvægt. Einnig telja þeir nokkuð mikilvægt að geta átt samskipti á erlendum tungumálum og hafa þekkingu og skilning á ólíkri menningu og lífsstíl annarra þjóða en síst mikilvægt finnst þeim að hafa yfirgripsmikla þekkingu á öðrum löndum.



Mynd 128. Er þessi þekking og hæfni mikilvæg í starfi þínu?


Kynferði⁴⁷ hefur áhrif á svör varðandi yfirgripsmikla þekkingu á öðrum löndum og mikilvægi þeirrar þekkingar og hæfni í starfi. Telja karlar þennan þátt í meiri mæli mjög eða frekar mikilvægan en konur.



Mynd 129. Mikilvægi yfirgripsmikillar þekkingar á öðrum löndum í starfi mínu, greint eftir kyni og háskóladeild.

⁴⁷ (Tau-c=,21;α=,000)

Tengsl eru bæði milli kynferðis⁴⁸ og háskóladeildar⁴⁹ og mats á mikilvægi þekkingar og skilnings á ólíkri menningu og lífsstíl annarra þjóða fyrir þekkingu og hæfni í starfi. Hlutfallslega fleiri konur en karlar telja slíkt vera mjög eða frekar mikilvægt í starfi sínu og hlutfallslega fleiri brautskráðir nemendur úr kennaradeild telja slíkt vera mjög eða frekar mikilvægt en nemendur úr öðrum deildum. Það eru helst nemendur úr viðskiptadeild sem telja þennan þátt ekki vera það mikilvægan.



Mynd 130. Mikilvægi þekkingar og skilningur á ólíkri menningu og lífsstíl annarra þjóða í starfi mínu, greint eftir kyni og háskóladeild.


Einnig eru tengsl milli kynferðis⁵⁰ og háskóladeildar⁵¹ og mati á mikilvægi þess í starfi að geta unnið með fólki sem hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn. Hlutfallslega fleiri konur en karlar telja slíkt vera mjög eða frekar mikilvægt sem og nemendur heilbrigðis- og kennaradeild.

⁴⁸ (Tau-c=,18;α=,000)

⁴⁹ (Tau-c=,12;α=,002)


⁵⁰ (Tau-c=,18;α=,000)

⁵¹ (Tau-c=,12;α=,002)



Mynd 131. Mikilvægi í starfi mínu að geta unnið með fólki sem hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn, greint eftir kyni og háskóladeild.

Kynferði⁵² hefur áhrif á svör fólks varðandi mati á mikilvægi þess í starfi að geta átt samskipti á erlendum tungumálum. Hlutfallslega fleiri karlar en konur telja slíkt vera mjög eða frekar mikilvægt og einnig nemendur úr auðlindadeild. Þetta kemur alls ekki á óvart þar sem mun fleiri karlar hafa áhuga á og starfa á erlendum vettvangi sem og brautskráðir nemendur úr auðlindadeild.



Mynd 132. Mikilvægi í starfi mínu að geta átt samskipti á erlendum tungumálum, greint eftir kyni og háskóladeild.

Sé litið til útskriftarárganga að þá má sjá að framan af hafa brautskráðir nemendur talið það að geta átt samskipti á erlendum tungumálum sé mikilvægast fyrir þekkingu og hæfni í starfi. Hin


⁵² (Tau-c=,16;α=,001)

seinni ár hafa nemendur aftur á móti hneigst til þess að meta það að geta unnið með fólki sem hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn mikilvægast fyrir þekkingu og hæfni í starfi.

Tafla 56. Er þessi þekking og hæfni mikilvæg í starfi þínu, greint eftir útskriftarári.


| Ár | Yfirgripsmikil þekking á öðrum löndum | Þekking eða skilningur á ólíkri menningu og lífsstíl annarra þjóða | Að geta unnið með fólki sem hefur ólíkan menningarlegan bakgrunn | Að geta átt samskipti á erlendum tungumálum |
|--------------|---------------------------------------|--|--|---|
| | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor | Meðalskor |
| 1989 | 3,4 | 3,6 | 3,6 | 4,0 |
| 1990 | 1,5 | 1,5 | 2,5 | 3,5 |
| 1991 | 1,9 | 3,0 | 3,5 | 4,2 |
| 1992 | 1,8 | 2,5 | 2,5 | 4,0 |
| 1993 | 2,8 | 2,6 | 3,0 | 3,4 |
| 1994 | 2,4 | 2,9 | 3,2 | 3,6 |
| 1995 | 2,4 | 2,9 | 3,6 | 3,2 |
| 1996 | 2,9 | 3,3 | 3,6 | 3,2 |
| 1997 | 2,5 | 3,4 | 3,6 | 3,5 |
| 1998 | 2,2 | 3,0 | 3,4 | 3,6 |
| 1999 | 2,4 | 3,2 | 3,7 | 3,3 |
| 2000 | 2,1 | 3,2 | 3,6 | 2,9 |
| 2001 | 2,2 | 3,1 | 3,6 | 3,1 |
| 2002 | 2,2 | 3,0 | 3,5 | 3,1 |
| 2003 | 2,2 | 3,3 | 3,7 | 3,1 |
| Allir | 2,3 | 3,1 | 3,6 | 3,2 |

Að lokum var spurt hversu vel háskólamenntunin hafi nýst viðkomandi, annars vegar til að búa hann undir verkefni í því starfi sem hann sinnir um þessar mundir og hins vegar til að búa hann undir verkefni á öðrum sviðum í lífinu. Skemmst er frá því að segja að í langflestum tilvikum svara menn því til að háskólamenntunin hafi nýst þeim mjög eða frekar vel varðandi báða þessa þætti. Alls telja 81% svarenda að námið hafi búið þá mjög eða frekar vel undir verkefni í því starfi sem þeir sinna um þessar mundir og 74% að það hafi búið þá mjög eða frekar vel undir verkefni á öðrum sviðum í lífinu.



Mynd 133. Hversu vel hefur háskólamenntun þín nýst þér í ýmis verkefni?

Tengsl eru milli kynferðis⁵³ og háskóladeilda⁵⁴ og mats nemenda á því hversu vel háskólamenntunin hafi búið þá undir verkefni í því starfi sem þeir sinna um þessar mundir. Hlutfallslega fleiri konur en karlar telja háskólamenntunina hafa búið þær mjög eða frekar vel undir slíkt. Hvað háskóladeild varðar að þá eru það helst nemendur úr viðskiptadeild sem ekki eru eins ánægðir og telja í minni mæli að sú háskólamenntun sem þeir hafi nýttist þeim mjög eða frekar vel í starfi. Hafa ber í huga að brautskráðir nemendur úr viðskiptadeild eru í störfum á mun breiðari vettvangi en nemendur úr öðrum háskóladeildum eins og fram hefur komið hér fyrir framan.




Mynd 134. Hversu vel háskólamenntun mín hefur búið mig undir verkefni í því starfi sem ég sinni um þessar mundir, greint eftir kyni og háskóladeild.

⁵³ (Tau-c=,10;α=,037)

⁵⁴ (Tau-c=,13;α=,000)

Einnig eru tengsl milli kynferðis⁵⁵, háskóladeildar⁵⁶ og hversu vel háskólamenntunin hefur búið viðkomandi undir verkefni á öðrum sviðum í lífinu. Hlutfallslega fleiri konur en karlar telja að háskólamenntunin hafi búið þær mjög eða frekar vel slík verkefni sem og nemendur úr heilbrigðisdeild. Hlutfallslega færri nemendur úr viðskiptadeild telja að háskólanámið hafi búið þá mjög eða frekar vel undir verkefni á öðrum sviðum í lífinu en þó eru um 65% nemendanna sem svara því.



Mynd 135. Hversu vel hefur háskólamenntun mín búið mig undir verkefni á öðrum sviðum í lífinu, greint eftir kyni og háskóladeild.

Sjá má að öllu jöfnu telja nemendur í hverjum útskriftarárgangi að háskólamenntunin hafi búið þá betur undir verkefni í því starfi sem þeir sinna um þessar mundir en verkefni á öðrum sviðum í lífinu. Aðeins þrír útskriftarárgangar (1989,1993 og 1998) telja að háskólamenntunin hafi búið þá betur undir verkefni á öðrum sviðum í lífinu.

⁵⁵ (Tau-c=,10;α=,040)

⁵⁶ (Tau-c=,09;α=,010)


Tafla 57. Hversu vel hefur háskólamenntun mín búið mig undir verkefni í starfi sem öðrum sviðum í lífi, greint eftir útskriftarári.

| Ár | Að búa mig undir verkefni í því starfi sem ég sinni um þessar mundir | | Að búa mig undir verkefni á öðrum sviðum í lífinu | |
|--------------|--|------------|---|------------|
| | Meðalskor | Fjöldi | Meðalskor | Fjöldi |
| 1989 | 3,8 | 5 | 4,0 | 5 |
| 1990 | 3,5 | 2 | 3,5 | 2 |
| 1991 | 4,0 | 7 | 3,6 | 7 |
| 1992 | 4,0 | 6 | 4,0 | 6 |
| 1993 | 4,3 | 16 | 3,8 | 16 |
| 1994 | 4,4 | 13 | 4,5 | 13 |
| 1995 | 4,3 | 13 | 4,2 | 13 |
| 1996 | 4,1 | 41 | 3,6 | 42 |
| 1997 | 4,2 | 26 | 4,0 | 26 |
| 1998 | 4,0 | 28 | 4,1 | 28 |
| 1999 | 4,2 | 42 | 4,0 | 41 |
| 2000 | 4,0 | 59 | 3,8 | 58 |
| 2001 | 4,3 | 62 | 4,0 | 62 |
| 2002 | 4,1 | 58 | 3,9 | 58 |
| 2003 | 4,2 | 95 | 4,1 | 95 |
| Allir | 4,1 | 473 | 4,0 | 472 |

8.2 Tölvukunnátta

Í þessum hluta er fjallað um tölvukunnáttu brautskráðra nemenda, færni þeirra í notkun ýmissa forrita eins og hún var þegar viðkomandi útskrifaðist síðast og hvers lags tölvukunnáttu er krafist í starfi þeirra nú. Spurt var tveggja megin spurninga sem báðar voru í sex liðum, flokkuðum eftir forritum.

Skemmst er frá því að segja að mesta færni nemenda liggur í ritvinnslu, síðan töflureiknum en hlutfallslega fæstir hafa færni í forritunarmálum. Önnur forrit sem brautskráðir nemendur nefndu að þeir hefðu færni í er vefsíðugerð, kynningarforrit (Power Point) og ýmis bókhaldsforrit.



Mynd 136. Hver var færni í notkun helstu tölvuforríta eins og hún var þegar þú útskrifaðist síðast?

Almennt má segja að karlar telja í mun meiri mæli að færni þeirra í notkun helstu tölvuforríta sé að meðaltali nokkuð meiri en kvenna. Konur telja þó að meðaltali að þekking sín á ritvinnslu sé meiri en karla eða 4,2 á móti 4,1.

Tafla 58. Hver var færni í notkun helstu tölvuforríta eins og hún var þegar þú útskrifaðist síðast, greint eftir kyni.

| Tölvuforrit | Allir | | Karlar | | Konur | |
|-------------------|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Ritvinnsla | 4,2 | 497 | 4,1 | 132 | 4,2 | 365 |
| Forritunarmál | 1,3 | 476 | 1,5 | 126 | 1,3 | 350 |
| Töflureiknar | 3,2 | 491 | 3,8 | 132 | 2,9 | 359 |
| Gagnagrunnsforrit | 2,1 | 479 | 2,3 | 127 | 2,1 | 351 |
| Sérhæfð forrit | 1,9 | 473 | 2,1 | 127 | 1,8 | 346 |
| Annað | 2,8 | 119 | 3,1 | 31 | 2,7 | 88 |

Hvað háskóladeild varðar að þá má sjá að brautskráðir nemendur úr auðlindadeild og viðskiptadeild telja sig hafa haft meiri þekkingu á töflureiknum en nemendur úr öðrum deildum. Jafnframt telja nemendur úr viðskiptadeild sig hafa haft mun meiri færni í notkun sérhæfðra forríta á borð við SPSS en nemendur úr öðrum deildum.

Tafla 59. Hver var færni í notkun helstu tölvuforrita eins og hún var þegar þú útskrifaðist síðast, greint eftir háskóladeild.


| Tölvuforrit | Auðlinda-deild | | Heilbrigðis-deild | | Kennaradeild | | Viðskiptadeild | |
|-------------------|----------------|--------|-------------------|--------|--------------|--------|----------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Ritvinnsla | 4,3 | 36 | 4,2 | 135 | 4,1 | 207 | 4,3 | 119 |
| Forritunarmál | 1,5 | 36 | 1,3 | 130 | 1,4 | 194 | 1,3 | 116 |
| Töflureiknar | 4,1 | 36 | 2,5 | 132 | 3,0 | 204 | 3,9 | 119 |
| Gagnagrunnsforrit | 2,2 | 36 | 2,1 | 132 | 2,0 | 194 | 2,2 | 117 |
| Sérhæfð forrit | 1,7 | 35 | 1,8 | 127 | 1,7 | 194 | 2,4 | 117 |
| Annað | 2,3 | 4 | 2,1 | 28 | 2,8 | 58 | 3,4 | 29 |

Sé horft til útskriftarárganga má sjá að færni brautskráðra nemenda við útskrift í ritvinnslu og sérhæfðum forritum er meiri nú á seinni árum en þeim fyrstu. Það vekur þó athygli að munurinn sé almennt ekki meiri, þ.e. að færni nemenda í notkun helstu tölvuforrita hafi ekki aukist meira á síðari árum samfara aukinni tölvunotkun.

Tafla 60. Hver var færni í notkun helstu tölvuforrita eins og hún var þegar þú útskrifaðist síðast, greint eftir útskriftarári.

| Ár | Ritvinnsla | | Forritunarmál | | Töflureiknar | | Gagnagrunnsforrit | | Sérhæfð forrit | |
|------|------------|--------|---------------|--------|--------------|--------|-------------------|--------|----------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| 1989 | 3,2 | 5 | 1,4 | 5 | 3,0 | 5 | 2,0 | 5 | 1,0 | 5 |
| 1990 | 3,5 | 2 | 2,0 | 2 | 4,0 | 2 | 2,0 | 2 | 1,0 | 2 |
| 1991 | 3,4 | 7 | 1,1 | 7 | 2,1 | 7 | 1,7 | 7 | 1,4 | 7 |
| 1992 | 3,6 | 7 | 1,3 | 6 | 2,3 | 7 | 1,7 | 7 | 1,8 | 6 |
| 1993 | 4,0 | 17 | 1,6 | 16 | 3,2 | 17 | 2,2 | 16 | 2,1 | 15 |
| 1994 | 3,8 | 14 | 1,4 | 14 | 3,3 | 14 | 1,6 | 14 | 1,9 | 14 |
| 1995 | 4,1 | 13 | 1,2 | 13 | 3,5 | 13 | 1,9 | 13 | 2,0 | 13 |
| 1996 | 3,9 | 43 | 1,3 | 37 | 3,0 | 42 | 1,8 | 38 | 1,6 | 38 |
| 1997 | 4,2 | 26 | 1,2 | 26 | 3,2 | 26 | 1,9 | 26 | 1,6 | 26 |
| 1998 | 4,4 | 28 | 1,1 | 28 | 3,9 | 28 | 2,1 | 28 | 1,4 | 27 |
| 1999 | 4,4 | 44 | 1,4 | 44 | 3,2 | 44 | 2,2 | 44 | 1,7 | 44 |
| 2000 | 4,1 | 61 | 1,4 | 59 | 2,9 | 58 | 2,0 | 58 | 1,6 | 56 |
| 2001 | 4,4 | 66 | 1,4 | 64 | 3,0 | 66 | 2,2 | 65 | 1,9 | 63 |
| 2002 | 4,2 | 64 | 1,3 | 62 | 3,3 | 62 | 2,3 | 63 | 2,3 | 62 |
| 2003 | 4,3 | 100 | 1,4 | 93 | 3,3 | 100 | 2,3 | 93 | 2,4 | 95 |

Jafnframt var spurt um í hve miklum mæli væri krafist færni í ýmsum tölvuforritum í núverandi starfi svarenda. Hlutfallslega flestir svara því til að ritvinnslu sé krafist í mjög eða frekar miklum mæli eða hjá 80% svarenda. Hjá um 47% svarenda er krafist mjög eða frekar mikillar færni í töflureiknum. Í mjög fáum störfum krafist er mjög eða frekar mikillar færni í forritunarmáli.



Mynd 137. Í hve miklum mæli er krafist færni í ýmsum forritum í starfi þínu nú?

Karlar svara því til að mestrar færni sé krafist í notkun töflureikna í þeirra starfi og þar fast á eftir komi færni í notkun ritvinnslu. Konur telja í meiri mæli að krafist sé mestrar færni í ritvinnslu í þeirra starfi og hjá hlutfallslega mun færri konum er krafist færni í töflureiknum.

Tafla 61. Í hve miklum mæli er krafist færni í ýmsum forritum í starfi þínu nú greint eftir kyni.

| Tölvuforrit | Allir | | Karlar | | Konur | |
|-------------------|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Ritvinnsla | 4,2 | 474 | 4,0 | 129 | 4,2 | 345 |
| Forritunarmál | 1,3 | 448 | 1,4 | 123 | 1,2 | 325 |
| Töflureiknar | 3,3 | 462 | 4,1 | 127 | 3,0 | 335 |
| Gagnagrunnsforrit | 2,1 | 451 | 2,4 | 125 | 2,0 | 326 |
| Sérhæfð forrit | 1,7 | 433 | 1,9 | 117 | 1,6 | 316 |
| Annað | 3,4 | 165 | 3,8 | 52 | 3,2 | 113 |

Hvað háskóladeild varðar að þá má sjá að brautskráðir nemendur úr heilbrigðisdeild svara því til að aðeins sé krafist mikillar færni í ritvinnslu í þeirra starfi en nær engri færni í notkun annarra forrita. Sömu sögu er að segja varðandi brautskráða nemendur úr kennaradeild nema nokkuð meiri færni er krafist í notkun töflureikna hjá þeim en nemendum úr heilbrigðisdeild. Hins vegar er krafist nokkuð mikillar færni í notkun ritvinnslu og töflureikna í starfi hjá brautskráðum nemendum úr auðlinda- og viðskiptadeild enda starfar mun hærra hlutfall þeirra í störfum þar sem tölvur koma við sögu á hverjum degi.

Tafla 62. Í hve miklum mæli er krafist færni í ýmsum forritum í starfi þínu nú, greint eftir háskóladeild.

| Tölvuforrit | Auðlindadeild | | Heilbrigðisdeild | | Kennaradeild | | Viðskiptadeild | |
|-------------------|---------------|--------|------------------|--------|--------------|--------|----------------|--------|
| | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi | Meðal-skor | Fjöldi |
| Ritvinnsla | 4,0 | 35 | 4,0 | 133 | 4,2 | 196 | 4,2 | 110 |
| Forritunarmál | 1,5 | 34 | 1,2 | 128 | 1,3 | 177 | 1,3 | 109 |
| Töflureiknar | 4,2 | 35 | 2,4 | 130 | 3,1 | 188 | 4,4 | 109 |
| Gagnagrunnsforrit | 2,5 | 34 | 2,1 | 131 | 2,0 | 177 | 2,3 | 109 |
| Sérhæfð forrit | 1,6 | 29 | 1,5 | 125 | 1,6 | 176 | 2,1 | 103 |
| Annað | 4,4 | 14 | 3,0 | 37 | 3,0 | 69 | 4,2 | 45 |

Hvað varðar útskriftarár að þá er að mati brautskráðra nemenda almennt krafist mestrar færni í ritvinnslu í öllum árgöngum nema einum, þ.e. 1990 en svarendur úr þeim árgangi meta það svo að meiri færni í töflureiknum sé krafist í starfi þeirra nú. Almennt séð er um litlar breytingar að ræða varðandi í hversu miklum mæli krafist er færni í ýmsum forritum í starfi eftir útskriftarárgöngum.

Tafla 63. Í hve miklum mæli er krafist færni í ýmsum forritum í starfi þínu nú, greint eftir útskriftarári.

| Ár | Ritvinnsla | | Forritunarmál | | Töflureiknar | | Gagnagrunnsforrit | | Sérhæfð forrit | |
|------|----------------|--------|----------------|--------|----------------|--------|-------------------|--------|----------------|--------|
| | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi | Meðal- skor | Fjöldi |
| 1989 | 4,0 | 5 | 1,0 | 5 | 3,8 | 5 | 3,2 | 5 | 2,0 | 4 |
| 1990 | 3,5 | 2 | 2,5 | 2 | 4,5 | 2 | 3,0 | 2 | 1,0 | 1 |
| 1991 | 4,0 | 7 | 1,1 | 7 | 3,1 | 7 | 1,7 | 7 | 2,1 | 7 |
| 1992 | 4,3 | 6 | 1,0 | 5 | 3,5 | 6 | 2,0 | 6 | 1,6 | 5 |
| 1993 | 4,0 | 16 | 1,5 | 15 | 3,9 | 15 | 2,8 | 15 | 1,8 | 13 |
| 1994 | 3,6 | 13 | 1,2 | 15 | 3,9 | 13 | 2,3 | 13 | 2,1 | 13 |
| 1995 | 4,2 | 13 | 1,1 | 13 | 3,9 | 13 | 1,8 | 13 | 2,0 | 11 |
| 1996 | 4,4 | 41 | 1,2 | 37 | 3,4 | 36 | 1,8 | 36 | 1,5 | 37 |
| 1997 | 4,1 | 25 | 1,1 | 25 | 3,8 | 25 | 1,8 | 25 | 1,2 | 25 |
| 1998 | 4,2 | 28 | 1,3 | 28 | 4,1 | 28 | 2,8 | 28 | 1,5 | 26 |
| 1999 | 4,1 | 42 | 1,4 | 42 | 3,0 | 42 | 2,3 | 42 | 2,0 | 42 |
| 2000 | 4,2 | 60 | 1,2 | 56 | 3,1 | 57 | 1,8 | 57 | 1,7 | 53 |
| 2001 | 4,2 | 62 | 1,2 | 58 | 3,1 | 59 | 2,1 | 59 | 1,8 | 57 |
| 2002 | 4,1 | 58 | 1,4 | 55 | 3,3 | 55 | 2,1 | 55 | 1,8 | 54 |
| 2003 | 4,0 | 96 | 1,3 | 87 | 2,9 | 88 | 2,1 | 88 | 1,5 | 85 |

8.3 Samantekt

Í þessum hluta er samantekt á helstu atriðum varðandi færni og þekkingu brautskráðra nemenda við útskrift og kröfur í núverandi starfi.

Heilt yfir er hægt að segja að brautskráðir nemendur telji að þeir hafi almennt haft góða færni og þekkingu á þeim þáttum sem til skoðunar voru og hennar sé almennt krafist í nokkru mæli í núverandi starfi svarenda. Þó má segja að meiri færni og þekkingar sé krafist í starfi en viðkomandi hafði þegar hann útskrifaðist. Helst er það færni og þekking varðandi skipulag og sjálfsaga sem ekkert hefur breyst frá útskrift en þetta er sá þáttur sem nemendur töldu að þeir byggju yfir mestri færni í við útskrift. Í núverandi starfi svarenda er ríkust áhersla lögð á frumkvæði í starfi. Tölvukunnátta svarenda er almennt nokkuð góð, sérstaklega hvað varðar ritvinnslu og töflureikna. Minni þekking er á sérhæfðari forritum.


9. Tengsl náms í HA og atvinna

Í þessum kafla er fjallað um tengsl náms í HA og þess starfs sem viðkomandi gegnir núna eða síðast ef hann er ekki á vinnumarkaði. Ennfremur er fjallað um endurmenntun og hvernig hún hefur nýst í starfi.

9.1 Tengsl náms og starfs

Í þessum hluta er fjallað um hversu vel sú menntun sem brautskráðir nemendur frá HA hafa aflað sér nýtist þeim í þeirra starfi. Spurt var þriggja spurninga er lúta að þessum þáttum og er ein þeirra í þrettán liðum.


Byrjað var á því að spyrja viðkomandi um að hvaða marki menntunarstig hans hentar núverandi starfi. Skemmst er frá því að segja að um 64% svarenda telur að menntunarstig sitt henti mjög vel núverandi starfi sínu og önnur 25% að það henti frekar vel. Aðeins 0,6% telur að það henti starfinu alls ekkert eða aðeins 3 einstaklingar af 476 sem svöruðu þessari spurningu.



Mynd 138. Að hvaða marki hentar menntunarstig þitt núverandi starfi þínu?


Tengsl eru milli kynferðis⁵⁷ og þess hversu vel svarendur telja að þeirra menntunarstig henti starfi sínu þannig að hlutfallslega fleiri konur telja í mun meiri mæli að menntunarstigið henti starfinu mjög vel.

⁵⁷ (Tau-c=,23;α=,000)



Mynd 139. Að hvaða marki hentar menntunarstig þitt núverandi starfi þínu, greint eftir kyni.

Einnig eru tengsl milli háskóladeildar og þess hversu vel svarendur telja að menntunarstig þeirra henti starfi sínu. Nemendur úr heilbrigðis- og kennaradeild telja í mun meiri mæli að menntun þeirra henti starfinu mjög vel en einstaklingar úr öðrum deildum, sérstaklega viðskiptadeild. Hlutfallslega fleiri nemendur úr viðskiptadeild telja að menntunin henti starfinu ekki eins vel og nemendur úr öðrum deildum og er það spurning hvort ástæðan sé sá breiði starfsvettvangur sem nemendur úr þeirri deild starfa á.




Mynd 140. Að hvaða marki hentar menntunarstig þitt núverandi starfi þínu, greint eftir háskóladeild.

Sé litið til útskriftarárganga að þá má segja að eftir árið 1992 henti menntunarstigið mun meira starfi brautskráðra nemenda en áður. Þó er það síður en svo að menntunarstigið hafi hentað brautskráðum nemendum illa í starfi.

Tafla 64. Að hvaða marki hentar menntunarsstig þitt núverandi starfi þínu, greint eftir útskriftarári.


| Útskriftarár | Skor | | | | | Meðal- skor |
|--------------------------|--------------|--------------|-------------|-------------|-------------|----------------|
| | Mjög vel | Frekar vel | Nokkuð vel | Frekar illa | Alls ekkert | |
| 1989 (5 manns) | 20,0% | 60,0% | 20,0% | - | - | 4,0 |
| 1990 (2 manns) | - | 50,0% | 50,0% | - | - | 3,5 |
| 1991 (7 manns) | 42,9% | 14,3% | 42,9% | - | - | 4,0 |
| 1992 (6 manns) | 16,7% | 66,7% | 16,7% | - | - | 4,0 |
| 1993 (16 manns) | 68,8% | 25,0% | - | 6,3% | - | 4,6 |
| 1994 (13 manns) | 69,2% | 23,1% | 7,7% | - | - | 4,6 |
| 1995 (13 manns) | 61,5% | 38,5% | - | - | - | 4,6 |
| 1996 (39 manns) | 66,7% | 20,5% | 7,7% | 5,1% | - | 4,5 |
| 1997 (26 manns) | 53,8% | 38,5% | - | 7,7% | - | 4,4 |
| 1998 (28 manns) | 50,0% | 32,1% | 17,9% | - | - | 4,3 |
| 1999 (42 manns) | 64,3% | 19,0% | 9,5% | 4,8% | 2,4% | 4,4 |
| 2000 (60 manns) | 63,3% | 28,3% | 6,7% | - | 1,7% | 4,5 |
| 2001 (64 manns) | 71,9% | 17,2% | 10,9% | - | - | 4,6 |
| 2002 (60 manns) | 60,0% | 31,7% | 6,7% | 1,7% | - | 4,5 |
| 2003 (95 manns) | 73,7% | 16,8% | 5,3% | 3,2% | 1,1% | 4,6 |
| Allir (476 manns) | 63,9% | 25,0% | 8,2% | 2,3% | 0,6% | 4,5 |

Svarendur voru einnig beðnir um að meta að þegar á heildina væri litið í hve miklu mæli þeir noti í starfi sínu þá þekkingu eða færni sem þeir öðluðust í námi. Skemmst er frá því að segja að nærri helmingur svarenda telur að þegar á heildina sé litið að þá noti þeir í mjög miklum mæli þá þekkingu og færni sem þeir öðluðust í námi.




Mynd 141. Þegar á heildina er litið í hve miklum mæli notar þú í starfi þínu þá þekkingu/færni sem þú öðlaðist í námi?

Auk þess svarar tæp 31% því að þeir noti hana frekar mikið. Um 5% svarenda notar þá þekkingu eða færni sem þeir öðluðust í námi frekar lítið eða alls ekkert. Tengsl eru milli kynferðis⁵⁸ og þess í hversu miklum mæli færni eða þekking sem ávannst í námi er notuð í starfi en hlutfallslega mun fleiri konur en karlar svara í mjög miklum mæli og hlutfallslega fleiri karlar svara í frekar litlum mæli eða alls ekki.



Mynd 142. Mat á í hversu miklu mæli þekking og færni sem ávannst í námi er notuð í starfi, greint eftir kyni.

Einnig eru tengsl milli háskóladeildar⁵⁹ og þess í hversu miklum mæli færni eða þekking sem ávannst í námi er notuð í starfi þannig að hlutfallslega mun fleiri nemendur úr heilbrigðisdeild svara í mjög miklum mæli.



Mynd 143. Mat á í hversu miklu mæli þekking og færni sem ávannst í námi er notuð í starfi, greint eftir háskóladeild.

⁵⁸ (Tau-c=,25;α=,000)

⁵⁹ (Tau-c=,23;α=,000)


Sé litið til útskriftarárganga að þá má sjá að þegar á heildina er litið nota allflestir útskriftarárgangar í mjög miklum mæli þá þekkingu og færni sem þeir öðluðust í námi í starfi sínu. Helst má sjá að einstaklingar útskrifaðir 1990 og 1998 telji að meðaltali að þeir noti í aðeins minna mæli en aðrir þá þekkingu og færni sem þeir öðluðust í námi í starfi sínu.

Tafla 65. Mat á í hversu miklu mæli þekking og færni sem ávannst í námi er notuð í starfi, greint eftir útskriftarári.

| Útskriftarár | Skor | | | | | Meðal-skor |
|--------------------------|-------------------|---------------------|---------------|---------------------|-----------|------------|
| | Í mjög miklu mæli | Í frekar miklu mæli | Í nokkru mæli | Í frekar litlu mæli | Nota ekki | |
| 1989 (5 manns) | 40,0% | 40,0% | 20,0% | - | - | 4,2 |
| 1990 (2 manns) | | 50,0% | 50,0% | - | - | 3,5 |
| 1991 (7 manns) | 57,1% | - | 42,9% | - | - | 4,1 |
| 1992 (7 manns) | 28,6% | 57,1% | 14,3% | - | - | 4,1 |
| 1993 (16 manns) | 56,3% | 31,3% | 6,3% | 6,3% | - | 4,4 |
| 1994 (13 manns) | 38,5% | 53,8% | 7,7% | - | - | 4,3 |
| 1995 (13 manns) | 53,8% | 38,5% | 7,7% | - | - | 4,5 |
| 1996 (41 manns) | 51,2% | 19,5% | 17,1% | 9,8% | 2,4% | 4,1 |
| 1997 (26 manns) | 34,6% | 38,5% | 26,9% | - | - | 4,1 |
| 1998 (28 manns) | 35,7% | 32,1% | 17,9% | 14,3% | - | 3,9 |
| 1999 (42 manns) | 40,5% | 40,5% | 11,9% | 7,1% | - | 4,1 |
| 2000 (60 manns) | 48,3% | 28,3% | 20,0% | 3,3% | - | 4,2 |
| 2001 (63 manns) | 52,4% | 20,6% | 23,8% | 3,2% | - | 4,2 |
| 2002 (60 manns) | 46,7% | 33,3% | 18,3% | 1,7% | - | 4,3 |
| 2003 (95 manns) | 56,8% | 28,4% | 8,4% | 6,3% | - | 4,4 |
| Allir (478 manns) | 48,1% | 30,3% | 16,5% | 4,8% | 0,2% | 4,2 |

Þeir svarendur sem telja að starf þeirra tengist ekki þeirri menntun sem þeir öfluðu sér sérstaklega voru spurðir hvers vegna þeir völdu þá viðkomandi starf. Gefnir voru upp 13 valmöguleikar þar sem viðkomandi átti að merkja við allt sem við átti; (1) ég tel menntun mína henta starfi mínu, (2) ég hef ekki (enn) fundið starf sem hentar betur, (3) í þessu starfi eru möguleikar mínir til starfsframa góðir, (4) ég kys að sinna starfi sem tengist menntun minni ekki náið, (5) ég hlaut framgang í starfi þannig að starf mitt nú tengist ekki eins náið menntun minni og fyrra starf (fyrra störf),


(6) ég hef frekar möguleika á hærri launum í þessu starfi, (7) núverandi starf býður upp á starfsöryggi, (8) núverandi starf er áhugavert, (9) það eru meiri möguleikar á sveigjanlegum vinnutíma/hlutastarfi í núverandi starfi, (10) staðsetning vinnustaðar míns hentar mér vel, (11) núverandi starf gerir mér kleift að sinna þörfum fjölskyldunnar, (12) ég er við upphaf starfsferils míns og verð að sætta mig við að sinna störfum sem tengjast námi mínu einungis lauslega, (13) annað og þá hvað. Skemmst er frá því að segja að rúm 77% telur menntun sína henta starfi sínu.



Mynd 144. Finnst þér starf þitt tengjast menntun þinni?

Algengasta ástæða þess að menntun tengist ekki starfi viðkomandi er að núverandi starf sé áhugavert eða í rúmum 20% tilvika.

Einnig svara 12% því að það séu meiri möguleikar á sveigjanlegum vinnutíma í núverandi starfi og tæp 12% að starfið bjóði upp á starfsöryggi. Kynferði hefur ekki áhrif á svör fólks varðandi ástæður þess að viðkomandi finnist starf sitt ekki tengjast menntun sinni. Bæði hlutfallslega flestir karlar og konur eru í þessu starfi vegna þess að starfið er áhugavert en jafnframt svara karlar því til að starfið bjóði upp á frekari möguleika á hærri launum og starfsöryggi. Konur meta í meiri mæli möguleikann á sveigjanlegum vinnutíma.



Mynd 145. Ef menntun þín tengist ekki starfi þínu, hvers vegna valdir þú það?

Tafla 66. Ef menntun þín tengist ekki starfi þínu, hvers vegna valdir þú það, greint eftir kyni.

| Helstu ástæður | Allir | | Karlur | | Konur | |
|---|----------|--------|----------|--------|----------|--------|
| | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi |
| Menntun hentar starfi | 77,1% | 387 | 72,2% | 96 | 78,9% | 291 |
| Ekki fundið starf sem hentar | 2,6% | 13 | 3,0% | 4 | 2,4% | 9 |
| Möguleikar á starfsframa | 4,4% | 22 | 6,0% | 8 | 3,8% | 14 |
| Kýs starf sem tengist menntun ekki náð | 1,6% | 8 | 0,8% | 1 | 1,9% | 7 |
| Hlaut framgang í starfi | 1,4% | 7 | 2,3% | 3 | 1,1% | 4 |
| Frekari möguleikar á hærri launum | 5,8% | 29 | 8,3% | 11 | 4,9% | 18 |
| Starfið býður upp á starfsöryggi | 6,4% | 32 | 7,5% | 10 | 6,0% | 22 |
| Starfið er áhugavert | 11,2% | 56 | 13,5% | 18 | 10,3% | 38 |
| Meiri möguleikar á sveigjanlegum vinnutíma | 6,6% | 33 | 4,5% | 6 | 7,3% | 27 |
| Staðsetning vinnustaðar hentar vel | 6,2% | 31 | 6,8% | 9 | 6,0% | 22 |
| Starfið gerir mér kleift að sinna fjölskyldunni | 5,2% | 26 | 4,5% | 6 | 5,4% | 20 |
| Við upphaf starfsferils og sætti mig við það | 2,0% | 10 | 3,0% | 4 | 1,6% | 6 |
| Annað | 1,6% | 8 | 0,8% | 1 | 1,9% | 7 |

Tengsl eru milli háskóladeildar⁶⁰ og ástæðu þess að starf er valið þó að menntun viðkomandi tengist ekki starfi en að nemendur úr viðskiptadeild svara á annan hátt en nemendur úr öðrum deildum. Hlutfallslega flestir í öllum háskóladeildum svara því til að ástæðan sé að starfið sé áhugavert auk þess sem nemar úr viðskiptadeild nefna einnig að starfið bjóði upp á starfsöryggi, staðsetning vinnustaðarins henti vel og starfið bjóði upp á möguleika á starfsframa.

Tafla 67. Ef menntun þín tengist ekki starfi þínu, hvers vegna valdir þú það, greint eftir háskóladeild.


| Helstu ástæður | Auðlinda-deild | | Heilbrigðis-deild | | Kennara-deild | | Viðskipta-deild | |
|--|----------------|--------|-------------------|--------|---------------|--------|-----------------|--------|
| | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi |
| Menntun hentar starfi | 66,7 | 24 | 91,1 | 123 | 75,8 | 160 | 66,7 | 80 |
| Ekki fundið starf sem hentar | 5,6 | 2 | - | - | 1,9 | 4 | 5,8 | 7 |
| Möguleikar á starfsframa | 8,3 | 3 | 3,7 | 5 | 1,4 | 3 | 9,2 | 11 |
| Kýs starf sem tengist menntun ekki náði | 2,8 | 1 | - | - | 1,4 | 3 | 3,3 | 4 |
| Hlaut framgang í starfi | 8,3 | 3 | 0,7 | 1 | 0,5 | 1 | 1,7 | 2 |
| Frekari möguleikar á hærri launum | 8,3 | 3 | 3,0 | 4 | 5,2 | 11 | 9,2 | 11 |
| Starfið býður upp á starfsöryggi | 8,3 | 3 | 3,7 | 5 | 5,7 | 12 | 10,0 | 12 |
| Starfið er áhugavert | 19,4 | 7 | 6,7 | 9 | 10,4 | 22 | 15,0 | 18 |
| Möguleikar á sveigjanlegum vinnutíma | 2,8 | 1 | 5,9 | 8 | 7,6 | 16 | 6,7 | 8 |
| Staðsetning vinnustaðar hentar vel | 5,6 | 2 | 4,4 | 6 | 5,2 | 11 | 10,0 | 12 |
| Gerir mér kleift að sinna fjölskyldunni | 5,6 | 2 | 3,7 | 5 | 5,7 | 12 | 5,8 | 7 |
| Við upphaf starfsferils og sætti mig við það | 5,6 | 2 | - | - | - | - | 6,7 | 8 |
| Annað | - | - | 0,7 | 1 | 2,4 | 5 | 1,7 | 2 |

9.2 Væntingar um eiginleika starfs

Í þessum hluta er fjallað um væntingar brautskráðra nemenda til stöðu sinnar á vinnumarkaði eftir það nám sem þeir völdu sér og hvort þeir hafi öðlast þá stöðu sem þeir óskuðu sér. Spurt var fjögurra spurninga sem ætlað er að meta þessa þætti.


⁶⁰ (Tau-c=14;α=.001)

Í 68,5% tilvikum mætir starf brautskráðra nemenda mjög eða frekar vel þeim væntingum sem þeir höfðu þegar háskólanámið hófst. Um 12% svarenda telur að starfið mæti væntingum sínum mjög eða frekar illa. Um 9% svarar því til að hafa ekki haft neinar væntingar.



Mynd 146. Þegar á heildina er litið hvernig mætir starf þitt þeim væntingum sem þú hafðir þegar þú hófst háskólanám þitt?

Sjá má að konur telja í meiri mæli en karlar að starfið mæti mjög eða frekar vel þeim væntingum sem þær höfðu áður en háskólanámið hófst. Um 11% karla svarar því til að hafa ekki haft neinar væntingar varðandi starf eftir nám en um 8% kvenna.




Mynd 147. Þegar á heildina er litið hvernig mætir starf þitt þeim væntingum sem þú hafðir þegar þú hófst háskólanám þitt, greint eftir kyni.

Tengsl eru milli háskóladeildar⁶¹ og svara varðandi væntingar til starfs áður en háskólanámið hófst. Hlutfallslega fleiri brautskráðir nemendur úr heilbrigðisdeild telja starfið mæta mjög eða frekar vel þeim væntingum sem þeir höfðu fyrir námið. Nemendur úr


⁶¹ (Tau-c=,13;α=,015)

viðskiptadeild eru ekki eins sammála þessu en rúmlega fimmtingur þeirra hefur orðið fyrir nokkrum vonbrigðum. Nokkuð hátt hlutfall nemenda úr kennaradeild eða rúm 18% svarar því til að hafa ekki haft neinar væntingar varðandi starf fyrir háskólanámið en hlutfallið er 5,6% í auðlindadeild, 3,5% í viðskiptadeild og 2,4% í heilbrigðiseild.




Mynd 148. Þegar á heildina er litið hvernig mætir starf þitt þeim væntingum sem þú hafðir þegar þú hófst háskólanám þitt, greint eftir háskóladeild.

Brautskráðir nemendur voru beðnir að meta að þegar á heildina væri litið hversu ánægðir þeir væru með stöðu sína á vinnumarkaði. Skemmst er frá því að segja að rúm 88% brautskráðra nemenda eru mjög eða frekar ánægðir með stöðu sína á vinnumarkaði.




Mynd 149. Þegar á heildina er litið, hversu ánægður ert þú með stöðu þína á vinnumarkaði?

Greina má lítinn mun milli kynja en þó eru aðeins hlutfallslega fleiri konur sem eru mjög eða frekar ánægðar með stöðu sína á vinnumarkaði.



Mynd 150. Þegar á heildina er litið, hversu ánægður ert þú með stöðu þína á vinnumarkaði, greint eftir kyni.

Sjá má að brautskráðir nemendur úr kennaradeild svara í aðeins meiri mæli en nemendur úr öðrum háskóladeildum að þeir séu mjög ánægðir með stöðu sína á vinnumarkaði þegar á heildina væri litið.



Mynd 151. Þegar á heildina er litið, hversu ánægður ert þú með stöðu þína á vinnumarkaði, greint eftir háskóladeild.


Sé horft til útskriftarárganga má sjá að brautskráðir nemendur hin síðari ár svara í meiri mæli að þeir séu mjög ánægðir með stöðu sína á vinnumarkaði. Útskriftarárgangarnir 1995 og 1996 skera sig verulega úr þar sem nær allir svarendur úr þeirra röðum svara því til að þeir séu mjög eða frekar ánægðir með stöðu sína á vinnumarkaði.

Tafla 68. Þegar á heildina er litið, hversu ánægður ert þú með stöðu þína á vinnumarkaði, greint eftir útskriftarári.


| Útskriftarár | Skor | | | | | Meðal- skor |
|--------------------------|-----------------|-------------------|--------------|--------------------|------------------|----------------|
| | Mjög ánægður | Frekar ánægður | Hvorki né | Frekar óánægður | Mjög óánægður | |
| 1989 (5 manns) | 40,0% | 60% | - | - | - | 1,6 |
| 1990 (2 manns) | - | 100% | - | - | - | 2,0 |
| 1991 (7 manns) | 28,6% | 71,4% | - | - | - | 1,7 |
| 1992 (6 manns) | - | 100% | - | - | - | 2,0 |
| 1993 (16 manns) | 18,8% | 68,8% | 6,3% | 6,3% | - | 2,0 |
| 1994 (13 manns) | 23,1% | 61,5% | 15,4% | - | - | 1,9 |
| 1995 (13 manns) | 38,5% | 61,5% | - | - | - | 1,6 |
| 1996 (40 manns) | 37,5% | 57,5% | 2,5% | 2,5% | - | 1,7 |
| 1997 (26 manns) | 23,1% | 65,4% | 7,7% | - | - | 2,0 |
| 1998 (28 manns) | 21,4% | 60,7% | 10,7% | 7,1% | - | 2,0 |
| 1999 (42 manns) | 28,6% | 52,4% | 11,9% | 4,8% | 2,4% | 2,0 |
| 2000 (59 manns) | 27,1% | 62,7% | 3,4% | 6,8% | - | 1,9 |
| 2001 (64 manns) | 34,4% | 53,1% | 4,7% | 3,1% | 1,6% | 1,9 |
| 2002 (60 manns) | 30,0% | 50,0% | 13,3% | 6,7% | - | 2,0 |
| 2003 (95 manns) | 34,7% | 53,7% | 9,5% | 1,1% | 1,1% | 1,8 |
| Allir (476 manns) | 30,0% | 57,6% | 7,6% | 3,6% | 0,6% | 1,9 |

Ennfremur voru brautskráðir nemendur spurðir hversu mikilvæg ákveðin gildi voru þeim þegar þeir útskrifuðust síðast og hve mikilvæg þau eru þeim núna. Þessi gildi eru; (1) staða í þjóðfélaginu, (2) persónulegur þroski, (3) fjölbreytt félagslíf, (4) heimili eða fjölskylda, (5) góðar tekjur, (6) ástundun fræða og rannsókna og (7) atvinna.

Við útskrift var atvinna mikilvægust fyrir brautskráða nemendur en síðan kom heimili og fjölskylda og persónulegur þroski kom þar fast á eftir. Í dag telja brautskráðir nemendur að heimili og fjölskylda séu mikilvægust en síðan kemur atvinna ásamt persónulegum þroska. Góðar tekjur skipta brautskráða nemendur mun meira máli í dag en við útskrift.




Mynd 152. Mikilvægi ákveðinna gilda þegar svarandi útskrifaðist síðast.



Mynd 153. Mikilvægi ákveðinna gilda eru svaranda núna.


Tengsl eru milli kynferðis⁶² og mikilvægi stöðu einstaklinga í þjóðfélaginu við útskrift og nú. Hlutfallslega fleiri konur en karlar telja að staða sín í þjóðfélaginu sé þeim mjög eða frekar mikilvæg og hefur mikilvægi þess aukist nokkuð frá útskrift hvað bæði kyn varðar.

⁶² Við útskrift: (Tau-c=,14;α=,002) og í dag: (Tau-c=,16;α=,000)



Mynd 154. Hversu mikilvæg er þér staða í þjóðfélaginu, greint eftir kyni.

Hvað háskóladeild varðar og þess hversu mikilvæg staða í þjóðfélaginu er einstaklingum má sjá að brautskráðir nemendur úr öllum háskóladeildum nema auðlindardeild telja slíkt vera mikilvægara nú en við útskrift.




Mynd 155. Hversu mikilvæg er þér staða í þjóðfélaginu, greint eftir háskóladeild.

Tengsl eru milli kynferðis⁶³ og svara við spurningunni varðandi persónulegan þroska. Báðum kynjum finnst persónulegur þroski vera mjög eða frekar mikilvægur í allflestum tilvikum. Konur telja þó í meiri mæli en karlar að persónulegur þroski sé mikilvægur en


⁶³ Kynferði útskrift (Tau-c=,21;α=,000), kynferði nú (Tau-c=,20;α=,000)

jafnframt kemur í ljós að körlum finnst hann mun mikilvægari nú en við útskrif.




Mynd 156. Hversu mikilvægur er þér persónulegur þroski, greint eftir kyni.

Hvað háskóladeild varðar að þá finnst brautskráðum nemendum heilt yfir að persónulegur þroski sé mjög eða frekar mikilvægur og reyndar er það svo að nemendur úr öllum háskóladeildum finnst hann mikilvægari nú en við útskrift.



Mynd 157. Hversu mikilvægur er þér persónulegur þroski, greint eftir háskóladeild.


Hvað varðar fjölbreytt félagslíf komu fram tengsl milli þess og kynferðis⁶⁴. Konur telja í meiri mæli en karlar að fjölbreytt félagslíf sé frekar mikilvægt og báðum kynjum finnst það ekki eins mikilvægt nú eins og við útskrift því hlutfallslega færri svara að það sé mjög eða frekar mikilvægt þó meðalskorið hafi í raun ekki lækkað.



Mynd 158. Hversu mikilvægt er þér fjölbreytt félagslíf, greint eftir kyni.


Um og yfir 50% nemenda töldu að fjölbreytt félagslíf væri mjög eða frekar mikilvægt við útskrift. Sú skoðun er þó á undanhaldi sérstaklega hjá brautskráðum nemendum úr auðlindadeild því við útskrift töldu 60% að slíkt væri mjög eða frekar mikilvægt en aðeins um 34% nú. Helst eru það nemendur úr kennaradeild sem telja að fjölbreytt félagslíf sé eins mikilvægt í dag og við útskrift.

⁶⁴ (Tau-c=,09;α=,41)




Mynd 159. Hversu mikilvægt er þér fjölbreytt félagslíf, greint eftir háskóladeild.

Tengsl eru milli kynferðis⁶⁵ og svara við því hversu mikilvægt heimilið er og fjölskyldan en konur telja í meiri mæli að þessi atriði séu mjög mikilvæg. Heimilið og fjölskyldan er brautskráðum nemendum meira virði nú en við útskrift og á það sérstaklega við um karla. Um 70% þeirra taldi þessi atriði vera mjög eða frekar mikilvæg við útskrift en um 94% karla svarar því til nú að þau séu þeim mjög eða frekar mikilvæg. Tæplega 99% kvenna telur að fjölskyldan og heimilið séu mjög eða frekar mikilvæg, þar af um 90% mjög mikilvæg.




Mynd 160. Hversu mikilvægt er þér heimili eða fjölskylda, greint eftir kyni.



Mynd 161. Hversu mikilvægt er þér heimili eða fjölskylda, greint eftir háskóladeild.

Tengsl eru milli mikilvægi góðra tekna í dag og kynferðis⁶⁶ þannig að konur telja þær nokkuð mikilvægari en karlar. Afstaða kvenna hefur breyst nokkuð frá útskrift því töluvert fleiri konur telja að góðar tekjur séu mikilvægar nú en við útskrift. Aðeins fleiri karlar en konur telja að tekjur séu mikilvægari í dag en við útskrift.




Mynd 162. Hversu mikilvægar eru þér góðar tekjur, greint eftir kyni.

⁶⁵ Kynferði við útskrift (Tau-c=,17;a=,000), kynferði nú (Tau-c=,10;a=,002)

⁶⁶ (Tau-c=,17;a=,000)

Einnig eru tengsl milli háskóladeildar⁶⁷ og svara við mikilvægi góðra tekna í dag. Nemendur úr kennaradeild og viðskiptadeild telja þær ekki eins mikilvægar og nemendur úr öðrum deildum. Jafnframt má sjá að nemendum úr bæði heilbrigðisdeild og kennaradeild finnst góðar tekjur vera mun mikilvægari í dag en við útskrift.




Mynd 163. Hversu mikilvægar eru þér góðar tekjur, greint eftir háskóladeild.

Tengsl eru milli kynferðis⁶⁸ og þess hversu mikilvæg ástundun fræða og rannsókna er svarendum, bæði við útskrift og nú. Konur telja í nokkuð meiri mæli en karlar að slíkt sé mikilvægt og jafnframt finnst mun fleiri konum í dag en við útskrift að ástundun fræða og rannsókna sé mikilvæg. Afstaða karla hefur lítið breyst en um og yfir 40% þeirra telur að ástundun fræða og rannsókna sé mjög eða frekar mikilvæg.


⁶⁷ (Tau-c=,11;α=,000)

⁶⁸ Kynferði við útskrift (Tau-c=,12;α=,010) og kynferði í dag (Tau-c=,18;α=,000)




Mynd 164. Hversu mikilvæg er þér ástundun fræða og rannsókna, greint eftir kyni.

Greina má þó nokkurn mun á svörum við þessari spurningu milli háskóladeilda þó ekki reyndist hann marktækur. Hlutfallslega færri nemendur úr auðlindadeild og viðskiptadeild telja ástundun fræða og rannsókna síður mikilvæga en nemendur úr kennaradeild og heilbrigðisdeild. Reyndar telja nokkuð fleiri úr öllum deildum að ástundun fræða og rannsókna sé mikilvægari í dag en við útskrift, sérstaklega þó nemendum úr heilbrigðisdeild og kennaradeild.



Mynd 165. Hversu mikilvæg er þér ástundun fræða og rannsókna, greint eftir háskóladeild.

Tengsl eru milli kynferðis⁶⁹ og svara við því hversu mikilvæg atvinna er bæði við útskrift og nú en konur svara í meiri mæli en karlar að atvinna sé mjög mikilvæg. Yfir 90% bæði karla og kvenna telja atvinnu vera mjög eða frekar mikilvæga og hefur skoðunin lítið breyst frá útskrift. Þó eru aðeins fleiri karlar sem telja atvinnu vera mikilvægari í dag en við útskrift.




Mynd 166. Hversu mikilvæg er þér atvinna, greint eftir kyni.

Einnig eru tengsl milli háskóladeildar⁷⁰ og svara við því hversu mikilvæg atvinna er þannig að nemendur úr heilbrigðisdeild og kennaradeild svara í meiri mæli að atvinna sé mjög mikilvæg. Aðeins fleiri nemendur úr öllum deildum nema auðlinda deild telja atvinnu vera mikilvægari í dag en við útskrift.

⁶⁹ Við útskrift (Tau-c=,13;α=,001), nú (Tau-c=,16;α=,000)


⁷⁰ Við útskrift (Tau-c=,07;α=,034), nú (Tau-c=,07;α=,022)



Mynd 167. Hversu mikilvæg er þér atvinna, greint eftir háskóladeild.

Hvað tengsl starfs og menntunar varðar að þá voru svarendur að lokum beðnir um að gefa til kynna hversu mikilvægir ákveðnir eiginleikar starfs væru þeim og meta að hve miklu leiti þeir ættu við starf hans núna. Þessir eiginleikar eru; (1) mikið frjálsræði í starfi, (2) tækifæri til að takast á við vísindaleg eða fræðileg verkefni, (3) skýr og skilmerkileg verkefni, (4) tækifæri til að nota þekkingu mína og færni, (5) atvinnuöryggi, (6) samfélagsleg viðurkenning og virðing, (7) tækifæri til að koma eigin hugmyndum í framkvæmd, (8) þægilegt andrúmsloft á vinnustað, (9) tækifæri til að sinna símenntun, (10) há laun, (11) möguleikar á áhrifum og völdum, (12) krefjandi verkefni, (13) góðir möguleikar á starfsframa, (14) nægur tími til tómtunda, (15) að sinna stjórnun og skipulagningu, (16) tækifæri til að vinna í teymi, (17) tækifæri til að gera eitthvað nytsamlegt fyrir samfélagið, (18) fjölbreytni og (19) tækifæri til að sameina kröfur starfsins og fjölskyldunnar.


Fyrir svarendur voru mikilvægustu eiginleikar starfs þægilegt andrúmsloft, atvinnuöryggi, tækifæri til að nota sína þekkingu og færni og fjölbreytni. Síðan fylgja þar fast á eftir tækifæri til að sameina kröfur starfsins og fjölskyldunnar og tækifæri til að sinna símenntun. Meira en helmingur brautskráðra nemenda telja þessa eiginleika starfsins mjög mikilvæga fyrir þá.



Mynd 168. Hversu mikilvægir eiginleikar starfs eru svaranda.

Þegar kom að því að svara að hversu miklu leiti þessir eiginleikar ættu við starf viðkomandi að þá varð röðunin nokkuð önnur og jafnframt varð mat á öllum þáttum mun minna þannig að meðalskor allra þátta lækkar. Þeir eiginleikar sem eiga best við starf svarenda núna er atvinnuöryggi og tækifæri til að nota þekkingu og færni en meira en helmingur svarenda telur þessa eiginleika eiga mjög vel við starf þeirra. Athygli vekur að yfir 80%

svarenda telur að há laun séu mjög eða frekar mikilvægur eiginleiki starfs en aðeins tæp 32% svarenda telur að það eigi mjög eða frekar vel við um starf sitt núna. Jafnfram svarar 59% því til að tækifæri til að sameina kröfur starfsins og fjölskyldunnar sé mjög mikilvægt og yfir 86% að það sé mjög og frekar mikilvægt. Aðeins 23% svarar að þetta eigi mjög vel við starf þeirra núna og 59% að það eigi mjög eða frekar vel við.



Mynd 169. Að hve miklu leyti mikilvægi eiginleikar starfs eiga við starf svarenda núna.

Hvað varðar kynferði að þá telja bæði kynin að mikilvægasti eiginleiki starfs þeirra sé þægilegt andrúmsloft á vinnustað. Þegar kemur að því að meta hversu vel eiginleikar eiga við starf viðkomandi núna svara karlar því til að frjálsræði eigi best við starf þeirra núna en konur að atvinnuöryggi eigi best við.

Tengsl komu fram milli kynferðis og nær allra liða í þessari spurningu en þó mismikil. Mestu tengslin komu fram varðandi vinnu í teymi⁷¹, samfélagslega viðurkenningu⁷², atvinnuöryggi⁷³, símenntun⁷⁴, tækifæri til að gera eitthvað nytsamlegt fyrir samfélagið⁷⁵ og tækifæri til að sameina kröfur starfsins og fjölskyldunnar⁷⁶.

Hvað varðar t.d. það að vinna í teymi að þá er það konum mikilvægara en körlum og konur svara því auk þess til að það eigi ekki eins vel við starfið og mikilvægi þess er. Hins vegar á það betur við starf karla en þeir telja mikilvægi þess vera. Konur telja að samfélagsleg viðurkenning, virðing og tækifæri til að vinna í teymi sé þeim mun mikilvægari en körlum. Atvinnuöryggið er konum mun mikilvægara en körlum en konur telja það ekki eiga eins vel við starf sitt eins og mikilvægi þess er. Sé horft til símenntunar að þá virðist hún vera konum mikilvægari en körlum en þó svara hlutfallslega fleiri karlar en konur að hún eigi mjög eða frekar vel við starf þeirra núna. Konur telja í meiri mæli en karlar að það sé mikilvægt að sameina kröfur starfsins og fjölskyldunnar og telja fleiri konur að það eigi vel við starf sitt núna.

⁷¹ Mikilvægi (Tau-c=,28;α=,000), á við starf mitt (Tau-c=,13;α=,003)

⁷² Mikilvægi (Tau-c=,28;α=,000), á við starf mitt (Tau-c=,16;α=,001)

⁷³ Mikilvægi (Tau-c=,26;α=,000), á við starf mitt (Tau-c=,17;α=,000)

⁷⁴ Mikilvægi (Tau-c=,26;α=,000), á við starf mitt (Tau-c=,12;α=,010)

⁷⁵ Mikilvægi (Tau-c=,24;α=,000), á við starf mitt (Tau-c=,20;α=,000)

⁷⁶ Mikilvægi (Tau-c=,24;α=,000), á við starf mitt (Tau-c=,12;α=,010)

Tafla 69. Hversu mikilvægir eiginleikar starfs eru svaranda, greint eftir kyni.

| Eiginleikar starfs | Allir | | Karlar | | Konur | |
|---|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Mikilvægi | Á við starf | Mikilvægi | Á við starf | Mikilvægi | Á við starf |
| Frjálsræði í starfi | 4,18 | 3,98 | 4,13 | 4,14 | 4,20 | 3,92 |
| Takast á við vísindaleg/fræðileg verkefni | 3,49 | 3,04 | 3,22 | 2,78 | 3,59 | 3,14 |
| Skýr og skilmerkileg verkefni | 4,00 | 3,65 | 3,76 | 3,54 | 4,08 | 3,69 |
| Nota þekkingu mína og færni | 4,58 | 4,33 | 4,38 | 4,10 | 4,66 | 4,42 |
| Atvinnuöryggi | 4,60 | 4,35 | 4,24 | 4,10 | 4,74 | 4,44 |
| Samfélagsleg viðurkenning og virðing | 4,06 | 3,75 | 3,61 | 3,48 | 4,22 | 3,86 |
| Koma eigin hugmyndum í framkvæmd | 4,30 | 3,96 | 4,13 | 3,79 | 4,37 | 4,02 |
| Þægilegt andrúmsloft á vinnustað | 4,71 | 4,20 | 4,45 | 4,07 | 4,81 | 4,24 |
| Símenntun | 4,39 | 3,80 | 3,97 | 3,55 | 4,54 | 3,89 |
| Há laun | 4,23 | 2,91 | 3,98 | 3,40 | 4,31 | 2,73 |
| Áhrif og völd | 3,58 | 3,17 | 3,40 | 3,10 | 3,64 | 3,20 |
| Krefjandi verkefni | 4,30 | 4,18 | 4,20 | 4,12 | 4,34 | 4,20 |
| Möguleikar á starfsframa | 4,02 | 3,24 | 3,89 | 3,25 | 4,07 | 3,24 |
| Nægur tími til tómsunda | 3,88 | 3,20 | 3,76 | 3,07 | 3,93 | 3,25 |
| Að sinna stjórnun og skipulagningu | 3,68 | 3,61 | 3,67 | 3,53 | 3,68 | 3,63 |
| Tækifæri til að vinna í teymi | 3,85 | 3,67 | 3,40 | 3,45 | 4,02 | 3,76 |
| Gera eitthvað nytsamlegt fyrir samfélagið | 4,00 | 3,91 | 3,61 | 3,54 | 4,14 | 4,05 |
| Fjölbreytni | 4,49 | 4,19 | 4,23 | 3,96 | 4,59 | 4,27 |
| Sameina kröfur starfs og fjölskyldu | 4,43 | 3,62 | 4,09 | 3,40 | 4,55 | 3,70 |

Hvað varðar háskóladeild að þá má sjá að brautskráðir nemendur úr öllum deildum telja mikilvægast að andrúmsloft á vinnustað sé þægilegt. Þegar hins vegar kemur að því að meta hvaða þættir ættu best við starfið að þá kemur í ljós að brautskráðir nemendur úr auðlindadeild telja að það (þægilegt andrúmsloft á vinnustað) eigi best við starf þeirra. Nemendur úr heilbrigðisdeild telja þáttinn að nota þekkingu mína og færni eigi best við þeirra starf. Atvinnuöryggi á best við störf brautskráðra nemenda úr kennaradeild og frjálsræði í starfi hjá nemendum úr viðskiptadeild. Fram koma marktæk tengsl milli háskóladeildar og nokkurra valkosta en þó eru þau frekar lítil í öllum tilvikum.


Tafla 70. Hversu mikilvægir eiginleikar starfs eru svaranda, greint eftir háskóladeild.

| Helstu ástæður | Auðlinda- deild | | Heilbrigðis- deild | | Kennara- deild | | Viðskipta- deild | |
|---|--------------------|----------------|-----------------------|----------------|-------------------|----------------|---------------------|----------------|
| | Mikil- vægi | Á við starf | Mikil- vægi | Á við starf | Mikil- vægi | Á við starf | Mikil- vægi | Á við starf |
| Frjálsræði í starfi | 3,97 | 4,18 | 4,08 | 3,75 | 4,23 | 3,99 | 4,27 | 4,18 |
| Takast á við vísindaleg/fræðileg verkefni | 2,76 | 2,53 | 3,82 | 3,41 | 3,61 | 3,10 | 3,14 | 2,65 |
| Skýr og skilmerkileg verkefni | 3,76 | 3,52 | 4,01 | 3,69 | 4,12 | 3,68 | 3,85 | 3,59 |
| Nota þekkingu mína og færni | 4,47 | 4,0 | 4,67 | 4,50 | 4,65 | 4,43 | 4,39 | 4,06 |
| Atvinnuöryggi | 4,12 | 3,79 | 4,76 | 4,48 | 4,70 | 4,52 | 4,39 | 4,08 |
| Samfélagsleg viðurkenning og virðing | 3,59 | 3,62 | 4,11 | 3,98 | 4,17 | 3,67 | 3,95 | 3,65 |
| Koma eigin hugmyndum í framkvæmd | 4,24 | 4,09 | 4,24 | 3,86 | 4,44 | 4,13 | 4,17 | 3,75 |
| Þægilegt andrúmsloft á vinnustað | 4,62 | 4,21 | 4,78 | 4,12 | 4,74 | 4,30 | 4,60 | 4,11 |
| Símenntun | 3,97 | 3,50 | 4,56 | 3,78 | 4,54 | 4,07 | 4,05 | 3,44 |
| Há laun | 4,18 | 3,50 | 4,38 | 2,70 | 4,18 | 2,62 | 4,13 | 3,50 |
| Áhrif og völd | 3,59 | 3,44 | 3,64 | 3,09 | 3,43 | 3,10 | 3,75 | 3,30 |
| Krefjandi verkefni | 4,34 | 4,21 | 4,41 | 4,27 | 4,27 | 4,20 | 4,22 | 4,03 |
| Möguleikar á starfsframa | 4,18 | 3,54 | 4,12 | 3,32 | 3,82 | 3,02 | 4,18 | 3,45 |
| Nægur tími til tómsunda | 3,44 | 2,94 | 3,99 | 3,34 | 3,81 | 3,11 | 4,02 | 3,28 |
| Að sinna stjórnun og skipulagningu | 3,94 | 3,91 | 3,40 | 3,46 | 3,69 | 3,63 | 3,92 | 3,64 |
| Tækifæri til að vinna í teymi | 3,65 | 3,58 | 4,08 | 3,77 | 3,84 | 3,78 | 3,65 | 3,42 |
| Gera eitthvað nytsamlegt fyrir samfélagið | 3,41 | 3,38 | 4,21 | 4,15 | 4,20 | 4,19 | 3,59 | 3,30 |
| Fjölbreytni | 4,35 | 4,18 | 4,62 | 4,27 | 4,54 | 4,24 | 4,31 | 4,00 |
| Sameina kröfur starfs og fjölskyldu | 4,06 | 3,48 | 4,58 | 3,57 | 4,49 | 3,70 | 4,25 | 3,59 |

9.3 Símenntun


Í þessum hluta er fjallað um símenntun brautskráðra nemenda frá HA á viðmiðunarárum, ásókn, tilgang og ávinning nemendanna. Spurt var þriggja megin spurninga til að meta þessa þætti.

Flestir svarendur í könnuninni hafa sótt endurmenntunarnámskið eða rúm 67%. Um þriðjungur brautskráðra nemenda hefur þó ekki sótt endurmenntunarnámskið.




Mynd 170. Hefur þú sótt endurmenntunarnámskeið?

Tengsl eru milli kynferðis⁷⁷ og þess hvort svarandi hafi sótt símenntunarnámskeið. Konur hafa í meiri mæli en karlar sótt endurmenntunarnámskeið eða rúm 71% á móti 57% karla.



Mynd 171. Hefur þú sótt endurmenntunarnámskeið, greint eftir kyni.

Ennfremur eru tengsl milli háskóladeilda⁷⁸ og þess hvort svarandi hafi sótt endurmenntunarnámskeið. Nemendur úr kennaradeild hafa í mun meiri mæli en nemendur úr öðrum háskóladeildum sótt endurmenntunarnámskeið. Innan við helmingur nemenda úr viðskiptadeild hefur sótt símenntunarnámskeið.




Mynd 172. Hefur þú sótt endurmenntunarnámskeið, greint eftir háskóladeild.

⁷⁷ (Tau-c=,11;α=,006)

⁷⁸ (Tau-c=,12;α=,026)

Algengast er að brautskráðir nemendur frá HA hafi sótt þrjú til fimm endurmenntunarnámskeið eða 38,9% þeirra sem hafa sótt einhver námskeið. Algengast var að þrjú námskeið væru nefnd en meðalfjöldi námskeiða var 8 námskeið. Konur sækja í meiri mæli fleiri endurmenntunarnámskeið en karlar.




Mynd 173. Hversu mörg endurmenntunarnámskeið hefur þú sótt?

Tengsl eru milli háskóladeildar⁷⁹ og fjölda endurmenntunarnámskeiða. Nemendur úr kennaradeild sækja í mun meiri mæli en nemendur úr öðrum háskóladeildum fleiri endurmenntunarnámskeið, sérstaklega samanborið við nemendur úr auðlindadeild.

Ennfremur var spurt hver hafi verið aðalástæða þess að viðkomandi sótti endurmenntunarnámskeið. Skemmst er frá því að segja að langflestir nemendur svara því til að þeir fari á endurmenntunarnámskeið til að endurnýja þekkingu sína eða 69%.

⁷⁹ (Tau-c=12; a=,004)



Mynd 174. Hver var aðalástæða þess að þú sóttir endurmenntunarnámskeið?

Skiptir þá ekki máli hvort horft sé til karla eða kvenna eða nemenda úr auðlinda-, heilbrigðis-, kennara-, eða viðskiptadeild. Þó mátti sjá að nokkuð fleiri karlar en konur sóttu endurmenntunarnámskeið til að auka atvinnumöguleika eða möguleika á starfsframa.

Tafla 71. Hver var aðalástæða þess að þú sóttir endurmenntunarnámskeið, greint eftir kyni.

| Helstu ástæður | Allir | | Karlar | | Konur | |
|---|-------------|------------|------------|-----------|------------|------------|
| | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi | Hlutfall | Fjöldi |
| Auka atvinnumögul. / mögul. á starfsframa | 8,9 | 29 | 12,2 | 9 | 7,9 | 20 |
| Endurnýja þekkingu mína | 69,0 | 225 | 64,9 | 48 | 70,2 | 177 |
| Endurbjálfun | 13,8 | 45 | 16,2 | 12 | 13,1 | 33 |
| Annað | 8,3 | 27 | 6,8 | 8 | 8,7 | 22 |
| Samtals | 100% | 326 | 100 | 74 | 100 | 252 |


Einnig má sjá að nemendur úr viðskiptadeild svara í meiri mæli en nemendur úr öðrum háskóladeildum að þeir sækja endurmenntunarnámskeið vegna endurbjálfunar. Nemendur úr auðlindadeild sækja í meiri mæli endurmenntunarnámskeið til að auka atvinnumöguleika sína eða möguleika á starfsframa.

Tafla 72. Hver var helsta ástæða þess að þú sóttir endurmenntunarnámskeið, greint eftir háskóladeild.

| Helstu ástæður | Auðlinda-deild | | Heilbrigðis-deild | | Kennara-deild | | Viðskipta-deild | |
|---|----------------|----|-------------------|----|---------------|-----|-----------------|----|
| | Hlut-fall | Fj | Hlut-fall | Fj | Hlut-fall | Fj | Hlut-fall | Fj |
| Auka atvinnumögul./mögul. á starfsframa | 22,7 | 5 | 12,6 | 11 | 5,3 | 9 | 8,5 | 4 |
| Endurnýja þekkingu mína | 54,5 | 12 | 66,7 | 58 | 74,1 | 126 | 61,7 | 29 |
| Endurbjálfun | 18,2 | 4 | 2,6 | 11 | 10,6 | 18 | 25,5 | 12 |
| Annað | 4,5 | 1 | 8,0 | 7 | 10,0 | 17 | 4,3 | 2 |
| Samtals | 100 | 22 | 100 | 87 | 100 | 170 | 100 | 47 |

Að lokum voru brautskráðir nemendur beðnir um að gefa til kynna í hvaða mæli endurmenntunin hafi gagnast þeim eða nýst til að; (a) finna starf, (b) sinna starfi þínu, (c) auðga starf þitt, (d) bæta stöðu þína og (e) mæta kröfum í lífinu, utan vinnunnar.

Mjög margir nemendur telja að endurmenntunin gagnist þeim í mjög eða fremar miklum mæli við að sinna starfi sínu og auðga það.



Mynd 175. Í hve miklu mæli hefur endurmenntun gagnast eða nýst þér?

Konur telja almennt að endurmenntun gagnist þeim í mun meiri mæli en karlar því meðalskor kvenna varðandi alla liði er mun hærri en karla, sérstaklega hvað varðar að sinna starfi sínu og auðga það.

Tafla 73. Í hvaða mæli hefur endurmenntun gagnast þér, greint eftir kyni.

| Helstu ástæður | Allir | | Karlur | | Konur | |
|--------------------------------------|------------|--------|------------|--------|------------|--------|
| | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi | Meðal-skör | Fjöldi |
| Finna starf | 1,88 | 265 | 1,70 | 61 | 1,94 | 204 |
| Sinna starfi þínu | 4,13 | 313 | 3,88 | 74 | 4,21 | 239 |
| Auðga starf þitt | 4,10 | 320 | 3,71 | 73 | 4,21 | 247 |
| Bæta stöðu þína | 2,77 | 308 | 2,76 | 72 | 2,77 | 236 |
| Mæta kröfum í lífinu, utan vinnunnar | 3,02 | 305 | 2,84 | 73 | 3,08 | 235 |

Nemendur úr heilbrigðis- og kennaradeild eru einnig ánægðari með árangur sinn af endurmenntun en nemendur annarra háskóladeilda því meðalskör allra liða er nokkuð hærrí hjá þeim, sérstaklega varðandi að sinna og auðga starf viðkomandi.

Tafla 74. Í hvaða mæli hefur endurmenntun gagnast þér, greint eftir háskóladeild.

| Helstu ástæður | Auðlinda-deild | | Heilbrigðis-deild | | Kennara-deild | | Viðskipta-deild | |
|--------------------------------------|----------------|----|-------------------|----|---------------|-----|-----------------|----|
| | Meðal-skör | Fj | Meðal-skör | Fj | Meðal-skör | Fj | Meðal-skör | Fj |
| Finna starf | 1,73 | 22 | 1,92 | 73 | 1,90 | 128 | 1,86 | 42 |
| Sinna starfi þínu | 3,70 | 23 | 4,12 | 83 | 4,28 | 160 | 3,83 | 48 |
| Auðga starf þitt | 3,43 | 23 | 4,11 | 85 | 4,31 | 164 | 3,67 | 48 |
| Bæta stöðu þína | 2,91 | 23 | 3,01 | 83 | 2,68 | 154 | 2,56 | 48 |
| Mæta kröfum í lífinu, utan vinnunnar | 3,00 | 23 | 2,96 | 81 | 3,03 | 156 | 3,10 | 48 |

9.4 Samantekt

Í þessum hluta er fjallað um helstu niðurstöður varðandi tengsl náms í HA og atvinnu.

Í flestum tilvikum telja brautskráðir nemendur að menntunarstig þeirra henti núverandi starfi mjög eða frekar vel. Nærri helmingur svarenda telur að þegar á heildina sé litið þá noti þeir í mjög miklum mæli þá þekkingu og færni sem þeir öðluðust í námi. Í þeim tilvikum þar sem nám hentaði ekki starfi er starfið einfaldlega það áhugavert að viðkomandi hefur meiri áhuga á að sinna því. Hjá meira en helmingi svarenda stendur starf viðkomandi undir þeim væntingum sem gerðar voru til þess áður

en háskólanám hófst. Nær allir svarendur eru mjög eða frekar ánægðir með stöðu sína á vinnumarkaði.

Við útskrift var atvinna mikilvægust fyrir brautskráða nemendur en síðan kom heimili og fjölskylda og persónulegur þroski þar fast á eftir. Í dag telja brautskráðir nemendur að heimili og fjölskylda séu mikilvægust en síðan kemur atvinna ásamt persónulegum þroska. Þægilegt andrúmsloft, atvinnuöryggi, tækifæri til að nota þekkingu sína og færni og fjölbreytni eru þeir eiginleikar starfs sem svarendur meta mikilvægasta. Hins vegar eiga þessir eiginleikar ekki alveg eins vel við starf viðkomandi núna eins og hann hefði helst kosið. Jafnframt er áhersluröðin önnur.

Flestir svarendur hafa sótt endurmenntunarnámskeið og algengast er að hafa sótt þrjú námskeið. Í langflestum tilfellum sækja brautskráðir nemendur endurmenntunarnámskeið til þess að endurnýja þekkingu sína. Enda hefur hún gagnast brautskráðum nemendum best við að sinna starfi sínu og auðga það.

10. Lokaorð

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum úr viðhorfskönnun sem gerð var vorið 2005 meðal brautskráðra nemenda frá Háskólanum á Akureyri á árunum 1989 til 2002. Henni er ætlað að draga upp heilstæða mynd af viðhorfi nemenda til gildis og gagnsemi náms síns við Háskólann á Akureyri.

Almennt séð eru brautskráðir nemendur ánægðir með nám sitt við HA og hvernig það hefur nýst þeim til frekara náms og starfa sem viðkomandi hefur tekið sér fyrir hendur.

Það er ekki annað að sjá af þessum niðurstöðum að HA hafi búið nemendur sína að kostgæfni undir fjölbreytt störf í alþjóðlegu þekkingarsamfélagi og ljáð þeim trausta heimanfylgju til símenntunar og framhaldsnáms á fræðasviðum sínum. Alltaf er þó hægt að gera betur og geta háskólayfirvöld nýtt sér þær upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu við ákvörðunartöku og framtíðarskipulag náms í HA.